


INGUNN FJÓLA INGPÓRSDÓTTIR
Skenkir rauðvíni úr
gamalli kaffikönnu
heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÚTIVIST
Ísklifur nýtur vaxandi
vinsælda á Íslandi
sérblað um útivist
FYLGRIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



EKVADORSK MENNINGARHÁTÍÐ
Kópavogur tekur á
móti Suður-Ameríku
Sérblað um ekvadorska menningarhátíð
FYLGRIR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. september 2008 — 265. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Börnin í bröggunum

Íbúar gömlu braggahverfanna við Suðurlandsbraut hittast á nýjan leik.

TÍMAMÓT 16



Snýr Swayze aftur?

Óttar Guðnason kvikmyndatöku- maður vinnur að Point Break 2.

FÓLK 20



Björk lærir rússnesku

Björk Jakobsdóttir leikstýrir Sellófon í Rússlandi.

FÓLK 30


Ólafur í Árbæinn?

Talið er að Ólafur Þórðarson eða Zoran Miljkovic muni taka við liði Fylkis.

ÍPRÓTTIR 27



VEÐRIÐ Í DAG



LAGSTUR Í NORDRIÐ Í dag verða norðlægar áttir, víðast 5-10 m/s. Léttskýjað sunnan og vestan til, annars skýjað með köflum og stöku skúrir á víð og dreif. Hiti 4-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Slátrið slær í gegn í harðnandi árferði

Neysluvenjur breytast þegar kreppir að. Útlit er fyrir metár í slátursölu að sögn forstjóra Sláturfélags Suðurlands. Hann segir lifur lostæti með brúnni sósu.

NEYTENDAMÁL „Almennt er það nú svo að þegar kreppir að eykst slátursalan enda vart hægt að hugsa sér hagstæðari matarkaup,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. Og þetta virðist ætla að ganga eftir. „Það er kannski full snemmt að áætla svona því hefðbundin slátursala hófst síðastliðinn miðvikudag en ég gæti trúað að söluaukningin verði um þriðjtu til fjórðu prósents,“ segir hann.

Sigmundur Bjarki Garðarsson, svæðisstjóri í kjötdeild Hagkaupa í Skeifunni, segir slátursöluna þar hafa byrjað með „trukki“. „Við byrjuðum sölu á miðvikudag og

síðan þá hafa sendingarnar selst upp að minnsta kosti tvisvar,“ segir hann.

„Við höfum verið með slátur nú í um tvær vikur og ég myndi telja að salan væri tvöfalt meiri nú en í fyrra,“ segir Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss. Sigrún Jónsdóttir, verslunarstjóri Nóatúns á Selfossi, segir að árið í ár verði greinilega metár í slátursölu miðað við viðbrögðin síðustu daga. „Flest starfsfólkið sem vinnur hér hefur gert það til margra ára og það segist sjá það á þessum viðbrögðum að þetta verði ekkert venjulegt ár í slátursölunni,“ segir hún.

Guðmundur segir þetta til marks um breyttar neysluvenjur landsmanna. „Það er líka aukin sala á hveiti að undanfögnu,“ segir hann. „Fyrirtæki hafa verið að draga saman seglin og það stefnir allt í að það verði yfirvinnubann. Fólk hefur því ekki fengið að vinna eins mikið og það hefur viljað svo það snýr sér í auknum mæli að bakstrinum.“

Steindór segir nú lag fyrir fólk sem vilji spara að kaupa lifur. „Þetta er beinlaus vara sem hægt er að fá fyrir nánast smápeninga og er hreint lostæti með brúnni sósu; það færi vel á því að unga fólkið færi að kynna sér það.“ - jse



DAGVAKTIN Á STÓRA SKJÁNUM RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, bauð til bílabíós við Kringluna í gærkvöldi. Áhorfendur nutu Sódómu Reykjavíkur og Dagvaktarinnar, í útsendingu frá Stöð 2. Kristján Jóhann Bjarnason var meðal kyrrstæðra ökumanna og fylgdist spennur með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lífeyrissjóðir hafa fært fé til landsins til að kaupa verðtryggð ríkisskuldabréf:

Króna lækki ekki mikið meira

EFNAHAGSMÁL Lífeyrissjóðir telja að gengi krónu verði ekki mikið lægra og er þetta ein ástæða þess að þeir hafa verið að færa fé til landsins, að sögn Hrafns Magnússonar, framkvæmdastjóra Landsamtaka lífeyrissjóða.

Önnur ástæða fyrir því að

sjóðirnir færa peninga til landsins sé sú að útborgun lífeyris er verðtryggð. Í verðbólgu sæki þeir í að verðtryggja sig, meðal annars með kaupum á ríkisskuldabréfum, sem sé öruggari fjárfesting nú til dags en til dæmis erlend hlutabréf, segir Haukur.

Forsætisráðherra fundaði með seðlabankastjórum annan daginn í röð í gær, og nú ásamt fjármálaráðherra. Geir sagði efnahagsmál hafa verið rædd á breiðum grundvelli. Seðlabankinn skráði viðmiðunargengi evru sem rúmar 140 krónur á föstudag.

- kóp / sjá síðu 2 og 4



GEIR H. HAARDE Ráðherra býst við að gengislækkun síðustu daga gangi til baka.

Forsætisráðherra bjartsýnn:

Krónan mun ná sér á strik

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að gengislækkun síðustu daga muni ganga til baka. „Gengið verður þá veikara en það var í upphafi árs en sterkara en það er núna,“ sagði hann í Mannamáli, þætti Sigmundar Ernís Rúnarssonar í gærkvöldi.

Hann sagði tvær megin-skýringar á gengisfallinu; annars vegar gjaldeyrissskort á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hins vegar aðlögun á gengi krónunnar vegna stóriðjuframkvæmda.

Hann sagði enn fremur að björgunaraðgerðir í Bandaríkjunum sem kynntar verða í dag myndu hjálpa til og stuðla að frekara jafnvægi á mörkuðum. - jse

Umferðarsektir ökuþórs:

Skuldar 185 milljónir í sektir

BRASILÍA, AFP Brasilíska lögreglan hefur haft hendur í hári öku-manns sem skuldar tæplega tvær milljónir dollara, eða 185 milljónir íslenskra króna, í umferðarsektir.

Þegar hinn 36 ára gamli Armando Clemente da Silva var stöðvaður af lögreglu á miðvikudagskvöld uppgötvaðist að hann hefði verið sektaður nærri þúsund sinnum síðan árið 2001. Sektirnar fékk hann fyrir of hraðan akstur og að aka yfir á rauðu ljósi.

Silva sagðist aldrei hafa fengið sektirnar í hendurnar, vegna þess að hann hefði ekki haft tíma til að skrá bílinn á sitt nafn.

- kg

TOYS R US

NÚNA ÞARFTU AÐEINS AÐ SOFA Í 5 NÆTUR ÞAR TIL VIÐ OPNUM Í GRAFARVOGI

KORPUTORG 112 REYKJAVÍK

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

6 tommu bátur **329 kr.**

Gildir í sept 2008

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

SUBWAY

HjartaHeill

OPNUM EFTIR 5 DAGA!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGÍÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

KORPUTORGI

SPURNING DAGSINS



Jóhannes, er þetta ekki skandall?

„Jú, Kompás þyrfti að kanna málið.“

Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Kompás, sagði frá því í viðtali við Fréttablaðið að hann hefði verið rekin úr skóla þrettán ára.

Karlmaður þungt haldinn: Alvarlegt umferðarslys

SLYS Alvarlegt umferðarslys átti sér stað á mótum Hringbrautar og Miklubrautar klukkan hálf fjögur aðfaranótt sunnudags. Karlmaður á þrítugsaldri liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans eftir slysið, en hann var farþegi í bifreið sem ekið var austur eftir Miklubraut. Maðurinn gekkst undir aðgerð stuttu eftir slysið, en er haldið sofandi í öndunarvél.

Fjórir aðrir voru í bílnum og sluppu með minniháttar áverka, en ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að bíllinn lenti á stálgrindverki á umferðareyju. Málið er í rannsókn, en ekki liggur fyrir hvað olli slysinu.

- ag

Kjarnorkumál Írans: Samstaða um refsiaðgerðir

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier fagnaði í gær nýrri ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkumál Írans og sagði hana til marks um samstöðu alþjóðasamfélagsins. Hann hvatti Íransstjórn til að gefa „kjarnorku-ævintýri“ upp á bátinn.

Öryggisráðið samþykkti samhljóða nýja ályktun á laugardag þar sem ákveðið er að halda áfram þeim refsiaðgerðum sem áður hafði verið komið á gagnvart Írönum fyrir að neita að hætta auðgun úrans. Auk þess er Írönum boðinn ýmis ávinningur af því að sýna fullan samstarfsvilja.

Árlegt allsherjarþing SP stendur nú yfir í höfuðstöðvum samtakanna í New York.

- aa

2

FRÉTTABLAÐIÐ

29. september 2008 MÁNUDAGUR

Kvikmyndaframleiðandi af frægri fjölmiðlaætt:

Gerir heimildarmynd um Fischer



HARRISON BOHRMAN Faðir Harrison fylgdist með einvíginu árið 1972 fyrir sjónvarpsstöð í Los Angeles.

Stan, afi minn, var þá á sömu stöð og sagði frá einvíginu heima í Kaliforníu. Þess má til gamans geta að Fischer, sem oft kvartaði

yfir óhljóðum meðan á einvíginu stóð, lét fðður minn eitt skiptið heyra það þegar hann var að taka utan af sælgætismola. En afi minn fjallaði einnig um Fischer á sínum fjölmiðlaferli.“

Þess má geta að David, faðir Harrison, er stjórnamaður í CNN-fréttastöðinni og hefur nú umsjón með umfjöllun stöðvarinnar um forsetaslaginn þar í landi. Stan, afi Harrison, stjórnaði spjallþætti með Maríu Cole, ekkju Nat King Cole. Harrison kemur hingað til lands á morgun en heimildarmynd hans Bomb It verður sýnd á Kvikmyndahátíð Reykjavíkur sem nú fer fram. -jse

Segir löngu áformað að losna við Jóhann

Valgerður Sverrisdóttir segist telja að sjálfstæðismenn hafi áformað að koma Jóhanni R. Benediktssyni, fyrrverandi undirmanni sínum, úr embætti. Lögreglustjórar styðja dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóri gagnrýnir Jóhann R.

LÖGGÆSLUMÁL Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra, segist telja að sjálfstæðismenn hafi lengi haft áform um að bola Jóhanni R. Benediktssyni, fráfarandi lögreglustjóra, frá embætti. Í þeim tilgangi hafi þeir látið vera að mæta fjárhagsvanda embættisins.

Valgerður var yfirmaður Jóhanns þegar hann var sýslumaður á Keflavíkurlflugvelli fyrir sameiningu lögregluembættanna sem tók gildi 1. janúar 2007.

„Þegar ég var utanríkisráðherra var verið að ræða að fá aukafjárveitingu til þess að klippa á skuldahala embættisins og það virtist vera nokkur samstaða um það,“ segir hún.

„En svo allt í einu komu skilaboð að ofan, ég veit ekki alveg hvaðan, um að slíkt skyldi ekki gert. Svona eftir á að hyggja datt mér í hug að ástæðan hefði verið sú að þeir (sjálfstæðismenn) hefðu skipulagt frá upphafi að losa sig við Jóhann og þess vegna ekkert verið að bæta stöðu hans.“



JÓHANN R. BENEDIKTSSON



HARALDUR JOHANNESSEN

FYRRVERANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA Valgerður Sverrisdóttir segist telja að sjálfstæðismenn hafi lengi haft áform um að bola Jóhanni R. frá embætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögreglustjórafélag Íslands lýsir hins vegar yfir eindregnum og óskoruðum stuðningi við dómsmálaráðherra og starfsmenn dómsmálaráðuneytisins. Þetta kemur fram í tilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sendi einnig frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann undrast framgöngu Jóhanns í fjölmiðlum síðustu daga. Enn fremur segir þar: „Skipulagsbreytingar hafa reynt á hæfni og getu yfirmanna og hafa þeir sýnt festu og áræðni til að ná settum markmiðum. Um þetta hefur verið samstaða meðal allra lögreglustjóra. Einn úr hópnum kys nú að fara aðra leið. Það er hans val.“

Aðspurð um viðbrögð Lögreglustjórafélagsins segir Valgerður: „Það er náttúrulega svo að Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að raða gjörsamlega inn í þetta kerfi og alveg upp í Hæstarétt, svo að menn verða náttúrulega að standa réttu megin við línuna þegar svona mál koma upp.“

„Ég skil vel þá stöðu sem þeir (lögreglustjórar) eru í og ég óska bara mínum gömlu og góðu starfsbræðrum velfarnaðar,“ segir Jóhann um yfirlýsingu félagsins. Spurður um viðbrögð dómsmálaráðherra í Fréttablaðinu í gær og yfirlýsingu ríkislögreglustjóra segir hann: „Ég hef útskýrt mín sjónarmið og hef engu við þau að bæta.“

jse@frettabladid.is

Slys á Nesjavallaleið: Féll af fjórhjóli niður í gil

SLYS Kona á þrítugsaldri lenti ofan í gili eftir að hún missti stjórn á fjórhjóli sem hún ók á Nesjavallaleið í gær.

Tvær konur voru á hjólinu þegar þær komu að gilsbrún í Foldadal og snögghemluðu. Við það féll önnur konan af hjólinu og rann nokkra metra ofan í gil þar sem hún skorðaðist á milli steina. Fjórhjólið valt einnig niður gilið og lenti á konunni með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á brjóstholi. Hin konan slapp með minniháttar meiðsl en slökkvilið var kallað til auk þess sem björgunarsveitarmenn úr Ársæli komu til aðstoðar.

- ag



GÍSLATAKA Ferðamenn skoða forn-egyptsk hof í Philae við Aswan í S-Egyptalandi. Evrópskum ferðamanna-hópi var rænt í eyðimörkinni fyrir viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eltingarleikur í eyðimörkinni: Meintir mann-ræningjar felldir

SÚÐAN, AP Súðanskir hermenn og átta menn frá Tsjad sem tóku þátt í að ræna hópi evrópskra ferðamanna áttu í æsilegum eltingarleik um eyðimörkina í gær sem lyktaði með skotbardaga. Allir mann-ræningjarnir utan tveir voru felldir. Hinir tveir sögðu minnst 35 vopnaða menn gæta gíslanna á tilteknum stað í Tsjad. Þetta uppfýsti talsmaður Súðanshers í gær.

Ellefu ferðamenn og átta egypskir fylgdarmenn þeirra voru teknir til fanga af mannræningjum í eyðimörkinni syðst í Egyptalandi fyrir viku. Að því er virðist var farið með þá til svæðisins þar sem landamæri Egyptalands, Súðans, Tsjad og Líbýu mætast.

- aa

SÓMALÍA

Krefjast lausnargjalds

Talsmaður sómalskra sjóræningja tjáði AP-fréttastofunni í gær að samtök hans krefðust 20 milljóna Bandaríkjadala, andvirði um 185 milljóna króna, í lausnargjald fyrir úkraínsk flutningaskip hlaðið rússneskum skriðdrekum sem ætlaðir voru Keníaher. Bandarískt herskip var á eftirlitssiglingu undan strönd Sómalíu í gær og rússneskt herskip er á leiðinni þangað.



Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Pevaryl® („Pevaryl Depot“ (ekónazol) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fánlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfarum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki antíabörnnum. Þeir sem hafa snertofnami fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðlað hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömrunu fylgja lyfinu. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafið markableyfis: Janssen-Cilag AB. Umbod á Ísland: Vítor Hl., Hörgatún 2, Garðabæ.

Lífeyrissjóðirnir biðja þess að botninum verði náð í efnahagsþrengingum:

Voru á undan þingmönnum

EFNAHAGSMÁL Stærri lífeyrissjóðir á almenna markaðnum hafa nú þegar tekið stöðu með krónunni í gjaldeyrisskiptasamningum, að mati Gunnar Páls Pálssonar, formanns stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna og stjórnamanns í lífeyrisnefnd ASI.

Í sama streng tekur Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Þetta hafi staðið yfir allt síðan í vor.

Sjóðirnir hafi því verið „töluvert á undan þeim þingmönnum [Helga Hjörvari og Steingrími J. Sigfússyni] sem viðrað hafa þessa skoðun sína um tilflutning erlendra eigna,“ segir Hrafn.

Gunnar Páll telur að brátt verði komið að endimörkum þessara tilflutninga.

„Að því er manni skilst eru þeir meira og minna búnir að flytja fjármunina til landsins,“ segir

Gunnar Páll. En geta lífeyrissjóðirnir þá beitt sér að einhverju leyti til að bæta efnahag þjóðarinnar?

„Það er ekkert annað sem okkur hefur dottið í hug, nema að þegar botninum verður náð er gott tækifæri að kaupa hlutabréf,“ segir Gunnar Páll.

Um þetta segir Hrafn: „Einhverntíma verður botninum náð og þá taka menn spyrnuna.“

- kóp





GUNNAR PÁLL PÁLSSON


HRAFN MAGNÚSSON

Lífeyrissjóðir hafa lánað sautján milljarða

Lífeyrissjóðir lánuðu til íbúðakaupa fyrir eina sautján milljarða fyrstu sjö mánuði ársins, að sögn Hrafn Magnússonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hann segir þessi útlán lífeyrissjóða hafa aukist mikið og jafnast þeir nú á við hálfan íbúðalánasjóð að þessu leyti.

„Það vill oft gleymast að lífeyrissjóðirnir lána alveg geysilega mikið til sjóðfélaga sinna,“ segir Hrafn. Þetta hafi eflaust haft einhver áhrif á íbúðamarkaðinn.



Tveir nýir hjá Nova!

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann
og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði
– hljómar vel ekki satt. Skiptu núna!

**0 kr. Nova
í Nova**

Símtöl, myndsímtöl,
SMS og MMS milli
viðskiptavina Nova
kosta ekki krónu!

Sony Ericsson G502

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Nokia 5320 ExpressMusic

útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 28.900 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GENGIÐ 26.09.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	96,57	97,03
	Sterlingspund	177,48	178,34
	Evra	140,72	141,5
	Dönsk króna	18,858	18,968
	Norsk króna	16,986	17,086
	Sænsk króna	14,518	14,604
	Japanskt jen	0,916	0,9214
SDR		151,55	152,45
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
184,1072			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Jón Ólafsson: Vill leggja rafmagnsjárnbraut

ÞORLÁKSHÖFN Jón Ólafsson, annar stofnandi Icelandic Glacial, segist vilja leggja rafmagnsjárnbraut frá verksmiðju Icelandic Water Holdings ehf. í landi Hlíðar-enda í Ölfusi niður að höfninni í Þorlákshöfn, verði höfnin stækkuð. Þetta kom fram við opnun verksmiðjunnar síðastliðinn föstudag. Ekki hefur verið ákveðið hvort höfnin verði stækkuð.

Um fjörutíu manns vinna í verskmiðjunni sem er í gangi allan sólarhringinn, en að meðaltali eru framleiddar 30.000 hálfslitra flöskur á klukkustund.

Kosið í Hvíta-Rússlandi: Stjórnarandstaðan svartstýn

HVÍTA-RÚSSLAND, AP Hvítrússar gengu í gær til þingkosninga sem talsmenn stjórnarandstöðunnar sögðu stjórnmöld hafa hagrætt fyrirfram.



ALEXANDER LUKASHENKÓ

marklausar. Í síðustu kosningum var stjórnarandstöðingum bannað að bjóða fram.

Alls öttu 263 frambjóðendur, þar af 70 frá stjórnarandstöðunni, kappi um 110 sæti á þjóðþinginu í Mínsk.

Sambýlisfólk til átján ára ákvað að nota hvíldartímann í Breiðdalsá til að gifta sig:

Par pússað saman við Prestastreng

FÓLK „Ég var búinn að fá tvo laxa fyrir hádegi og við ákváðum að fleygja frá okkur stöngunum og drífa í að gifta okkur,“ segir Guðjón Þór Pétursson, sem nýlega gekk í það heilaga með unnustu sinni og veiðifélaga Ölöfu Önnu Jónsdóttur. Athöfnin fór fram við Prestastreng í Tinnudalsá, sem tilheyrir vatnasviði Breiðdalsár.

Guðjón Þór segir að dagurinn hefði ekki getað verið eftirminnilegri eða betri. „Við notuðum hvíldartímann til að láta pússa okkur saman. Kunningjafólk okkar stakk upp á þessu og við létum til leiðast.“ Guðjón og Ölöf fóru einskis á mis við að gifta sig í veiði-

húsi austur á landi. Leigutaki árinna, Strengir, bauð til veislu um kvöldið þar sem fram var borið hreindýrakjöt og humar.

„Þetta er sennilega flottasta veiðihús við íslenska á og leigutakinn var búinn að taka svítuna frá fyrir okkur. Þar var búið að strá rósablöðum um allt og okkar beið kampavín og jarðarber í heitu súkkulaði. Er hægt að biðja um meira?“ Guðjón segir þau Ölöfu eiga allt til alls og söknuðu ekki gjafanna. „Við fengum reyndar buffhamar í brúðargjöf. Það var það eina sem okkur vantaði og svaramaðurinn minn keypti hann í Freysnesi á leiðinni í bæinn.“ - shá



VILT ÞÚ? Séra Gunnlaugur Stefánsson frá Heydölum í Breiðdal sá um vígsluna. MYND/GUÐJÓN

Fólki blöskrarar ástandið

Krónan fellur stöðugt, afborganir lána reynast mörgum þungar í skauti og vöruverðið hækkar. Almenníngur finnur fyrir niðursveiflunni. „Ekki fer framhjá neinum að vörurnar hækka,“ segir hagfræðingur ASÍ.

EFNAHAGSMÁL Krónan fellur stöðugt. Forsendur kjarasamninga frá því í vetur eru löngu brostnar og samningaviðræður fyrirsjáanlegar í haust. Vöruverð hækkar og afborganir lána verða stöðugt erfiðari. Kjararáð hefur úthlutað stjórnmálamönnum og embættismönnum launahækkun afturvirktil til 1. maí. Forystumenn verkafélaga segja að almenníngur finni verulega fyrir niðursveiflunni.

„Við finnum verulega fyrir stöðunni í efnahagsmálunum. Alls staðar í samfélaginu er umræða um verðlagið og hvernig allt er að hækka. Við finnum hvernig skuldir hafa hækkað gríðarlega á undanförunum málum og sjáum það á skuldum heimilanna. Þetta leggst allt á einn tímupunkt og er þungt á sama tíma og margt annað í samfélaginu virðist vera í mjög slæmu ástandi,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

„Ég vísa til þess hvernig hlutabréfamarkaðirnir hafa verið að falla. Kallað er eftir aðgerðum en menn virðast vera ráðalítillir um hvað eigi að gera. Við söknum þess mest að ekki skuli vera sest að alvöru viðræðum um hvernig skuli spyrnt við fótum í þessari stöðu,“ segir hann og bendir á að á sama tíma og fulltrúar Reykjavíkurborgar geti ekki haldið borgarráðsfund hækki Orkuveita Reykjavíkur gjaldskrána um tæp tíu prósent og hækkunin sé staðfest af iðnaðarráðherra, gjaldskrá Símans hækki um fjögur prósent og tryggingafélögin hækki iðgjöldin.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, segir að fólk sé áhyggjufullt. „Það fer ekki framhjá neinum að vörurnar hækka úti í búð. Fólk blöskrar. Það er slegið og veltir fyrir sér hvað þetta geti gengið lengi,“ segir hún. ghs@frettabladid.is

Matvara hækkað úr öllu valdi

„Þróunin er skelfileg. Heimilin finna svakalega fyrir niðursveiflunni, ekki bara ég heldur allir. Lánin hafa hækkað gífurlega og öll matvara er komin upp úr öllu valdi, að ekki sé talað um verð á flíkum,“ segir Inger Steinsson útfarastjóri.

„Mér finnst ekkert vera að gert. Ráðamenn segjast gera heimikið en mig langar til að vita hvað það er.“



INGER STEINSSON

Lánin hækkað um hálfa milljón

„Ég finn verulega fyrir niðursveiflunni í þjóðfélaginu, bæði finn ég það í hærri lánum á bílum og öðrum lánum hjá manni. Þau hafa hækkað um hálfa milljón,“ segir Kjartan Hauksson sjómaður.

„Mér finnst að stjórnmöld eigi að gera eitthvað í þessum málum en þau virðast ekki vera að gera neitt eins og er,“ segir hann.



KJARTAN HAUKSSON

Aðgerðir hafa ekki skilað sér

„Mér finnst niðursveiflan alveg hryllileg. Ég held að fólk sé alveg örugglega farið að finna fyrir niðursveiflunni því þetta kemur fram í afborgunum af reglulegum lánum, bæði bílalánunum og neyslulánunum,“ segir Reynir Matthíasson verslunarmaður.

„Aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka virðast ekki hafa skilað sér.“



REYNIR MATTHÍASSON

Verst fyrir stórar fjölskyldur

„Fólk er farið að finna fyrir samdrætti í efnahagslífinu, sérstaklega stærri fjölskyldur, í helstu nauðsynjunum,“ segir Árni Sveinsson, starfsmaður Verslunarskóla Íslands.

„Allir eru skuldsettir þannig að hærri vextir segja fljótlega til sín,“ segir hann og treystir því að stjórnmöld gripri inn í af alvöru. „Mér finnst lítið koma þaðan.“



ÁRNI SVEINSSON

Allar vörur eru dýrari en áður

Þórhildur Briem, nemandi í Verslunarskóla Íslands, telur að fólk sé farið að finna eitthvað fyrir kreppunni. Hún bendir á að nú séu allar vörur mun dýrari en áður.

„Ég veit ekki alveg hvort nóg sé gert til að stemma stigu við þessari þróun,“ segir hún og segist ekki hafa neinara lausnir á efnahagsvandanum á reiðum höndum.



ÞÓRHILDUR BRIEM

Ríkisstjórnin er of kraftlítill

„Ég hef mestar áhyggjur af afborgunum lána. Fólk er almennt mjög skuldsett. Vextir eru háir, sennilega hæstir í Evrópu, og það er alvarlegt, sérstaklega þegar húsnæði er á 100 prósentu lánunum,“ segir Monika Karlsdóttir, starfsmaður á Grensásdeild.

„Fólk vinnur mikið en strax og það missir vinnu lendir það í vandræðum. Ríkisstjórnin er kraftlítill.“



MONIKA KARLSDÓTTIR

Ekkert gert við þróuninni

„Fólk er örugglega farið að finna fyrir kreppunni, sérstaklega við matarinnkaupin,“ segir Ágústa Hólm öryrki. „Svo á að fara að hækka gjaldskrá heita vatnsins hjá Orkuveitunni og það verða fleiri hækkanir í haust. Ég á von á því að afnotagjöld RÚV hækki.“

Ágústa telur að ekkert sé gert til að stemma stigu við þróuninni.



ÁGÚSTA HÓLM

Hærra matarverð segir til sín

Anna Þóra Óskarsdóttir hjúkrunarfræðingur telur að fólk sé farið að finna allverulega fyrir niðursveiflunni, „til dæmis fyrir það fyrsta í hækkunum á matarverði,“ segir hún.

„Ég er ekki lærð kunnáttumanneskja á sviði efnahagslífsins og get kannski ekki svarað því hvort nóg sé að gert, ég hef ekki skoðun á því hvað væri hægt að gera.“



ANNA ÞÓRA ÓSKARSDÓTTIR

www.ellingsen.is




DEVOLD®

Ullarnærfötin frá Devold halda hita á barninu allan ársins hring. Heimsþekkt gæðamerki.



– fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ



Á MORGUN 10-18 m/s NV-til og SA-til, annars 5-13 m/s.

MIDVIKUDAGUR 13-18 m/s með austurströndinni, annars 5-10.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	14°
Ósló	11°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	15°
London	16°
Paris	18°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	19°
Berlín	14°
Alicante	25°
Mallorca	26°
Basel	18°
Eindhoven	16°
Las Palmas	26°
New York	24°
Orlando	29°
San Francisco	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ertu að leita að bestu Vöxtunum? **16,80%**

Allt að 16,80%* vextir á óbundnum sparnaðarreikningum hjá S24



Stofnaðu reikning... **www.s24.is**

533 2424 – Sætún 1

KJÖRKASSINN



Á að setja framkvæmdirnar á Kársnesi í umhverfismat?

Já

70%

Nei

30%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú sigur FH í Landsbanka-deildinni vera verðskuldaðan?

Segðu skoðun þína á visir.is



Minningarathafnir í Finnlandi um fórnarlömb fjöldamorðsins í Kauhajoki:

Finnar hvattir til sjálfsgagnrýni

FINNLAND, AP Finnar söfnuðust saman í kirkjum landsins í gær til að minnst fórnarlamba fjöldamorðsins í Kauhajoki. Í safnaðarkirkju Kauhajoki-bæjar fór fram opinber minningarathöfn að viðstöddum Törju Halonen forseta, ráðherrum og fleiri fyrimennum finnsks samfélags. Athöfninni var útvarpað og sjónvarpað beint um allt landið. „Sorg hefur gripið okkur öll. Það er kominn tími til alvarlegrar sjálfsgagnrýnninnar ihugunar,“ sagði Simo Peura biskup, sem stýrði athöfninni. Það var í iðnskóla í þessum friðsæla bæ í suðvesturhluta

Finnlands sem hinn 22 ára Matti Saari skaut núu sammema sína og einn kennara, kveikti í og skaut sig síðan sjálfur síðastliðinn þriðjudag. Þetta var önnur skóla-skotárásin í Finnlandi á innan við ári. Stjórnmalámennt, félagsmála-starfsfólk og kirkjunnar menn hafa kallað eftir strangari reglum um byssueign og að vökulla eftirlit verði haft með netsíðum sem ungumenni sækja í. Báðir byssumennirnir sem frömdu skólaárásirnar tvær birtu á YouTube-síðunni myndband af sér skjótandi af byssum áður en þeir létu til skarar skríða. - aa



SORG Kerti fyrir utan iðnskólann í Kauhajoki til minningar um fórnarlömbin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pókerfót enn hjá lögreglu:

Engin ákvörðun um ákæru

LÖGREGLUMÁL Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um hvort ákæra verði gefin út á hendur manni sem stóð fyrir pókerfóti í júní í fyrra. Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður mannsins, segir að svo virðist sem lögregla viti ekki hvernig eigi að snúa sér í málinu. Auk þess sé greinilega mikið að gera hjá saksóknara embættisins. Rúmlega fimmtán mánuðir eru frá því lögregla stöðvaði opið pókerfót í Reykjavík. Lögreglan lagði hald á verðlaunafé og búnað til spilamennsku, og hefur það verið í vörslu lögreglu síðan. - bj

Loksins á Íslandi

Alvöru orkudrykkur







ÁFANGI Henry Paulson fjármálaráðherra ávarpar fréttamenn eftir fundinn í Washington í fyrrinótt. Honum til sinnar hvorrar handar standa Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, og Harry Reid, forseti öldungadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkomulagi náð um björgunaráætlun

Marabonsamningafundi forystumanna Bandaríkjaþings með fulltrúum ríkisstjórnar George W. Bush forseta lyktaði í fyrrinótt með grundvallarsamkomulagi um að þingið samþykkti björgunaráætlun stórnarinnar fyrir fjármálakerfi landsins.

BANDARÍKIN, AP Samkomulag um meginatriði björgunaráætlunar Bandaríkjaþings fyrir fjármálakerfi landsins tókst í fyrrinótt á marabonfundum forystumanna úr báðum deildum Bandaríkjaþings með Henry Paulson fjármálaráðherra og fleiri fulltrúum ríkisstjórnar George W. Bush forseta. Áætlunin kveður á um heimildir til stjórnvalda til að kaupa „frosnar“ kröfur og „eitraða“ skuldabréfavafninga fjármálafyrirtækja fyrir sem nemur allt að 700 milljörðum dala, andvirði 65.000 milljarða króna á núverandi gengi, í því skyni að stöðva kreppuna sem fjármálakerfið er komið í. Hún er talin sú versta sem yfir bandarískt efnahagslíf hefur riðið síðan í kreppunni miklu á fjórða áratugnum.

Þingmenn sem voru á samningafundinum sögðust vonast til að fulltrúadeildin myndi samþykka áætlunina í dag, mánudag, og öldungadeildin á morgun. Forsetaframbjóðendur beggja stóru flokkanna, repúblikaninn John McCain og demókratinn Barack Obama sem báðir eiga sæti í öldungadeildinni, sögðust báðir sennilega myndu styðja afgreiðslu áætlunarinnar. Meðal síðustu atriðanna sem samdist um var að demókratar féllust á kröfu þingmanna úr röðum repúblikana um að í frumvarpinu yrði ríkissjóði frekar gert að bjóða tryggingar fyrir föllum fasteignaveðlámum frekar en að hann keypti þau. Með þessari ráðstöfun á útgjaldaaukning sambandsríkissjóðsins af þessum völdum að haldast innan marka.

Annað atriði sem braut ísinn í samningaviðræðunum og er talið mikilvægt til að tryggja stuðning miðjubingmanna í báðum flokkum er að ríkisstjórninni beri eftir fimm ár að leggja áætlun fyrir þingið um það hvernig endurheimta mætti eitthvað af töpuðu fé úr „björgunaraðgerðunum“. Málamiðlunin kveður enn fremur á um að þingið hafi meira að segja um eftirlit með því hvernig björgunaraðgerða-fénu er varið en Bush-stjórnin vildi að það hefði. Samkvæmt þessu mun þingið fyrst heimila stjórninni að nota 250 milljarða dala, síðan 100 milljarða til viðbótar ef forsetinn færði sönnur á að það væri nauðsynlegt, og síðustu 350 milljarðana yrði þingið líka að samþykka sérstaklega.

audunn@frettabladid.is

Formaður Evrópunefndarinnar segir stjórnmalámennt ekki mega lifa í tómarúmi:

Allt mögulegt á kjörtímabilinu

EFNAHAGSMÁL Spurningin um Evrópusambandsaðild er ekki dæmd til að biða næsta kjörtímabils því aðstæður þjóðarinnar hafa gjörbreyst síðan stjórnarsáttmálinn var gerður milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, segir Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður Evrópunefndarinnar og varaformaður Samfylkingar. Hann telur að stjórnmalámennt hljóti að taka mið af þessu, enda megi þeir ekki lifa í tómarúmi. Afstaða til aðildar að Evrópu-



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

sambandi og evru eigi ekki að vera eins og trúarbrögð, hvort sem menn eru með eða á mót, heldur eigi að fara fram kalt hagsmunamat. „Það þarf að meta hvað þjónar íslenskum hagsmunum best, „hagsmunamat“ er orðið sem

forsætisráðherra hefur alltaf notað. Við hljótum að fara í gegnum þá vinnu,“ segir Ágúst Ólafur. Þetta sé einmitt hlutverk stjórnmalámennta. „En staðan er auðvitað sú að fjórir af fimm flokkum vilja ekki ganga í ESB og það er erfiðt að fara þarna inn, meðan svo er.“ Þangað til sé til lítills að vonast eftir erlendra fjárfestingu í öðru en álverum eða í gegnum fjárfestingarsjóði í íslenski eigu. - kóp

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Sameinum fjölskyldur



Göngum til góðs til að sameina fjölskyldur sem sundrast hafa vegna stríðsátaka.

Styrjaldir og náttúruhamfarir sundra fjölskyldum víða um heim. Landsöfnunin „Göngum til góðs“, þar sem sjálfboðaliðar ganga í öll hús á landinu og safna framlögum, er að þessu sinni helguð leitar- og skilaboðþjónustu Rauða krossins. Rauði krossinn hjálpar fólki að finna horfna ástvini og sameinast þeim.

Landssöfnun Rauða krossins, laugardaginn 4. október.

Sjálfboðaliðar skrá sig á www.raudikrossinn.is eða í síma 570 4000 í 2 klst. hressandi göngutúr fyrir gott málefni.



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða frægi kvikmyndaleikari lést í Westport í Connecticut í fyrradag?
2. Hvaða lið endaði í þriðja sæti í Landsbankadeildinni?
3. Héraðsdómur Reykjavíkur felldi nýverið úr gildi úrskurð umhverfisdómsráðgjafar um Vestfjarðaveg. Hver var umhverfisdómsráðgjafinn sem gaf úrskurðinn?

SVÖR Á SÍÐU 30



HAIDER FAGNAR Jörg Haider, t.h., gleðst ásamt samherjum yfir fyrstu tölum í höfuðstöðvum BZÖ í Klagenfurt í gærkvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingkosningar í Austurríki:

Jafnaðarmenn með forystu

AUSTURRÍKI, AP Samkvæmt bráðabirgðauðrslitum þingkosninganna í Austurríki í gær er Jafnaðarmannaflokkurinn áfram stærstur og heldur þar með tilkalli til að fara fyrir ríkisstjórn.

Þegar flest atkvæði höfðu verið talin voru jafnaðarmenn með 29,8 prósent en hinn íhaldssami Þjóðarflokkur, ÖVP, 25,6 prósent. Þessir tveir flokkar hafa starfað saman í ríkisstjórn undanfarið kjörtímabil og það er vilji beggja að halda því áfram.

Athygli vekur að báðir hægrijaðarflokkarnir fengu góða kosningu eða samtals yfir 29 prósent; Frelsisflokkurinn 18 prósent og Bandalag um framtíð Austurríkis, BZÖ, 12 prósent. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brotist inn í sumarhús

Brotist var inn í sumarhús við Flúðir og í Vaðnesi um helgina. Málin eru bæði óupplýst. Töluvert hefur verið um innbrot í sumarbústaði að undanförnu, að sögn lögreglunnar á Selfossi.

Bílvelta á Norðfjarðarvegi

Tveir voru í bíl sem valt á Norðfjarðarvegi á þriðja tímanum í nótt. Öku- maður var fluttur með sjúkralugi til Reykjavíkur, en farþegi bílsins slapp með minniháttar meiðsl.

Forseti Íslands afhenti verðlaun í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda:

Stúlkur sigruðu í öllum flokkum

NÝSKÖPUN Metþátttaka var í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda í ár með 3.630 innsendum hugmyndum, en lokahóf og verðlaunaafhending fór fram í húsnæði Marels í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hélt hátíðar- ávarp og veitti verðlaun, en hann sagði keppnina ekki einungis merkan þátt fyrir grunnskóla landsins heldur þjóðfélagið í heild sinni.

Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum: Orku og umhverfi, Slysavörnum, Tölvuleikjum og hugbúnaði og Almennum flokki. Stúlkur báru sigur úr býtum í öllum flokkunum og hlutu peningaverðlaun, farsíma og gjafabréf auk verðlaunagrips sem var hannaður af Atla Þór Fanndal, fyrrverandi keppanda í NKG. Hann hannaði kökupaða fyrir rúllutertur sem klemmir sneiðina svo hún fer ekki í sundur þegar hún er færð á disk. Atli tók þátt í NKG

árið 1977, þegar hann var nemandi í Folda- skóla, og segir keppnina hafa breytt lífi sínu með auknu sjálfstrausti og forðað honum frá einelti á yngri árum.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, afhenti farand- bikarinn sem fer til þess skóla sem sendir inn flestar hugmyndir miðað við fjölda nemenda. Bikarinn hlaut Þjórsárskóli sem sendi inn 61 umsókn, en 56 nemendur eru í skólanum og var öllum umsóknunum skilað rafrænt.

Sýning á 46 hugmyndum þeirra barna sem tóku þátt í úrslitum keppinnar var einnig opnuð í gær og verður opin næstu tvo daga. - ag

FORSETINN AFHENTIR VERÐLAUN Lovísa H. Svavars- dóttir úr Grundaskóla tekur við verðlaunum fyrir Vatns- verk í flokknum Orka og umhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sjávarfang selt fyrir 145 milljarða á árinu

Útflutningur sjávarafurða nam 89 milljörðum króna fyrstu sjö mánuði ársins.

Skuldir sjávarútvegsins nema 385 milljörðum. Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað mikið á undanförunum árum. Aðeins fimm rækjuvinnslur eru starfandi.

SJÁVARÚTVEGUR Áætlað er að útflutningsverðmæti sjávarafurða nemi 145 milljörðum króna á þessu ári. Á fyrstu sjö mánuðum ársins nam útflutningsverðmætið 89 milljörðum. Á síðasta ári var útflutningsverðmætið um 128 milljarðar. Hafði það auk- ist um þrjá milljarða frá 2006.

Þetta kom fram í máli Arnars Sigurmundssonar, formanns Sam- taka fisk- vinnslustöðva, á aðalfundi samtakanna á föstudag.

Verðmæti flestra afurðaflokka hefur hækkað verulega á þessu ári frá því sem var í fyrra. Skýr- ist það að mestu að lækkun á gengi krónunnar, sem skilar sér í hærri skilaverði til framleið- enda.

Arnar fjallaði um skuldir sjávar- útvegsins og tíundaði nýjar upp- lýsingar sem Seðlabankinn tók saman fyrir samtökin. Samkvæmt þeim er áætlað að heildar bruttó- skuldir sjávarútvegsins hafi numið 385 milljörðum króna í júnílok en talið er að þær hafi numið 309 milljörðum um síðustu áramót. Helgast hækkunin fyrst og fremst af gengislækkun krón- unnar en nánast öll bankalán sjáv- arútvegsins eru í erlendum gjald- miðlum. Arnar tók fram að á bak við þessar skuldir stæðu gríðar- legar eignir í skipum, veiðiheim- ilum, fasteignum, tækjum,



HAFNARFJARÐARHÖFN Um 4.300 manns eru á sjó, og í fiskvinnslufyrirtækjum eru um 3.800 störf. Alls eru því um 8.100 störf í sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

birgðum og búnaði auk mikillar þekkingar og mannaúts.

Störfum í fiskvinnslu hefur fækkað mjög mikið á undanförun- um árum. Er áætlað að í fisk- vinnslufyrirtækjum séu nú um 3.800 heildsdagsstörf sem er fækk- un um allt að 600 störf frá síðasta ári. Um 4.300 manns eru á sjó og því eru um 8.100 störf í sjávar- útvegi. Upplýsingar Hagstofu og Vinnumálastofnunar sýna að um 1.300 erlendir starfsmenn vinna við fiskvinnslu á Íslandi en það er

um þrjátíu prósent af heildar- starfsmannafjölda.

Í ræðunni upplýsti Arnar að aðeins fimm rækjuvinnslur væru starfandi í landinu. Ekki er langt síðan þær voru hátt í tuttugu. Nær öll rækja sem unnin er er innflutt iðnaðarrækja. Skilaverð rækju var um 500 krónur á kíló fram til 2001 en tók svo að lækka og var um 400 krónur um síðustu áramót. Síðan þá hefur orðið nokkur verðhækkun.

bjorn@frettabladid.is



TAP Erwin Huber og Günther Beckstein, leiðtogar CSU, niðurlútir í München í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið í Bæjaralandi:

CSU missir meirihlutann

MÜNCHEN, AP Íhaldsmenn í Bæjaralandi, sem hafa haft meirihluta á fylkisþinginu í hátt í hálfa öld, virtust ætla að tapa honum þegar fyrstu tölur voru birtar eftir kosningar þar í gær.

Útlit var fyrir að CSU, systur- flokkur hins Kristilega demó- krataflokks Angelu Merkel kanslara, myndi fá 43 prósent atkvæða. Það telst mikið afhröð þar sem flokkurinn fékk 60,7 prósent í síðustu kosningum.

Jafnaðarmannaflokkurinn virtist að visu ekki ætla að fá meira en 19 prósent atkvæða, en græningjum, frjálsu demókröt- um og Frjálsu kjósendum, klofningsframboði frá CSU, var spáð samtals yfir 27 prósentum.

Hugsanlegt er að jafnaðarmenn geti samið við smærri flokkana um myndun nýs meirihluta. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vildu ekki upplýsi hver ók

Ekið var aftan á bíl á Akrafjallsvegi rétt eftir miðnæti aðfaranótt sunnu- dags með þeim afleiðingum að bill- inn sem ekið var á fór út af veginum og valt. Lögreglan á Akranesi segir að í fyrstu hafi enginn af þeim fjórum sem voru í bílnum sem olli árekstr- inum viljað kannast við að hafa verið undir stýri. Það var ekki fyrr en seint í gær að einn fjórmennninganna viðurkenndi að hafa ekið. Hann getur átt yfir höfði sér ökuleyfisvöngu og háa sekt.

Allt að **16,85%** vextir ...

Þeir sem stofna **SPRON Vaxtabót** á Netinu fyrir 3. nóvember nk. fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti*

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

... **+10%** vaxtaauki!

spron
- bankinn þinn

NORÐURBAKKI

LÚXUSÍBÚÐIR Á SJÁVARLÓÐ Í HAFNARFIRÐI



Sýningaríbúð opin í dag frá 17 til 18

ÞAÐ SEM FLESTIR ÓSKA SÉR ...

...GÓÐ OG FALLEG HÖNNUN · VÖNDUÐ BYGGING · VEÐURSÆLD · FALLEGT UM-HVERFI · GULLFALLEGT ÚTSÝNI · NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRU · ÞJÓNUSTA VIÐ DYRNAR...

Allt þetta býður ATAFL nú í stórglæsilegum lúxusíbúðum í nýju bryggjuhverfi á Norðurbakka 1-3, í Hafnarfirði. Hverfið liggur í hjarta bæjarins að fallegu rótgrónu svæði og eru íbúðirnar á framúrskarandi útsýnisstað.

ATAFL fékk til liðs við sig arkitektastofuna Arkþing við hönnun húsanna og þykir árangur samstarfsins einstaklega áhugaverður.

- 3ja herbergja íbúð: Verð frá 31,0 m.kr.
- 4ra herbergja íbúð: Verð frá 36,2 m.kr.

SÖLUAÐILAR VEITA ÞÉR ALLAR UPPLÝSINGAR:

MIKLABORG

sími 569 7000, www.miklaborg.is



sími 520 2600, www.as.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ NÁNAR
www.atafl.is

ATAFL
í 50 ár

Lyngási 11 · 210 Garðabæ · sími 420 6400 · bréfsími 420 6499 · atafl@atafl.is



ZUMA Í ZÚLÚDANSI Jacob Zuma, formaður Afríska þjóðarráðsins, stjórnarflokks Suður-Afríku, stígur dans í hefðbundnum klæðum Zúlúmanna á „arifeiðarhátíð“ í bænum Stanger.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fræðimenn halda málþing:

Samspil erfða og aðstæðna

FUNDIR Fræðimenn munu kynna það nýjasta í samskiptafræðum, um samspil erfða og aðstæðna, á málþingi sem Heilsugæslustöð Akureyrar efnir til í tilefni tuttugu ára afmælis fjölskyldu-ráðgjafar HAK.

Meðal annars verður fjallað um tengslamyndun á þverfaglegan hátt, en rannsóknir sýna fram á mikilvægi umhyggju og ástar í upphafi æviskeiðs fyrir þroska miðtaugakerfisins. Góð tengslamyndun byggist á getu foreldra til að mæta erfiðum tilfinningum á heilnæman hátt, en rannsóknir benda til að heilbrigð og ástríkr tilfinningatengsl virki líkt og bólusetning gegn sálrænum erfiðleikum síðar á lífsleiðinni.

Málþingið fer fram á Hótel KEA 3. október næstkomandi og er ætlað er fagfólki og stjórnendum á heilbrigðis- og félags sviði.

- ag

BANDARÍKIN

Björgunarþyrila hrapar

Þyrila sem var að flytja slasað fólk af vettvangi umferðarslyss í útjaðri Washingtonborgar hrapaði í illviðri í gær, með þeim afleiðingum að fjórir menn fórust af þeim fimm sem um borð voru. Átján ára stúlka, sem var önnur hinna slösuðu úr umferðarslysinu, var sú eina sem komst lífs af, en er alvarlega slösuð.

Viðbótarfjármagn í sértækar hjartaaðgerðir á Landspítala:

Kleift að halda aðgerðum áfram

HEILBRIGÐISMÁL Ekki verða tafir á sértækum hjartaaðgerðum á Landspítalanum, eins og útlit var fyrir nú í sumarlok. Heilbrigðisráðherra ákvað að veita viðbótarfjármagn til þeirra, þannig að unnt verður að halda þeim áfram í haust.

Umsvokallaðarbrennsluaðgerðir er að ræða, sem lækna eiga gáttatíf í hjarta. Að sögn Helga Más Arthúrssonar, upplýsingafulltrúa heilbrigðisráðuneytis, eru veittar um fjórar milljónir af sérstökum lið í aðgerðirnar. Fyrir þetta fé átti að þjóna tilteknum fjölda sjúklinga. Landspítalinn tvöfaldaði fjölda þeirra sem þjónustunnar

nutu með þessari fjárveitingu.

Þegar ljóst varð að eftirspurn eftir að gera enn fleiri aðgerðir kom fram gerði stjórn Landspítala ráðuneytinu grein fyrir málinu.

Heilbrigðisráðherra ákvað þá að veita átta milljónum til viðbótar í þessar aðgerðir, þar sem helmingi kostnaðarsamara er að gera þær í útlöndum og kostnaður félli þá á Tryggingastofnun. Landspítala var tilkynnt þetta þremur dögum eftir að ráðuneytið fékk málið inn á borð til sín. „LSH hefur þegar gert stjórnendum á viðkomandi sviði grein fyrir ákvörðuninni og beðið um að fleiri aðgerðir verði undirbúnar,“ segir Helgi Már.

- jss



AÐGERÐIR Svokallölluðum brennsluaðgerðum gegn gáttatífi í hjarta verður fram haldið.

Metveiðisumar allra tíma

Heildarveiði á stangveiddum laxi stefnir í rúmlega 60 þúsund fiska. Gömul met eru fallin víða, sérstaklega á sunnan- og vestanverðu landinu. Rangárnar munu gefa veiði sem er hátt í heildarveiði ársins 2000.

VEIÐI Aldrei hafa veiðst eins margar laxar á stöng í íslenskum ám og í sumar. Heildarveiðin stefnir í að verða rúmlega 60.000 laxar og margar ár hafa gefið töluvert betri veiði en áður hefur þekkst. Móðir allra meta virðist hafa verið sett í Ytri-Rangá þar sem veiðin stefnir hraðbyri í 14.000 laxa. Veiðin í Rangánum tveim slagar hátt upp í heildarveiði fyrri ára. Góðum aðstæðum í hafinu er þakkað auknum laxagöngum.

Veiðisumrinu er lokið í mörgum ám og aðrar eru við það að hætta. Ljóst er að veiðin er best á sunnan- og vestanverðu landinu og stórlax hefur skilað sér í auknum mæli, sérstaklega fyrir austan og norðan. Í Borgarfirði og á Mýrum hefur hver áin á fætur annarri slegið fyrri veiðimet, sum áratuga gömul.

Þórólfur Antonsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, segir að þegar veiðitölur ársins séu skoðaðar verði að hafa í huga að sleppingar hafi aukist í ám sem leyfa aðeins flugu sem agn, og þeir fiskar veiðist í einhverjum mæli aftur. Eins skekki myndina í samanburði við fyrri tíð hin gríðarlega veiði í ám þar sem sleppt er gönguseiðum. „Það er viðbót en aðalástæðan er góðar endurheimtur sem benda til þess að aðstæður

í hafinu séu góðar víðast hvar þar sem laxinn elst upp. Seiðabúskapur hefur verið góður undanfarin ár svo aðstæðum í hafinu er líklega um að þakka að svo vel veiðist.“ Hann segir að áratuga-gömul met í fjölmörgum laxveiði-ám renni frekari stöðum undir að ástandið sé gott, óháð þeim breytingum sem hafa orðið í veiðinni sjálfri á síðasta áratug.

Ytri- og Eystri-Rangá gefa áberandi mesta veiði í sumar eins og undanfarin ár en þar er sleppt miklu magni gönguseiða þar sem áin fóstrar ekki sinn eigin laxastofn. Þegar þetta er skrifað stefnir Ytri-Rangá hraðbyri í þrettán þúsund laxa veiði og lokatölur gætu jafnvel náð fjórtán þúsund laxa markinu ef aðstæður verða hagstæðar. Eystri áin hefur gefið á áttunda þúsund laxa og því hafa þessar ár nú þegar gefið veiði sem slagar hátt í heildarlaxveiði á Íslandi árið 2000 þegar rúmlega 27 þúsund laxar veiddust. Þá ríkti mikil svartsýni um stöðu laxastofnanna.

Guðmundur Stefán Mariásson, formaður Stangveiðifélags Reykjavíkur, segir veiði í Norðurá í Borgarfirði góðan mælikvarða á aukna veiði. Þar sé enn eitt metið fallið sem er langt yfir meðalveiði árinna í sögulegu ljósi. „Svo

PRÓUN Í LAXVEIÐI 2000-2007

Ár	Skráð	sleppt	sleppt%
2000	27.257	2.918	10,7
2001	29.943	3.611	12,1
2002	33.767	5.985	17,7
2003	34.111	5.361	15,7
2004	45.831	7.362	16,1
2005	55.168	9.224	16,7
2006	45.545	8.735	19,2
2007	53.703	9.691	18,0

Heimild: Veiðimálastofnun

TÍU AFLAHÆSTU ÁRNAR ÁRIÐ 2008*

	2008	2007	Metveiði
Ytri-Rangá	12.237	6.377	6.377
Eystri-Rangá	6.467	7.497	7.497
Norðurá	3.308	1.447	3.138
Langá	2.962	1.456	2.405
Þverá/Kjarrá	2.840	2.404	4.165
Grímsá/Tunguá	2.200	1.110	2.116
Selá	2.025	2.227	2.726
Haffjarðará	2.011	1.079	1.290
Laxá í Dölum	1.841	1.145	2.385
Miðfjarðará	1.716	1.131	2.581

*Miðað við 24. sept. Heimild angling.is

virðist sem svartsýni manna með ástand laxastofnanna hafi verið ástæðulaus.“

svavar@frettabladid.is



FRÁ LAXÁ Í KJÓÐ Góð veiði hefur verið í Kjósinni og mikil bæting frá 2007. Metið er þó ekki í hættu þetta sumarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jafnréttisbaráttan í Fjarðarkaupum:

Eru dótabílar bara fyrir stráka?

Stelpur vilja dúkkur, strákar bíla. Eða hvað? Kristín Þórarinsdóttir skrifar: „Ég gekk nýlega fram á stand með glæsilegum dótaflutningaúbílum í Fjarðarkaupum. Efst á standinum gat að líta skilaboð: „Finndu bíl með þínu nafni!“. Þar sem ég átti nokkra flotta leikfangabíla þegar ég var lítil kom nostalgían yfir mig, og ég fór ósjálfrátt að skima eftir bíl með mínu nafni. En viti menn – aðeins reyndust í standinum bílar með karlkynsnöfnum! Fremur hvumpin benti ég næsta starfsmanni á þetta. Hann virtist ekkert hafa leitt hugann að því að einhverjir kynnu að vilja kaupa flottan bíl handa dóttur sinni eða annarri lítilli dómu. Ég get raunar vel trúað að sala „strákabíla“ sé meiri en „stelpubíla“, væru þeir til, en að draga

svona skýra línu milli hvaða dót „passar“ hvoru kyni finnst mér heldur gamaldags. Það var því móðguð kona sem hélt burt úr versluninni þennan dag.“

Dótabílar með nöfnum fást í fjölmörgum verslunum. Bílarnir koma frá Könnur ehf. „Það er ný sending á leiðinni núna og við ætlum að taka inn bíla með 20-30 algengustu kvenmannsnöfnum,“ segir Karólína hjá Könnur. „Ég bendi líka á að það er hægt að sérpanta hvaða nafn sem er, það tekur 2-3 vikur og slóðin er nafn.is.“



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Hve mikil hætta stafar af hlýnun jarðar? Hver verða áhrifin á Íslandi?

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Sjóvá standa fyrir málþingi um loftlagsbreytingar af mannavöldum og áhrif þeirra.

Miðvikudaginn **1. október** kl. 8:30 til 10:30 í **húsi Orkuveitu Reykjavíkur**, Bæjarhálsi 1.

■ Capital, Catastrophe and Climate Change

Rowan Douglas, yfirmaður alþjóðagreiningardeildar Willis Re og formaður Willis Research Network

■ Hnattrænar loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi

Dr. Halldór Björnsson, formaður vísindanefndar umhverfisráðuneytisins um loftlagsbreytingar

■ Áhrif hlýnnunar á byggingarefni og mannvirki á Íslandi

Rögnvaldur Gíslason, efnaverkfræðingur og vottunarstjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

■ Climate Change: Risks and Opportunities from a Reinsurer's Perspective

Dr. Ernst Rauch, yfirmaður deildar um veðurfarslegar áhættur hjá Munich Re endurtryggingarfélaginu í Þýskalandi.

Umhverfisráðherra **Þórunn Sveinbjarnardóttir** mun flytja ávarp.

Málþingið fer fram á ensku.

Allir velkomnir - skráning á frettir@nmi.is.

SJÓVÁ



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Grái fiðringurinn?

- ☒ Viagra
- ☒ Rogaine
- ☒ Herbalife
- ☒ Eric Clapton tónleikar
- ☒ Mótorhjól
- ☐ Nýr Dodge Viper SRT 10 Roadster



Nýr 2008 Dodge Viper SRT10 Roadster

Vél: Ný 8,4 lítra V10

Kraftur: 600 hestöfl@6100 RPM

Tog: 760 Nm@5000 RPM

Þyngd: 1560 kg.

Hröðun: 0-100 km/klst : 3,5 sek.

Bremsuvegalengd 160-0: 82 metrar


Endahraði ¼ mílu: 207 km/h

Hámarshraði: 325 km/h

Verð: 14.800 þús.



4 ára ábyrgð Sparibíla er Bílaábyrgð tryggingarfélagsins Varðar.



www.sparibill.is • Fiskislóð 16 • Granda • Sími: 577 3344

Vextir, gengisþróun og verðbólga:

Gjaldmiðill í andarslitrunum

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Ellefur hundruð fyrirtæki verða gjaldþrota á árinu, reynist spár Creditinfo réttar, sem er um 65 prósentu aukning frá síðasta ári. Þá er ótalinn sá fjöldi einstaklinga sem mun ekki ráða við samdráttinn. Það er raunar svo að hjartáráðirnar eru orðnar fáar og fjarlægjar, og þeir sem á vormánuðum reyndu að draga í efa þungar spár Seðlabanka og fleiri um dimmar framtíðarhorfur eru nú þagnaðir.

Eins og sjá má í Fréttablaðinu í dag er almenningur mjög uggaði yfir ástandinu og sjá ekki hverjar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru til aðstoðar. Bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa gefið í skyn að fjárlögin, sem kynnt verða á miðvikudag, verði þannig úr garði gerð að íslenska ríki verði rekið með þó nokkrum halla, til að vegna upp á móti samdrætti. Þannig verði lítið eða ekkert dregið úr opinberum framkvæmdum, sem ætti að koma framkvæmdafyrirtækjum til góða; þeim fyrirtækjum sem eiga hvað helst undir högg að sækja nú.

Það er þrennt sem þarf að hafa áhyggjur af; vextir, gengisþróun og verðbólga. Vextir eru það háir að einstaklingar og fyrirtæki geta ekki staðið undir þeim, en verða samt sem áður að þiggja lán á þeim vöxtum sem bjóðast. Nú er það orðið að keppni við tímann að reynast nógu burðugur aðeins lengur til að hreinlega lifa af þangað til þessir háu vextir fara loks að bíta á verðbólguna, þannig að Seðlabankinn geti farið að lækka stýrivextina.

Þrátt fyrir að vextir yrðu lækkaðir hið snarasta myndi það ekki duga til fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Bankarnir þurfa að komast í þá stöðu að geta veitt lán, bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt; vera nógu traustir til að geta verið bakhjarlar atvinnulífsins. Við það bætist að gjaldeyrisskortur blasir við, eins og kom fram í fréttum í gær, ef blessuð krónan fer ekki að styrkjast.

Eins og langflestir hafa orðið varir við hafa lán í erlendum gjaldmiðlum hækkað mikið, enda hefur gengisvísitalan aldrei verið eins há, frá því hún var skráð 100 árið 1991. Krónan sekkur bara og sekkur og enginn virðist vita hvernig snúa eigi þeirri þróun við. Ræður forsætisráðherra og aðrar tilkynningar hafa hingað til haft skammgöðan vermi. Gengið hefur styrkst í einn dag eða tvo og svo sokkið aftur. Það þarf því að vera hreint út sagt mögnuð stefnuræða forsætisráðherra á fimmtudag til að hafa þau áhrif að krónan styrkst til langframa. Eða þá að sjá það að krónan er bara of veikur gjaldmiðill og hefja aðgerðir til að taka upp nýja mynt sem kyndir ekki verðbólguþáttinn þegar eitthvað bjátar á í efnahagslífinu.

Forsætisráðherra sagðist reyndar í gær ekki geta svarað því hvort þyrfti sérstakar aðgerðir eða inngríp til að styrkja krónuna. Ef staða krónunnar nú og áhrif hennar gefa ekki til kynna að einhverra aðgerða sé þörf, má spyrja í hversu vond mál krónan þarf að vera komin til að forsætisráðherra telji að aðgerða sé þörf?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Þálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðtölum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60 ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ísland farsælda frón

Oft hefur okkar farsælda frón fengið að kenna á því hversu margt er í heiminum hverfult. Það sést afar vel þegar umræða síðustu daga er borin saman við þá er fram fór fyrir örfáum árum. Árið 2006 viðraði Pétur Blöndal þær hugmyndir að gera Ísland að fjármálamiðstöð. Í dag er hins vegar sóknarleik af þessu tagi lokið og nýjstu hugmyndir Péturs fjalla um það hvernig megi koma skuldurum til aðstoðar og jafnvel draga þá til ábyrgðar sem hvatt hafa fólk til að taka áhættu með lánunum í erlendri mynt, til dæmis fasteignasala og banka-starfsmenn.

Og hagsælda hrímhvíta móðir

Oftast voru stjórnmalamenn gagnrýndir fyrir að vera of mikið erlendis og skeyta minna um það sem var að gerast hér heima fyrir. Fékk til dæmis Halldór Ásgrímsson oft að heyra slíkar pillur. En einnig þetta virðist hafa breyst því nú þegar Geir H. Haarde brá sér til New York til að ávarpa Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna þá biður Gísli Tryggvason, talmaður neytenda, hann um að koma ekki heim. Geir lét þó ekki segjast.



Hvar er þín fornaldar frægð?

Það sem fyrir Gísla vakti var að Geir kæmi ekki heim fyrr en hann næði samningum við Bandaríkjamenn, sem kæmu þá okkur til bjargar í lausafjárkreppunni sem við eigum við að etja. Gísli segir á bloggsíðu sinni: „Ekki koma heim, Geir - fyrr en þú hefur samið við vini okkar í Bandaríkjunum (við erum með varnarsamning við þá), helst fyrir opnun markaða á mánudagsmorgun (í dag).“ Þetta er líka tónn sem heyrðist ekki fyrir nokkrum árum; hvað þá þegar Bandaríkin voru til umræðu.

jse@frettabladid.is

Baráttan gegn veruleikanum

Helsti gallinn við ráðherradóm Björns Bjarnasonar er að hann er enn ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Og einn helsti gallinn við þjóðlífið almennt er að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skuli enn vera að störfum.

Hvað eru þeir búnir að ríkja lengi? Er þetta ekki svolítið sambærilegt við það að Ellert Schram og Hermann Gunnarsson væru enn í landsliðinu í fótbolta? Hefðu neitað að víkja og enginn kæmi sér að því að biðja þá að hætta...

Þeir Ellert og Hermann fundu sér nýjan vettvang þegar nóg var sparkað þar sem þeir gátu þróað gáfur sínar – Hermann í fjölmiðlum sem allsherjar gleðipinni og ljósgjafi og Ellert réttssýnn og einarður í pólitíkinni.

Yfir-ráðherrann

Stundum er sagt um okkur sem ósammála erum Davíð í pólitíkinni að við elskum að hata hann. Ég er ekki viss um að það sé alveg rétt. Ég held að nær væri að segja að við hötum að elska hann. Þegar sá gállinn er á honum er hann manna snjallastur í tilsvörum, sjarmerandi og fyndinn og eldsnökkur að bregða háðslegu ljósi á andstæðingana. En Seðlabankastjóri... ég veit það ekki.

Vera má að Davíð Oddsson sé einhvers konar hagstjórnarsnillingur þótt sú snilli blasi kannski ekki beinlínis við um þessar mundir – en það skiptir bara engu máli. Jafnvel þótt hann væri besti og hæfasti Seðlabankastjóri allra tíma mundi það einu gilda. Hann getur hreinlega ekki verið í þessu embætti á þessum viðsjárverðu tímum vegna þess að hann hefur of lengi eldað grátt silfur við ýmsa menn í viðskiptalífinu. Ummæli hans og aðgerðir eru skoðaðar í ljósi þessara átaka. Það er eins og hann sé enn staddur í miðri rimmunni um Framkvæmdabanka



GUBMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Ráðherrarnir Davíð og Björn

atvinnulífsins, óskabarnið sem götustrákarnir hrifuðu fyrir framan nefið á honum. Fólk hefur á tilfinningunni að afkoma þess sé á einhvern máta komin undir skapsmunum og jafnvel dyntum Davíðs Oddssonar í baráttu hans við götustrákana. Kannski er það óréttmætt. En þannig er það.

Þegar maður hættir í pólitík dugir ekki að skipa sjálfan sig í embætti einhvers konar yfirráðherra.

Hundraðogellefta meðferð á þingmönnum

Björn Bjarnason hefur hins vegar ennþá eiginlega ráðherranabót, og mun óhætt að segja að hann sitji ekki auðum höndum. Hann hefur nú afrekað að hrekja úr embætti virtan lögreglustjóra fyrir engar sakir og jafnframt staðið fyrir einhverri einkennilegustu sneypuför sem íslenskir þingmenn hafa farið síðan Árni frá Múla fann ekki Ameríku. Hópur íslenskra þingmanna var sendur til Brussel þeirra erinda að safna neium við þeirri uppástungu Björns að Íslendingar gætu tekið upp evru án aðildar að Evrópusambandinu. Svárið lá að vísu löngu fyrir en hópurinn þrammaði svipugöngin prautseigur og á móta gæfulegur og Njálssýnir í sinni liðsbón á Alþingi – þar til meira að segja Illugi Gunnarsson lét hafa eftir sér að sennilega væri svarið

nei og var vísað til 111. greinar Maastricht-sáttmálans, sem einhver fróður maður hefði nú kannski getað sagt Birni bara frá. Reyndar sagði Illugi að 111. greinin væri „túlkuð þröngt“, en við munum eftir því dæmiskrá orðalagi í umræðunum um synjunarvald forsetans og það hvort virða beri stjórnarskrár landsins: sjálfstæðismenn tala um að eitthvað sé „túlkuð þröngt“ þegar þeir vilja ekki fara að lögum. En þessa hundraðogellefta meðferð á íslenskum þingmönnum hafði það eitt í för með sér að íslenskum ráðamönnum tókst að koma því á framfæri við umheiminn að þeir hefðu ekki trú á íslensku krónunni sjálfir.

Og hún féll og hún féll og hún féll. Og féll. Var það ekki í Bréfi til Láru sem Þórbergur talaði um „baráttuna gegn veruleikanum“? Þannig virka þeir stundum á mann, Davíð-istarnir. Sjálfur neitar foringinn að horfast í augu við skipbrot peningastefnunnar í landinu og heldur áfram að hækka vexti í þeirri von að það „virki kannski núna“; Illugi Gunnarsson er sendur til að bera upp spurningar sem öll þjóðin veit svarið við – nema Björn Bjarnason – í þeirri von að „svárið verði annað núna“.

Og á meðan lögregluembættin í raunverulega veruleikanum emja undan fjársveltum svo öryggi er ógnað telur Björn Bjarnason að næsta mál á dagskrá sé að stofna leyniþjónustu. Kannski heldur hann að Bin Laden hafist við uppi á Kili. Hann er a.m.k. í „striðinu gegn hryðjuverkum“ og vill ólmur hlera: munum að þetta er maðurinn sem telur að tréttanlegt hafi verið að hlera á sínum tíma símann hjá Kjartani Ólafssyni og Finnþóru Rúti, Arnari og Þórhildi, Úlfi Hjörvar og öðru sómafólki – okkur er ætlað að eiga það undir dómgreind hans hvar mannréttindabrotin verða næst.

Hvað lærði Árni í Brussel?

UMRÆÐAN

Andrés Pétursson skrifar um Evrópumál

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, fer mikinn í Fréttablaðinu 22. september og ásakar okkur Evrópusinna um að gefa í skyn að til sé eitthvað sem nefnist heiðursaðild að Evrópusambandinu. Ég hef ekki heyrt nokkurn tala um þess konar aðild enda er hún ekki til. Þjóðir ganga í ESB af því að þær telja að hagsmunum sínum sé betur borgið innan þess en utan. Þetta snýst því ekki um heiður heldur hagsmuni. Hins vegar rembast margir andstæðingar aðildar að ESB við að finna leið til að taka upp evruna eftir aðildarlausum krókaleiðum. Það má því færa góð rök fyrir því að það séu einmitt andstæðingar aðildar Íslands að ESB sem séu að „slá ryki í augu fólks“, svo notuð séu orð þingmannsins.

Árni heldur því fram að allar samþykktir og sáttmálar um aðild liggi fyrir og að öll aðildarríki verði að beygja sig undanbragðalaust undir þá skilmála. En af hverju eru þá Danir, Svíar og Bretar ekki í myntbandalaginu? Af hverju eru Danir með



ANDRÉS PÉTURSSON

undanþágur frá Maastricht-samkomulaginu í utanríkis- og varnarmálum? Af hverju semja ný aðildarlönd um aðild sína að Evrópusambandinu ef allir sáttmálar og samþykktir ESB eru jafn niðurnjörvaðir og Árni heldur fram? Geta þessi ríki ekki einfaldlega kvittað undir staðlaðan samning?

Staðreyndin er sú að öll lönd sem sótt hafa um aðild að ESB hafa fengið aðlögun að reglum sambandsins. Sem dæmi má nefna undanþágu sem Danir fengu á kaupum erlendra aðila á sumarbústaðalandi í Danmörku, sérákvæði varðandi sjávarútvegsstefnuna í landhelgi Möltu, sérákvæði um heimskautilandbúnað í Svíþjóð og Finnlandi og þannig mætti lengi telja.

Það sem kemur mér mest á óvart er að Árni dvaldi á kostnað Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar í hálf ár í Brussel til að kynna sér starfsemi ESB. Annað hvort hefur Árni slugsað í lærdómnum eða að pólitísk stefna flokks hans kallar á að þingmaðurinn beri svona málflutning á borð fyrir þjóðina.

Höfundur er formaður Evrópusamtakanna.



Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Fyrst og fremst í heilsudýnum








Stillanleg rúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900


6 mánaða
vaxtalausar greiðslur

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

Chiropractic®

Amerísku heilsudýnurnar



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum. Ný teppasett.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK



Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Protabú Hafskips – hvað var greitt upp í kröfur?

UMRÆÐAN

Ragnar H. Hall skrifar um Hafskipsmálið

Í sjónvarpsþættinum Silfri Egils 21. september sl. var rætt við ungan sagnfræðing um nýút-komna samantekt sem hann nefnir Afdrif Hafskips í boði hins opinbera. Með þessu greinarkorni verður þess freistað að varpa ljósi á tvö mikilvæg atriði sem margoft hafa verið rangfærð í umræðu um gjaldþrot Hafskips hf. á undanförnum árum og enn var fjallað um á villandi hátt í nefndum sjónvarpsþætti.

Var Hafskip hf. gjaldfært félag?

Hafskip hf. fékk heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði 18. nóvember 1985. Viðleitni stjórnenda félagsins til að koma nýrri skipan á fjárhag þess bar ekki árangur, og óskaði stjórn félagsins eftir gjaldþrotaskiptum á búi þess 6. desember sama ár, eða þegar greiðslustöðvun hafði staðið í 18 daga. Meðan greiðslustöðvunin stóð hafði eitt skip félagsins verið kyrrsett í erlendri höfn og líkur voru á því að sömu örlög biðu annarra skipa þess. Stjórnendur félagsins gáfust með öðrum orðum upp á verkefninu við þessar aðstæður.

Við upphaf skiptameðferðar á búinu var ekkert handbært fé hjá félaginu. Viðurkenndar kröfur á búið voru samtals að fjárhæð 1.359 milljónir króna, sem var gífurleg fjárhæð á þessum tíma,



RAGNAR H. HALL

og félagið hafði hvergi aðgang að lánsfé. Að auki var félagið með dótturfélög erlendis, í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Bandaríkjunum og þau voru hvert á fætur öðru tekin til gjaldþrotaskipta í þessum ríkjum. Mat stjórnenda Hafskips hf. að gjaldþrotaskipti á búi félagsins væru óumflýjanleg var því augljóslega rétt.

Úthlutun úr protabúi Hafskips hf.

Ein af „röksemdum“ fyrir því að Hafskip hf. hafi alls ekki verið gjaldþrota í raun er sú að úthlutun úr búinu hafi verið óvenjulega há – kröfuhafar hafi fengið miklu meira upp í kröfur sínar en alengt sé hér á landi. Ég tel rétt að nefna hér fáein atriði í því sambandi.

Frumvarp til úthlutunar úr protabúi Hafskips hf. var tekið til umfjöllunar og samþykkt á skiptafundi í protabúinu 29. júní 1989 eða um 3½ ári eftir upphaf skipta. Úthlutun upp í kröfur var þannig:

Heildarfjárhæð til úthlutunar var 899,7 m.kr.

Skiptastjórn, þ. m. t. málskostnaður og vinnulaun starfsmanna búsins, var samtals 76,1 m.kr.

Upp í veðkröfur Útvegsbanka Íslands voru greiddar 251,8 m.kr. Aðrar veðkröfur sem greiddust voru samtals 3,4 m.kr.

Forgangskröfur greiddust að fullu með 32,5 m.kr.

Upp í almennar kröfur greiddust 535,9 m.kr.

Viðurkenndar almennar kröfur námu samtals 1.071,3 milljónum króna. Úthlutun upp í þær varð því 50,03%.

Upp í eftirstæðar kröfur, þ. e. vexti og kostnað sem fallið hefur á kröfur eftir upphafsdag skipta, greiddist ekkert.

Rétt er að taka fram að á þess-

Af framangreindu ætti að vera ljóst að gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. voru óumflýjanleg og að kröfuhafar félagsins töpuðu mjög miklum peningum vegna gjaldþrotsins.

um tíma átti enn eftir að innheimta lítið eitt af eignum búsins, þannig að kröfuhafar fengu lítils háttar viðbót síðar.

Varðandi hátt hlutfall greiðslu upp í almennar kröfur er rétt að benda á eftirfarandi:

Allar kröfur á hendur protabúi falla í gjalddaga á þeim tíma sem úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp, án tillits til umsaminna gjaldfresta. Þetta þýðir að kröfurnar bera allar dráttarvexti frá og með sama degi, en þeir vextir og kostnaður sem við bætist eftir þetta tíma-mark verða ekki hluti af almennri kröfu eða forgangskröfu við úthlutun úr búinu. Þeir verða eft-

irstæðar kröfur, og upp í þær greiðist því aðeins eitthvað að allar almennar kröfur greiðist að fullu.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar úthlutun úr protabúi Hafskips hf. er metin, sérstaklega vegna þess að skiptin fóru fram á miklum verðbólgu tímum hér á landi og vextir og verðbætur voru þá til mikilla muna hærri en síðar hefur orðið.

Þannig er ljóst að krafa af fjárhæð 100 krónur á gjalddaga 6. desember 1985 (þegar bú Hafskips hf. var tekið til gjaldþrotaskipta) hefði með dráttarvöxtum verið orðin rúmlega 300 krónur 29. júní 1989, þegar úthlutað var úr búinu. Upp í hana hefðu fengið 50 krónur við úthlutunina, þ. e. 1/6 hluti uppreiknaðrar kröfu.

Ef sama krafa væri framreiknuð með öðrum hætti, t. d. láns-kjaravísitölu, væri hækkun hennar minni – raungildi úthlutunarinnar hefði þá verið rétt rúmlega 27%.

Framangreint sést einnig glögglega af því, að vaxtatekjur protabúsins voru samtals um 240 milljón krónur – tekjur sem sköpuðust vegna ávöxtunar á eignum búsins eftir upphaf skiptanna. Sú fjárhæð öll er hluti þess sem greitt var upp í almennar kröfur. Ef sú fjárhæð væri tekin út úr uppgjörinu hefði úthlutunin verið 27,6%.

Loks ber að hafa eftirtalin atriði sérstaklega í huga, þegar úthlutunin er virt:

1. Hafskip hf. var með rekstur í mörgum dótturfélögum erlendis,

sem gerð voru upp sérstaklega á hverjum stað. Kröfur sem stofnað var til hjá þeim félögum án atbeina móðurfélagsins voru verulegar en komu ekki inn í skiptin hér á landi.

2. Margar verulega háar fjárkröfur komust ekki að við skiptin vegna þess að þeim var lýst of seint í protabúið.

3. Verulegur hluti söluverðs eigna protabúsins hér á landi fékkst fyrir ófjárhagsleg verðmæti sem kröfuhafar hefðu aldrei getað náð fullnustu úr meðan rekstri félagsins var haldið áfram.

4. Umsaltsverðar eignir voru dregnar undir skiptin með mál-sóknum skiptastjóra, sem ekki hefði náðst til með öðrum hætti en gjaldþrotaskiptum.

Af framangreindu ætti að vera ljóst að gjaldþrotaskipti á búi Hafskips hf. voru óumflýjanleg og að kröfuhafar félagsins töpuðu mjög miklum peningum vegna gjaldþrotsins. Jafnframt sakar ekki að hér komi fram, að í skýrslutökum fyrir skiptarétti Reykjavíkur um ástæður gjaldþrotsins gerðu stjórnendur Hafskips ítarlega grein fyrir þeim erfiðleikum sem stöðjað hefðu að rekstri félagsins og leiddu til stöðvunar á rekstri þess. Þar kom hins vegar aldrei fram þau viðhorf að félagið hafi ekki verið gjaldþrota í reynd eða að aðrir aðilar hefðu stuðlað að gjaldþrotinu með óeðlilegum afskiptum.

Höfundur er lögmaður og fyrrverandi skiptaráðandi í Reykjavík.

Tölum saman

Fjölmarginir opnir fundir eru á vegum Sjálfstæðisflokksins í viku hverri. Á þessa fundi eru allir velkomnir.



SJÁLFTÆDISFLOKKURINN

Miðvikudagur 1. október kl. 11.45

Nýtum tækifærið!

Pórlindur Kjartansson, formaður SUS, og Teitur Björn Einarsson, varaformaður SUS, kynna afrakstur nýliðins millþings SUS og hugmyndir ungra sjálfstæðismanna um mál sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins ættu að setja á oddinn, á opnum fundi í Valhöll. Ungir sjálfstæðismenn halda fundinn og fundarstjóri er Sigríður Dís Guðjónsdóttir, stjórnarmaður í SUS.



Miðviku- og fimmtudagur 1. og 2. okt. kl. 18-21

Stjórnsmál skipta máli -

Stjórnsmálanámskeið fyrir ungt fólk

Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, ásamt nokkrum valinkunnum Heimdellingum, eru framsögumenn á stjórnsmálanámskeiði fyrir ungt fólk sem haldið verður í sal 2 í Valhöll.

Stjórnsmálaskóli Sjálfstæðisflokksins og Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, standa að námskeiðinu og námskeiðsstjóri er Fanney Birna Jónsdóttir, formaður Heimdallar.

Áhugasamir vinsamlega skrái sig með því að senda tölvupóst á disa@xd.is



Sunnudagur 5. október kl. 10.30-18.00

Haustferð reykvískra sjálfstæðismanna að Skógum

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík efna til hinnar árlegu haustferðar sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Að þessu sinni er ferðinni heitið að Skógum. Boðið verður upp á morgunkaffi fyrir brottför en lagt verður af stað frá Valhöll. Geir H. Haarde og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, ávarpa ferðalanga. Með í förinni verða Árni Johnsen og Kjartan Ólafsson, alþingismenn Suðurkjördæmis.

Vinsamlega skráið þátttöku í síma 515 1700 fyrir kl. 17.00 næstkomandi föstudag.

Allir hjartanlega velkomnir. Verð 1000 kr.



Nánari upplýsingar um fundina og flokksstarfið má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is eða í síma 515-1700.

Viljum við stærsta bíla-kirkjugarð í Evrópu?

UMRÆÐAN

Özur Lárusson skrifar um endurnýjun bifreiða



ÖZUR LÁRUSSON

Danir eru farnir að kalla bílaflotann sinn, stærsta bílakirkjugarð Evrópu. Þá er ekki átt við að heilu akrarnir séu undirlagðir fyrir gamla og ónýta bíla heldur eru þeir allir í umferð en bílafloti Dana hefur lengi þótt úrsérgerinn. Með nýlegum reglum um vörugjöld og skráningargjöld á bílum stefnir í algjört óefni að sögn neytendafélag í Danmörku og þeirra sem starfa í bílgreininni.

Gamlir og úr sér gengnir bílar eru alltof margir í umferðinni sem bæði skapa mikla hættu fyrir vegfarendur og þá sem í þeim ferðast þar sem allir slitfletir og öryggisbúnaður er slitinn og af skornum skammti.

Þessir bílar eru með litlar sem engar mengunarvarnir og losa ótæpilega af óæskilegum lofttegundum úti andrúmsloftið.

Er tekið svo stórt til orða í danska bílابلaðinu Motormagasinet að það þurfi enginn að vera í vafa um að það stefni í algjört óefni þar sem ástand bílaflotans versni með degi hverjum og um ógn sé að ræða bæði gagnvart umhverfinu og umferðaröryggi.

Danska skoðunarstöðin Applus Bilsyn gerði úttekt á 500.000 bílum sem teknir voru til skoðunar er sýndi frammá hve bilanatíðni eykst með ári hverju. Svo tekið sé dæmi af bremsukerfi samkvæmt þessari rannsókn þá bílar það í 3% tilfella í bílum undir 5 ára aldri en í 30% tilfella í bílum sem eru orðnir 10 ára. Gerðar voru athugasemdir við burðarvirki bíla undir 5 ára aldri í 2% tilfella en í 31% tilfella í bílum sem náð höfðu 10 ára aldri.

Komið hafa fram hugmyndir um að hækka þær greiðslur sem bíleigendur fá þegar bílnum er skilað inn til endurvinnslu og er lagt til að sú upphæð verði ekki lægri en Dkr. 10.000. Þannig sé kominn hvati fyrir fólk að henda úr sér gengnum bílum.

Þetta eru atriðið sem stjórnvöld hér á landi ættu að hafa í huga nú þegar ýmsar hugmyndir eru á lofti um breytingar á gjaldakerfi á bílum og eldsneyti. Með því að setja óhöflegar álögur á einkabílinn leiðir það til þess að fólk hefur ekki ráð á því að endurnýja

fjölskyldubílinn. Þegar talað er um fjölskyldubílinn verður líka að hafa í huga að þarfir fólks eru mismunandi, sumar fjölskyldur eru það stórar að nauðsynlegt er fyrir þær að eiga bíl sem uppfyllir kröfur um pláss sem og fólk í dreifbýli sem í mörgum tilfellum þarf að eiga öflugri bíla en þeir sem búa á mölinni. Með því að hækka vörugjöld á bílum sem fyrrgreindir hópar þurfa að eiga er verið að mismuna fólki. Einnig ber að varast það að hafa slík vörugjaldakerfi í mörgum þrepum. Í dag eru meginflokkanir tveir þ.e. 30 og 45% vörugjöld sem leggjast ofan á innkaupsverð bifreiða. Þrátt fyrir það hafa margir séð sér leik á borði og flutt inn bíla á röngum reikningum og komist upp með það. Of margir flokkar vörugjalda og háar álögur ýta undir það að óprúttir aðilar nýti sér göt í kerfinu, ásamt því að skapa óþarfa vinnu og kostnað bæði fyrir opinberar stofnanir sem og þau fyrir-tæki sem stunda innflutning á bifreiðum.

Umbuna á fólki í þéttbýli sem ferðast innanbæjar á svokölluðum vishæfum bílum eins og Reykjavíkurborg gerir með frium bíla-stæðum fyrir bíla sem uppfylla ákveðnar kröfur um eldneytis-eyðslu og losun á CO₂. Slíkar bifreiðar ættu að vera án vörugjalda en það yrði til þess að fólk í þéttbýli myndi skoða þann kost sem innanbæjarbíll eða sem annan bíl á heimili.

Meðalaldur einkabílsins hér á landi er 9,5 ár sem er mikið og ekki viljum við lenda í þeirri stöðu eins og stefnir í hjá Dönum eða algjört óefni!

Höfundur er framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins.

Getz

Bíll fyrir alla Mamma Mia
aðdáendur



- ✓ Kraftmikill
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Áreiðanlegur

ABS með ESP hemlavörn - Innbyggð
árekstrarvörn - 240/977 lítra farangursrými -
Hiti í sætum (sjálfsk.).

TUCSON

Lipur og snarpur 4x4



- ✓ Glæsilegur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Hagstæður

ESP stöðugleikastýring - ABS með EBD og TCS
skriðvörn - 4x4 aldrið með læsingu - Hiti í sætum -
Hraðastillir - Loftkæling A/C - Samlitur.

Bílar frá Hyundai eru í heimsklassa hvað varðar áreiðanleika og gæði.

Pegar bifreiðarnar frá Hyundai komu fyrst á markað hér á landi áttu þær, líkt og japanskir bílar, erfitt uppdráttar því samkeppni um áreiðanleika og gæði var mjög hörð. En tímarnir breytast og í dag er meginþorri bíla á Íslandi frá Kóreu og Japan. Helsta ástæðan er sú að þaðan koma einfaldlega áreiðanlegir og góðir bílar á hagstæðum kjörum. Ef þú ert að leita að gæðum og góðu verði þá er Hyundai bíllinn fyrir þig. Komdu við í B&L og leyfðu okkur að sýna þér áreiðanlegan og góðan Hyundai.



Með bílinn handa þér

SIGMUNDUR GUÐBJARNASON
PRÓFESSOR ER 77 ÁRA.

„Það besta í heimi hér
verður aldrei mælt með
neinni mælistiku en það er
ást og hamingja.“

Sigmundur Guðbjarnason er
prófessor í efnafræði við Há-
skóla Íslands og var rektor
sama skóla á árunum 1985 til
1991.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 29. SEPTEMBER 1974

Fyrsti íslenski kvenpresturinn vígður

Sér Auður Eir Vil-
hjálmisdóttir var
vígð til prests á
Suðureyri við Súg-
andafjörð þennan
dag árið 1974. Hún
varð fyrst kvenna á
Íslandi til að taka
við prestsembætti.
Þar með var alda-
löng hefð rofin og
einstaka andmæli
heyrðust.

Þó að Geirprúð-
ur Hildur Bern-
höft væri fyrsta
konan til að ljúka guðfræðiprófi 1948 sótti hún
aldrei um braud. Auður lauk námi 1962 og tíu
árum síðar sótti hún í fyrsta sinn um embætti, í



Kársnesprestakalli
í Kópavogi. Þá voru
prestskosningar í
gildi og Auður fékk
aðeins 148 atkvæði
af 1.829.

Súgfirðingar sáu
því hins vegar ekk-
ert til fyrirstöðu að
ráða Auði Eir sem
sóknarprest. Þar
hafði enginn sótt
um þegar emb-
ættið var auglýst
en Auður Eir fór
vestur og bauð sig
fram til starfans. Herra Sigurbjörn Einarsson fann
enga guðfræðilega meinbugi á því að kona yrði
prestur og vígði Auði í Dómkirkjunni í Reykjavík.

MERKISATBURÐIR

- 1906 Landssími Íslands tekur
til starfa. Hannes Hafstein
ráðherra sendir konungi
fyrsta símskeytið um ný-
lagðan neðansjávarstreng.
- 1918 Búlgaría verður fyrst Mið-
veldanna til að undirrita
vopnahléssamkomulag
við Bandamenn.
- 1922 Norræna félagið er stofn-
að í Reykjavík til að efla
norræna samvinnu.
- 1980 Flugvél er flogið til Reykja-
víkur frá Færeyjum með
mann standandi á þak-
inu til að setja heimsmet.
Flugið tekur sex tíma.
- 1990 Nesjavallavirkjun í Grafn-
ingi gangsett. Fyrsti áfangi
hennar er 100 megawött.
- 1996 Jarðskjálfti upp á 5 stig á
Richter finnst við Bárðar-
bungu.

AFMÆLI



LECH WAL-
ESA fyrrver-
andi forseti
Póllands er
65 ára.



ÞÓRUNN
SIGURÐAR-
DÓTTIR
leikstjóri er
64 ára.



ÓLAFUR
ÖRN HAR-
ALDSSON
forstjóri er
61 ára.



PÁLMI
GUNN-
ARSSON
tónlistar-
maður er
58 ára.



ÁRNI
BJARNASON
forseti Far-
manna- og
fiskimanna-
sambands-
ins er 56
ára.



MICHELLE
BACHELET
forseti Chile
er 57 ára.

Setur heimsmet í sleðahundahlaupi

Þorsteinn Sófusson setti,
ásamt félögum sínum,
heimsmet í sleðahunda-
hlaupi fyrir skemmstu
þegar þeir spenntu 57
sleðahunda fyrir dráttar-
vél og létu þá draga hana
fjögurra kílómetra langa
leið.

„Við höfum verið að æfa
stíft og okkur datt í hug að

spenna alla hundana okkar
fyrir í einu. Met sem þetta
hefur aldrei verið skráð
og því er um heimsmet að
ræða,“ segir Þorsteinn í
sam tali við Vísi. Þorsteinn
er mikill áhugamaður um
sleðahundahlaup og hefur
hafið undirbúning fyrir
komandi keppnistímabil í
Noregi.



ÍPRÓTTIR Íslendingar þjálfa nú hunda af kappi fyrir sleðahunda-
hlaup í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,
Þorlákur Sævar Halldórsson
barnalæknir

verður jarðsungið frá Langholtskirkju fimmtudaginn
2. október kl. 13.00.

Sigrún Erla Skúladóttir
Dóra Soffía Þorláksdóttir
Linda Sif Þorláksdóttir
og barnabörn.



FÉLAGSVERA „Ég er búin að fá aðstöðu fyrir okkur braggabörnin í Múlakaffi eina kvöldstund,“ segir Guðbjörg Benjamínsdóttir.

MYND/JAKOBÍNA ÓLAFSDÓTTIR

GUÐBJÖRG BENJAMÍNSDÓTTIR: HÓAR SAMAN BRAGGABÖRNUM

Kærleikur og góðmennska ríktu þótt kjörin væru kröpp

„Þeir fara aldrei úr höfðinu á mér
þessir krakkar sem ég kynntist í
bröggunum og mig langar svo að húa
þeim saman. Ég er búin að fá aðstöðu
fyrir okkur í Múlakaffi eina kvöld-
stund og bið þá sem áhuga hafa að
slá á þráðinn í síma 865 3316,“ segir
Guðbjörg Benjamínsdóttir. Hún býr
núna í Reykjanesbæ en ólst upp í
braggahverfunum við Suðurlands-
braut, Múlakampi og Herskálakampi.
Kveðst eiga æskuvinkonur í Grinda-
vík sem ásamt bræðrum sínum
bjuggu í kömpunum til 1969 og deila
með henni áhuganum á að hitta aftur
braggabörnin.

„Veistu, maður er bara kominn
á þann aldur að það er annað hvort
núna eða ekki að koma svona hitt-
ingi á,“ segir Guðbjörg, sem á hlý-
jar endurminningar frá ungdómsár-
um þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. „Á
þeim tíma var svo mikill kærleikur
og góðmennska á milli fólks þótt kjör-
in væru kröpp,“ segir hún.

Væntanlegur samkomustaður er
vel valinn því Múlakaffi stendur
við rætur Múlakamps að sögn

Guðbjargar. „Múlakampur náði upp
að kartöflugörðunum í Safamýri og
teygði sig austur með Suðurlands-
brautinni. Þar tók Herskálakampur
við og náði langleiðina að Grensás-
vegi. Ég átti heima í Múlakampi til
ellefu ára aldurs og síðar Herskála-
kampi,“ lýsir hún. „Það var byrjað að
byggja Laugardalshöllina þegar ég
man síðast eftir mér þarna.“

Guðbjörg kveðst hafa farið snemma
að heiman þótt hún sé stolt af sínum
uppruna og hafi átt yndislega for-
eldra. „Þetta var gott en fátækt fólk,“
segir hún.

Beðin að rifja upp eitthvað frá
æskuárunum, þó ekki sé nema til að
kveikja í gömlu leikfélögunum, svar-
ar Guðbjörg: „Þetta var bara eins
og hjá öðrum krökkum á þeim tíma.
Það var ekkert sjónvarp til að hanga
yfir. Við renndum okkur á sleðum
eða vorum inni í mömmuleik á ve-
urna og á sumrin í búleik og bökuð-
um þar blómum skreyttar drullu-
kökur. Nóg var um efnivið í holtun-
um og lítil bílaumferð því göturnar
voru fáar og fæstir íbúanna áttu bíla.

Þegar kalt var í veðri gat maður alls
staðar farið inn og fengið heitt kakó
og kökur. Einn strákur í götunni átti
hjól og á því lærði ég að hjóla. Svo var
ról á milli hverfanna og þar komum
við krakkarnir mikið saman.“

Barnapössun er eitt af því sem
Guðbjörg sinnti meðan hún var barn,
eins og þá var tíft, og talsvert var um
sendiferðir í mjólkurbúðina í Her-
skálakampi. „Það var fínt að fara
þangað á morgnana því við krakk-
arnir fengum enda af vínarbrauðum
þar,“ rifjar hún upp.

Erfiðari eru minningar Guðbjarg-
ar frá skólaverunni enda kveðst hún
hafa þjást af lesblindu sem á þeim
tíma var enginn skilningur á. „Ég var
stimluð tossi og flosnaði upp úr námi
en fékk uppreisn æru fyrir nokkr-
um árum, því þá fór ég í skóla. Það
er aldrei of seint. Nú starfa ég fyrir
lesblinda auk þess að vinna með fötl-
uðum bæði í skóla og á samþýli. Það
hefur orðið lífsstarfið mitt. Mér hefur
vegnað vel, ég hef verið reglusöm og
sérlega heppin með börnin mín.“

gun@frettabladid.is



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS heldur úti heimasíðu, www.ljos.org, þar sem finna má ýmsan gagnlegan fróðleik um lýsingu. Þar er líka hægt að hlaða niður bæklingnum Góð lýsing á heimilinu sem hefur eins og heitið gefur til kynna að geyma ýmis ráð sem koma húsráðendum að góðum notum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

KLEPPSVEGUR 152 • S: 554 7755

ÚTSALAN ER HAFIN

Bjóðum VISA Lán til 36 mán

 www.heitirpottar.is

VERÐHRUN

Bjóðum 15 tungusófa
í 4 mismunandi áklæðum



á aðeins
69.000,-
verð áður 139.000

yfir 200 gerðir af sófum

Patti lagersala
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími: Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

ALLT NÁM

Alla þriðjudaga



Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir kát yfir fallegu pari könnu og bolla sem má nota hvort heldur fyrir kaffi eða vintár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ómótstæðilegt par

Nýttistefna er slagorð nútímans þegar kemur að hönnun, heimili og innbúi. Nútímamaðurinn er fjölhæfur og hlutir koma til margs gagns, eins og kaffikanna og bolli á fertugsaldri sýna þegar á veisluna reynir.

„Ég fékk þessa könnu í þrítugs-afmælisgjöf frá Degi Óskarssyni, frænda mínum og miklum vini, en við höfum alltaf átt einstakt samband og deilum saman vinnustofu í dag,“ segir Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir, myndlistarmaður og hönnuður, um einn uppáhalds hlut sinn af mörgum heima.

„Dagur útskrifaðist úr Listaháskólanum í fyrravor og fékk þar það verkefni að búa til nýjan hlut úr fundnum hlutum, en þannig varð þessi kanna til. Hún er búin til úr gamalli emaleraðri kaffikönnu frá sjöunda áratugnum, ljósakrónu úr gleri sem býr til á hana virðulegan kraga og tappa úr gamalli glerkaröflu. Svona þrískipt kemst hún í hátíða-

búning og þá getur maður notað hana fyrir rauðvín líka, vegna karöflutappans sem smellpassaði ofan í perustæði ljósakrónukragans sem smellpassaði svo aftur ofan í kaffikönnuna,“ segir Ingunn og hellir rjúkandi kaffisopa ofan í annan uppáhaldshlut, sem myndar ómótstæðilegt par við könnu Dags.

„Mér finnst gaman að stilla könnunni upp með bolla Hrafnkels Birgissonar hönnuðar, en hann notar svipaða hugsun og Dagur með gamlan kaffibolla sem hann hefur steypt á nýjan glerfót og getur því notast bæði sem kaffibolli og vínglas. Ég hef parið mest upp á punt því ég á bara einn bolla eftir Hrafnkel en þarf að

eignast fleiri til að geta boðið í kaffi- eða rauðvínsboð,“ segir Ingunn og sýpur úr bollanum við gamaldags borðstofuborð úr tekki. Yfir því hangir málverk eftir vin hennar Árna Þór Árnason myndlistarmann, sem er í miklu dálæti hjá henni.

„Heima hafa allir hlutir sögu og hver hlutur er vandlega valinn inn. Húsmunir koma margir frá foreldrum okkar og margt frá afa mannsins míns, sem var einn af fyrstu húsagarnaarkitektum Íslands,“ segir Ingunn, sem meðal annars er kunn fyrir gjóskulaga blokkir sem hún selur í söfnum, galleríum og á nýju vefsíðunni birkiland.is, sem selur íslenska hönnun.

thordis@frettabladid.is

Vertu viðbúinn

Tilboð til 15. október á hjólbörðum

Sleptu því að lenda í röð - komdu til okkar núna og fáðu hágæða Bridgestone loftbóludekk fyrir veturinn á tilboðsverði

15% afsláttur af öllum heilsársdekkjum fyrir fólksbíla og jeppa

20% afsláttur af umfelgun fyrir fólksbíla og jeppa



Bridgestone loftbóludekk eru umhverfisvænn kostur Engir naglar = minna svifryk

Við geymum dekkin á dekkjahótelum fyrir þig!

ALORKA
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

REYKJAVÍK - Tangarhófi 1, s. 577 3080
AKUREYRI - Réttarhvamur 1, s. 464 7900
www.alorka.is

Umboðsaðili á Íslandi fyrir
BRIDGESTONE

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

 30-450 lítrar


Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

HEIMILI

TEJO REMY og Rene Veenhuizen hönnuðu þennan sófa sem er búinn til úr tennisboltum, en hönnun með áherslu á enduruninn efni er að sækja í sig veðrið. Enda á engan hátt hallærisleg eins og sést af sófanum.



Þegar úðað er innanhúss fyrir skordýrum með K-Othrine þarf heimilisfólk að vera í burtu að lágmarki fjórar klukkustundir. Lítil börn, veikt fólk, ofnæmissjúkir, ófrískar konur og gæludýr eiga að vera í burtu að minnsta kosti átta til 24 klukku-stundir.

Til leigu í Skútuvogi 1G

Skrifstofuhúsnæði—187 fm



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er 187 fm að stærð. Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Góð eldhúsaðstaða vel búin tækjum.

Miklir möguleikar.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h- Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan s: 585-8900 / 894-4711. e-mail : kjartan@jarngler.is



„Bútasamur er svipaður og gólf, tómstundagaman sem skapar ánægju. Teppin eru bara bónus,“ segir Jóhanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Ohio-stjarnan var þema keppni sem Jóhanna tók þátt í Birmingham og vegnaði vel. Teppid var á sýningum erlendis í ár, meðal annars Quilt Expo í Lyon.

Bara saumað beint

Á haustin fær handverksfólk fiðring í puttana, þar með taldir búta-saumarar. Jóhanna Viborg er ein þeirra. Hún elskar bútasam.

„Lengri kvöld kalla á alls konar dund og því er alltaf uppsveifla í handverki á þessum tíma árs,“ segir Jóhanna Viborg. „Svo er þannig að þegar harðnar á dalnum í þjóðfélaginu þá eflist heimilisiðnaður.“

Margir kannast við Jóhönnu úr versluninni Frú Bóhildi sem hún rak um árábil og er reyndar enn með opna tvö kvöld vikunnar auk þess að reka vattstunguþjónustu. Jóhanna var í fararbroddi um tut-tugu kvenna sem fóru á árlega bútasamssýningu í Birmingham á

Englandi í ágúst. Hefur farið þrisvar áður og segir Jóhanna alltaf jafn gaman, enda sýningin sú stærsta í Evrópu og fjölbreytni verkanna mikil. „Svo er þetta eins og á góðu ung-mennafélagsmóti, keppt í hinum ýmsu greinum,“ segir hún glaðlega.

Spurð hvort nauðsyn sé að eiga góða saumavél þegar ráðist sé í bútasam svarar hún: „Það er æskilegt að vélin flæki ekki. En í bútasam þarf bara að sauma beint



Bútasamur fer vel í borðdúkum.

áfram. Gömul handsnúin vél getur verið fullgóð.“ Heimsíða Jóhönnu er www.bothildur.is og þar er tengill inn á sýninguna í Birmingham.

gun@frettabladid.is

Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða

**Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C

Box 281 202 Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

ÞALLT SEM ÞIG VANTAR

Smáauglýsingasíminn
er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Riding Iceland
Fjór hjóla og mótorhjólaleiga

Fjór hjóla leiga: Can-Am Outlander 400 XT, 2ja manna. Kawasaki KVF 750. Mótorhjólaleiga: Suzuki VSTROM 650. Kawasaki KLR 650. Kawasaki VERSYS 650. Yamaha XT 660.

Fjór hjóla og mótorhjólaleigan
Sími: 6951855
www.ridingiceland.is

EINKABÍLAR

GLÆSILEG NETBÍLASALA!

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ

Einkabílar
Sími: 5124040
http://www.einkabilar.is

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði !
Eigum úrvar nýrra sparneytna dísel Renault sendibíla. Trafic , Trafic Hi-roof, Trafic 9 manna, Master Hi-roof, ofl . Verð frá 2.090þ til 2.795þ án vsk.

NISSAN PATROL ELEGANCE 3.0 DIESEL
Nýskráður 11.2001. Upptekin vél frá 1H ek 18þ.km , ekin alls 123þ.km, Sjálfsk, Ný 35" dekk . Leður ofl. Athuga skipti . Verð 2.490þ

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TOYOTA
Reykjanesbæ

Toyota Prius Hybrid nýskr. 12/2007. Ekinn 1þ. km, sjálfskiptur og álfelgur. Tilboð 2.990.000 Uppl. í síma 420 6600.

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19, 260
Reykjanesbær
Sími: 420 6600

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

VW Polo Comfortline, árg. 2007,
ek.13þús.km, Beinsk. Geislaspíllari, Rafmagn og fl. Stgr.Tilboð 1650þús.kr, Ásett Verð 1790þús.kr.!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Fólksbílar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Dæmi um 2007/2008: Dodge Caliber frá 2.030 þús., Dodge Caravan og Chrysler Town and Country frá 2.000 þús., Toyota Camry frá 2.550 þús., Dodge Charger SXT frá 2.400, S. 5522000 - www.islandus.com:

HYBRID REYNSLUAKSTUR

TOYOTA CAMRY
192HP - 5,5L/100KM!
PRUFADU Í DAG

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com:

Benz E 220 Diesel Elegance Árg'96 Sk 09 ekin 270þús verð 570 þús Sími 6699830

Vinnubílar til sölu
2.Cit.Berlingo árg.2007 bensín, 1.Cit. Berlingo árg.2007 dísel, 1.Opel combo árg.2007 dísel, 1.Nissan Primaster árg.2007 dísel. Yfirtaka á góðum erlendum lánum. Uppl. Stefán 824 1450.

250-499 þús.

VW Golf Comfortline '99. beinsk. Ek: 96þús. Sk:09 Verð: 410.000. S: 6976533

1-2 milljónir

Bens E320 árg.'99 ek. 195 þ. Verð 1.750 þ. V.dekk á felgum fylgja. S. 893 1863.

volkswagen transporter ár 2003 ekinn 118000 mjó gott eintak sími 8492401

2 milljónir +

HYBRID REYNSLUAKSTUR

TOYOTA HIGHLANDER
270HP - 7,8L/100KM!
PRUFADU Í DAG

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 5522000. Hybrid-bílar eru nú fánlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com:

Mustang árg. '05. 500 hö. ek. 25þ.km. Verð 6.490 þ. áhv. 5.1 millj. flott eintak. Uppl. 893 1863.

MB Sprinter 318 CDI. 2007 Ekinn 12000. 5 manna. Allur klæddur og einangraður, oliumiðstöð m fj.st. Aukarafgeymir original ofl. Skipti athuguð. S; 8211173

Bílar óskast

Okkur vantar allar tegundir af bílum á skrá og á staðinni. X4 bílasala S: 565-2500 og 565-9600.

Jeppar

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Hybrid Jeppi

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af jeppum. Dæmi um 2007/2008: Dodge Durango frá 2.900 þús., Ford Explorer frá 2.900 þús., Jeep Grand Cherokee frá 3.000 þús. S. 5522000 - www.islandus.com:

Til sölu Toyota LC 100 1998 breyttur 35" dökk grænn einn m/öllu upl 8927687

Reglusamt par yfir 20. óskar eftir leigu-íbúð á viðráðanlegu verði, erum reyklauss og skilvís á greiðslur, með okkur fylgja 2. ógeltir og þríflegir smáhundar. Uppl í síma 6948225 Hulda

Pallbílar

Stórútsölur í USA styrkja þína krónu!

Pallbílar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Haustútsölurnar í USA lækka verð og auka kaupmátt. Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Griptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F250 frá 2.400 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tundra frá 2.700 þús., GMC Sierra C/K 1500 frá 2.600 þús. S. 5522000 - www.islandus.com:

Vörubílar

Til sölu kranabíll. Uppl. í síma 897 2289.

M.Benz árg. 2001, ek. 204 þús.km. Nýskoðaður. Verð 4 millj + vsk. Toppbíll. Uppl. í s. 822 3650.

Hjólbarðar

Dekk og felgur undan 100 Cruiser verð 90 þús, kengurgrind verð 60 þús sími 6699830

Vinnuvélar

SPJÖTLYFTUR
og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.

S. 565 4646

www.armac.is

Bílaþjónusta

GÆÐABÓN ÁRMÚLA 17A
Opið Mán-fös 8-18 S. 568 4310

KRINGLUBÓN ekið inn stórt-Litli turn. Opið mán-fös 8-18 Lau 10-18. S. 5342455

GÆÐABÓN Hafnarfirði bílaj. Firðinum (undir verslunarm.)

ÞAÐ BESTA FYRIR BÍLINN DINN

ALPRIF, MÖSSUN, TEFLON, BRYNGLJÁI, DJÚPHREINSUN.

Varahlutir

Bílhutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrís.

Japanskar Vélar/Bílastart, Bílapartasala
Erum að rífa Swift '07, L200 '07, D-Max '07, Mazda Tribute '05, Captiva '05, Tucson '05, HRV '04, C3 '04, Focus C-max '04 og flestar tegundir japanskra og kóreskra bíla. Einnig VW og Opel. Opið 08-18. S. 565 3400, partasolur.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Sími: 662 0 662

Flutningsþrif * Hreingerningar Teppahreinsun * Gluggaþvottur Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki ***** Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Sími: 868 5599

Tökum garðinn í gegn! Góttibonun - Bónleysing Hreingerningar - Flutningsþrif Gluggaþvottur - Teppahreinsun Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum

www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér þrif í heimahúsum. S. 894 0947, Ewelina.

Vy-þrif ehf.
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsum Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

Ræstingar

tek að mér þrif í heimahúsum er vand-virk og vön uppl s 6983473

Garðyrkja

Smágröfuleiga Drenlagnir Skoplagnir Jarðvegsskipti

Upplýsingar í síma: 824 7565 Beggi 696 6676 Bjóssi

Garðþjónusta Íslands
Haustklippingar, haustþrif, trjáfellingar og öll önnur almenn garðvinna. S. 866 9767.

Bókhald

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulturinn.is

Bókhald - launavinnsla - þjónusta við erlent vinnuafli

Bókhald, vsk-skil, laun, framtöl, stofnun ehf. dvalarleyfi, ráðningasamningar, ofl.

Fagbókun & Ráðgjöf - Síðumúla 29 -561-3000 www.fagbokun.is

Málarar

Múrum og málum !
Tökum að okkur múr- og málningavinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. **Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.**

Ódýr sandspörsun og málun. TS Málun ehf. Sími 663 3393.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vöruf., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsaviðhald

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117

Málrameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu. Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár. www.vidhaldsvirkni.is virkni@vidhaldsvirkni.is S. 517 0117 & 661 0117

Parketslípun
völpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Golf list

Fagmenn.is
5 52 53 54

Eru fagmenn að vinna fyrir þig?

Byggjum Breytum Bætum

Málarar - Múrarar
Rafvirkjar - Píparar
Smiðir - Hönnuðir
Húsaviðgerðir
Múrviðgerðir
Parket/Flísalagnir
Sandspórtflun

Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!

Húsaviðhald!

Pak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna. Trésmíði, múrverk, málningarvinna ofl. S. 847 6391 & 891 9890.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsaviðgerðir og málun

Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Þjónusta

♦ **STEYPUSÖGUN**
♦ **KJARNABORUN**
♦ **MÚRBROT**
LÍNUBORUN EHF

820 0070 **577 5177**

parketogsmidar.is

Parketlagn/slípun, gluggaskipti, þakviðgerðir, uppsetning á veggjum og öll almenn smíðavinna. Uppl. í s. 896 9819.

Hofsvík ehf
Flísalagnir, múrviðgerðir, hellulagnir skjólgirðingar ofl. S: 6998509

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Flísalagnir

Flísalagnir parketlagnir málning S. 896 7786, Julian. flispol@simnet.is

Stíflubjónusta

Stíflubjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflufjonustan.is

Tölvur

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA

ADSL- LÍÖSLEIÐARA- OG WIMAX TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHYLSINGAR

VERÐIÐ hjúsingar
Verð frá **990.-**

HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
525 2400
WWW.VORTEX.IS

WWW.VORTEX.IS

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI - Spámiðill

Spái í spil og kristalkúlu. Fyrirbærir. Sími 557 4391, www.engill.is

www.ortagalinnan.is

Örtaga línán

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma **595 2001 & 908 1800**

Hanna S. 555 2927
visa/euro

Andleg leiðsögn Fyrirbærir Draumar Tarot

Er við alla virka daga frá hádegis.

Englaljós

S. 908 7000 & 863 1987

Tarot, miðlun, fyrirbærir.

Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar.

Tímáptantánir í s. 587 4517 Erla

Kristjana spámiðill.
Tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita.
Pantið tíma í síma 554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Ólöf spámiðill

Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarot ofl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fliót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

RAFLIST

Löggildir rafverktakar

Getum bætt við okkur allari Almennri raflagnavinnu, Nýlagnir og viðaldsvinnu. Upplí s. 823-8860 & 696-0502 www.raflist.is

Pípulagnir Raflagnir

Viltu lækka hitakostnaðinn er ójafn hiti? Yfirförum vatns- og hitakerfi, endurnýjum raflagnir í eldra húsnæði, hitastillingar og viðgerðir.

Verklaginn ehf
Vagnhólða 8
S. 517 2010 & 662 6009

Önnur þjónusta

20% afsláttur á yfirfærslum af video á DVD

Tilboðið gildir til 31. ágúst

517 4511
www.gagnvirkni.is

GAGNVIRKNI
Hlíðasmára 8, Kópavogi

Leðurlitun

Hjá okkur öðlast leðrið nýtt líf! Sérhæfum okkur í leðurlitun á bílsætum og húsgögnum. Heillitum og blettum.

Viðurkennd efni - Áratuga reynsla
S. 824-1011 & 892-6890 • www.toms.is

KEYPT & SELT**Til sölu****stubbahús.is**

Stubbahúsin f. utanhúss reykjar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

Til sölu mjög fallegur síður pels. Dökkbrúnn. Nánast ónotaður. Selst ódyrt. S. 565 1566.

Óskast keypt

Timbur í hestaskjól. Sperruefni og klæðning. Orri 8963399 eða orri@frumherji.is

Hljóðfæri

Tilboð

Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhólða 27. S. 552 2125 www.git-arinn.is

Dúndurtílbóð!

Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhólða 27. S. 552 2125 www.git-arinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumáli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

ATIKA PROFI
steypuhræivélur
Tilboðsverð 47.000,00 með VSK.

Wendel
Tangarhólða 1 | 110 Reykjavík | Sími: 551 5464 www.wendel.is

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Verslun

amor

Egg í miklu úrvali **frá kr. 590.-**

Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum
• **INTIMO** •

Örugglega besta ráðgjöf!
Tökum að okkur heilmiklar ákvarðanir

Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.

Kannaðu málið á bathmate.is

TANTRA
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPIÐ MÁN-FÖS 12:00-20:00 OG LAUGARS, 12:00-18:00 OG Í HLÍÐASMÁRA Á SUNNUD. 12:00-18:00

FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

HEILSA**Heilsuvörur**

Þú nærð góðum árangri með Herbalife

FYRIR **EFTIR**

Berggrun Ingimarsdóttir
Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.berggrun.is

Sjálfstæður dreifingaraðili

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðupjálfi/einkabj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Þýsk þyngdarstjórn!

Náðu stjórn á þinni yfirþyngd með lítilli fyrirhöfn! Uppl. í s. 822 5443, allax@simnet.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Líkamsrækt

ERTU STIRÐUR?
Bubbigunn@worldclass.is

Ég sérhæfi mig í liðkun, teygjum, og hópþjálfun. Pakkatilboð. Upplagt tækifæri fyrir vini og vinnufélaga.

BETRA VERÐ.

Sími: 897-2400

Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ekta Bodynudd,Heilnudd. Sími 848 6255 ATH:svara ekki leynirn

Snyrting

VILTU NÁ ÁRANGRI?

Meira prótein, færri hitueningar, flottari vöðvar Orkan í lag meira óthald. Nýr lífsstíll...

Herbalife... það er málið
Aubur 693-2965 / Hanna 892-4284
Lilja 663-0670 / Rakel 868-3017
Rósalind 898-6559


SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is

S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ**Dýrahald**

Heirnæktaðir ættbókafærðir Rottwailer hvolpar til sölu. Tilbúin til afhendingar 22 okt. Uppl. í s. 567 8220 & 771 4311.

Schafer hvolpar til sölu, undan Sleggjubeina Esju og Gildewangen's Istan. Heilsufarskoðaðir og ættbók frá HRFÍ. Uppl. 8680753 eða degas7@simnet.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR**Fyrir veiðimenn**

Stórgóðir laxa- og silungamaðkar. Uppl. í s. 695 9774 eftir kl. 14

Hestamennska

EIK-EIK-EIK EIK í hestagrindur og veggjaklæðningar hefluð nótuð og vel þurrkuð pantið tímanlega. Uppl. í s. 691 8842.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjelpur.is



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

ÞARFT ÞÚ AÐ SELJA?
Það kostar þig **EKKERT** að skrá eignina þína hjá okkur.
Löggiltir fasteignasalar með þér alla leið.

Sími 511 5005



... það borgar sig!

HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is

fasteignir

29. SEPTEMBER 2008

Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?

Þarftu hentugra húsnæði?

Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000



Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lágmúli 7 • 108 Rvk.

Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma

Hafið samband við sölumenn okkar
og fáðið nánari upplýsingar.

S: 590 7600



Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk.



Umhverfið við Laugalæk er barnvænt og stutt í alla þjónustu.

Stutt í skóla og sundlaug

Fasteignasalan Hof hefur til sölu 162,4 fermetra raðhús á þremur hæðum við Laugalæk í Reykjavík.

Eignin er með tvennum svölum og skjólgóðri verönd sem snýr í suður. Hún er í barnvænu umhverfi, örstutt í alla þjónustu, skóla, leikskóla, sundlaug og íþróttasvæði.

Komið er inn í forstofu og

þaðan gengið upp á miðhæð hússins þar sem er rúmgott eldhús og björt stofa. Í eldhúsi er nýlökkuð upprunaleg innrétting með góðu skáaplássi. Frá stofu er gengið út á svalir sem snúa í suður og þaðan niður á verönd með skjólvegg.

Þegar gengið er upp á efri hæð eru svalir til norðurs. Á efri hæð er rúmgóður stigapallur, flísalagt baðherbergi með sturtu og þrjú svefnherbergi, þar af fataskápar í tveimur.

Í kjallara er eitt svefnherbergi, salerni og rúmgott þvottaherbergi með baðkari. Undir forstofu og stiga er rúmgóð geymsla með útgangi á framlóð hússins.

Gólfefni eru eikarparkett, teppi og lökkuð flotflögn. Óeinangrað geymsluloft er yfir öllu húsinu og nýtt járn á þaki. Náttúruflísar eru á lóð að framanverðu.

Ásett verð er 39,5 milljónir og nánari upplýsingar má fá hjá fasteignasölnunni Hofi.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumat
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft að aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969





Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson Þórhildur Sandholt
lögg. fasteignasali lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnir:

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.

FREMSTIR Í ATVINNUFASTEIGNUM

Hlíðarsmári 6

Kópavogi

Stóreign er með þessa 1.901 m² eign til sölumeðferðar. Húsið hentar einkar vel til skrifstofu, þjónustu og verslunarreksturs. Í dag er 5. og 6. hæð glæsilega innréttuð með parketi á gólfum, glerskilrúmum og in-nfelldri lýsingu. Einnig er jarðhæðin innréttuð eins og eru gólfsíðir gluggar sem gætu hentað verslunarrekstri. Möguleiki er að skipta húsinu upp í nokkrar sjálfstæðar einingar.

- Húsið afhendist fullbúið að utan og innan.
- Gott bílplan við húsið.
- Jarðhæðin tilvalin fyrir verslun eða þjónustu.
- Húsið vel staðsett við aðal samgönguæð.
- Góður fjárfestingakostur.
- Byggingarár 2007

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7, -s. 590-7600.

Skútuvgur 3

Reykjavík

3.753 fm lager og skrifstofuhús við Skútuvgur í Reykjavík. Húsið er byggt í tveimur hlutum annars vegar 1992 og byggt við það 2000. Húsin eru byggð úr forsteyptum. Húsið byggt 2000 er áklætt að utan, með bárujárn og áli einingum. Húsið skiptist í lagerpláss og skrifstofuhluta ásamt aðstöðu starfsmanna.

- 6 innkeyrsluhurðir
- Lóðin er 6.710 m² með góðri aðkomu
- 1050 fermetra frystigeymsla er í húsinu með tveimur innkeyrslu hurðum.
- Lofthæð í lager er mikil.
- Góð fundarherbergi í skrifstofu-einingu.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7, -s. 590-7600



Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson Þórhildur Sandholt
lögg. fasteignasali lögfr. og lögg. fast.sali
storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnr:

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmulí 7. 108 Rvk.

TIL LEIGU



Vagnhöfði 7 - iðnaðarbil

Gott 130 fm innkeyrslubíl. Þetta er gott og bjart húsnæði, stórt plan og góð aðkoma. Sanngjarnt leiguverð.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 - 590-7600



Fiskislóð - 3440 fm

Vel hannað verslunar og lagerhúsnæði. Húsnæðið er í byggingu og verður fullfrágengið og tilbúið til afhendingar á haustmánuðum. Möguleikar á að skipta húsinu í minni einingar. Góð lofthæð og næg bílastæði.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 - 590-7600



Faxafen - 112 fm

mjög gott verslunar eða þjónustupláss við Faxafen 9. Húsnæðið er afar bjart og gott með góðum gluggum bæði að framanverðu svo og er gluggi á enda húsnæðisins sem snýr út á aðal akstursleiðina í gegn um Faxafenið. Ýmsir möguleikar eru með húsnæðið allt frá verslun til hárgreiðslustofu. Húsnæðið er að mestu eitt rými.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 - 590-7600



Klettagarðar 6 -Sundahöfn

Stóreign býður til leigu þessa öflugu eign. Um er að ræða 2.440 m² stálgrindarhús. Húsnæðið skiptist í aðalsal sem er 1780 m² með allt að 12 metra lofthæð, þrennar stórar innkeyrsludyr sem möguleiki er á að hækka. Og 660 m² skrifstofu og lagerrými. Húsið er afar vel staðsett við svæði skipafélaganna í Sundahöfn. Aðkoman að húsinu er afar góð og næg bílastæði. Gott athafnasvæði t.d. fyrir gáma og f.l. Tveir hlaupakettir með brautum þvert yfir húsið með 6,3 tonna lyftugetu í aðalsalnum. Um 660 m² starfsmannaaðstaða, lager og skrifstofur eru á millilofti. Óflugt loftræstikerfi er í öllu húsinu.



Víkurbær 7 - Kópavogi

Stóreign býður til leigu glæsilegt 2863,5 m² skrifstofu, þjónustu og verslunar húsnæði ásamt bílakjallara við Víkurbær 7 í Kópavogi. Húsnæðið skiptist í tvær hæðir, innregna þriðju hæð og kjallara. Lyfta verður í húsinu. Innréttað að óskum leigjanda. Kjallari er samtals 822,7 m². Jarðhæðin er 903 m² með 3,8 metra salarhæð. Önnur hæðin er 840 m² með tvennum svölum. Þriðja hæðin er 387 m² innregin með ca 440 m² svölum. Bílageymsla með tengingu við kjallara . Möguleiki er á að leigja húsið í minni einingum

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 – s. 590-7600



Borgartún 3 - Heil Húseign

alls um 1560 fm, Þetta er glæsilegt hús í góðu ástandi, góð gólfefni og innviðir í góðu ástandi. Húsið er alls 4 hæðir með lyftu þannig að þetta getur hentað fyrir ýmsan rekstur allt frá verslunar og þjónustuhúsnæði á jarðhæð til lögfræði eða fjármálaþjónustu. Húsið er laust til afhendingar fljótlega Ýmsir möguleikar eru á hvernig húsnæðinu er skilað fer allt eftir þörfum leigutaka.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 - 590-7600



Norðlingabraut 12 - Norðlingaholti

Stóreign býður þessa miklu eign í Norðlingaholtinu (Mest húsið) til leigu. Eignin er samtals 4860 m², þar af er bílakjallari 1269 m². Húsnæðið skiptist í afar gott verslunarrými á jarðhæð ásamt stórum og góðum lager með mikilli lofthæð. Á efri hæð hússins eru 9 skrifstofur (misstórar), salerni, fundarherbergi, gott eldhús og mótuneyti. Mikið útsvæði er við húsið sem stendur rétt við Suðurlandsveginn. Auglýsingargildið er ótvírátt afar gott. Þetta er húsnæði sem getur hentað fyrir ýmsan rekstur. Húsnæðið er tilbúið til afhendingar strax.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 – s. 590-7600



Bæjarlind 14-16

Mjög góð skrifstofuhæð á efstu hæð við Bæjarlind í Kópavogi. Húsnæðið er um 231 fm húsnæðið er opið og bjart, allt nýtekið í gegn parketi er á gólfí. Lagnastokkar eru í mestum hluta. Þessi eign er laus nú þegar.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmulá 7 - 590-7600

FREMSTIR Í LEIGU ATVINNUHÚSNÆÐIS



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmulí 7 • 108 Rvk

535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



Skeggjagata - Heil húseign

U.þ.b. 300 m² hús á þessum gróna vinsæla stað í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær fallegar 98 m² þriggja herbergja íbúðir. Þar að auki eru 4. herbergi sem eru leigð út og er sameiginlegt eldhús og baðherbergi í kjallara til afnota fyrir þau. Íbúðirnar eru fallegar með parketi á gólfum nema á baði og eldhúsi, þar eru flísar. Fjórar geymslur eru í kjallara. Bílskúr fylgir. Verð 89 millj.



Öldugata 10 – Virðulegt einbýli

245,4 m² einbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur. Eignin skiptist í þrjár hæðir auk bílskúrs. Á efstu hæð er baðherbergi, þrjú góð svefnherbergi og um 15 fm svalir. Á miðhæðinni er anddyri, gestasalerni, hol, tvær stofur og rúmgott eldhús. Í kjallara er 3ja herbergja íbúð með séringngangi, geymsla og þvottahús. Gólfefni eru aðallega náttúrusteinn og parket, nema í kjallara er að mestu dúkur. Það er búið að taka allt rafmagn í gegn og gler er nýlegt, nýtt eldhús, öll gólfefni nýleg og skolplagnir nýlegar. Óskað er eftir verðtilboðum

Getum bætt við okkur eignum á skrá - Fagleg vinnubrögð



Hrafnhólar – 3ja herb

79 m² þriggja herbergja íbúð við Hrafnhóla í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofugang, eldhús með borðkrók, stofu, tvö svefnherbergi og baðherbergi baðkari og opnanlegum glugga. Verð 17,9 millj



Hjallabraut - 4ra herb.

108,1 m² á 3. hæð við Hjallabraut, Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og hjónaherbergi. Verð 22,5 millj



Álakovís - 4ra herb. Séringngangur

115,1 fm. endaíbúð með séringngangi í þríbýli ásamt 30 fm. staði í bílageymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð fyrir þremur árum. S.V. svalir. Laus við kaups. Verð 34,9 millj.



Lautasmári - 4ra herb m/bílskýli.

115,8 fm íbúð mjög vel staðsett í Kópavogi. Þvottah. í íbúð. 16,7 fm staði í bílskýli. Parket og flísar. Beyki innrétting í eldhúsi. Verð 28,5 millj.



Stigahlíð - 3ja herb

84 fm íbúð stutt frá H.R. og Kringlunni. Ný gólfefni, nýtt rafmagn, eldhúsinrétting nýlökkuð, nýjar flísar. Verð 25,9 millj.



GRENIMELUR- 88 fm NEÐRI SÉRHÆÐ

Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið fallega endurnýjuð á síðustu 4 árum. Verð 32,5 millj.



Kirkjuvegur - Nýtt einbýlishús

Nýtt 200 fm hús nálægt miðbæ Hafnarfjarðar. Innb. bílskúr. Húsið er fullbúið að utan murað hvítlituum múr og tilbúið til innréttingar. Hiti í gólfum. Tilboð óskast.



Grettisgata-Miðbær-Einbýli

Tvilyft hús með kjallara, samtals. 138 fm og 50 fm 2ja herb viðbyggingu. Búið að endurnýja allt húsið glæsilega. Lán getur fylgt. Verð 48 millj.



Fáfnisnes 101- lítið sérbýli.

87,5 fm. parhús á tveimur hæðum í Skerjafirðinum. Skjólsæll garður með heitum potti. Húsið skiptist í forstofu, herb., baðherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. Verð 34 millj.



Stórikriki - Mosfellsbæ

250 fm.vandað gullfallegt einbýlishús á einni hæð ásamt stórum bílskúr. Innréttingar og tæki frá þekktum hönnuðum. Sjá frekari uppl á stakfell.is. Verðtilboð



Bakkasel - Raðhús

264 fm tvilyft raðhús með sér kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Verð 49,5 millj.



Garðhús - raðhús

192,5 fm raðhús í Grafarvogi. Húsið allt innréttað á vandaðan máta. Garður með sólpalli mót suðri. Innb. bílskúr. Verð 53 millj.



Kúrland 19 - Raðhús.

300 fm tvilyft raðhús. Efri hæð: anddyri, stofa, eldh., 4 herb. og bað. Neðri hæð: forst., hol, 4 herb., bað, þvottah. og geymsla. Verðtilboð



Norðurbakki - "Penthouse"

Glæsileg 121 fm íbúð á 4.hæð. Stórar saml. stofur - hátt til lofts. Tvö staði í bílageymslu. Afhendist án gólfefna.Verð 57 millj



Safamýri - Efri sérhæð

162 fm sérhæð í þríbýli í 105, Reykjavík. Bílskúr. Búið er að taka eignina alla glæsilega í gegn að utan sem og innan. Verðlaunagarður 2007. Tilboð óskast



Hagamelur - 3ja herb

70,4 fm. björt íbúð á efstu hæð í V-bæ Rvk. Stutt í H.I. og miðbæinn. Parket og flísar á gólfum. Verð 22,9 millj.



Grandavegur - 3ja herb. - 60 ára +

86,9 fm íbúð á 1. hæð. Þvottah. í íbúð. Geymsla í kjallara. Öryggishnappar í íbúð. Ýmisleg þjónusta í húsi. Verð 29,5 millj.



Stórholt - 3ja herb

67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt. Parket og hurðar úr Eik. Verð 23,5 millj



Ásvallagata - 3ja herb

70,3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin skiptist í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.I. Verð 21,8 millj.



Njörvasund - 2ja herb

71,8 fm herbergja íbúð í kjallar í fallegu þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í sundunum. Verð 19,8 millj



Herjólfsgata- 60 ára +

96 fm. 2ja herb. útsýnisbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Stofa, eldhús, svefnh., milliloft og bað. Stór geymsla. Bílageymsla m/þvottaðstöðu. Verð 32,9 millj.



Rauðarárstígur - 2ja herb.

48 fm íbúð á 1. hæð, 101 Rvk. Hvítar fulninga innr. í eldhúsi. Bað flísalagt. Geymsla og þvottur í kjallara. Staði bakatil.Verð 15,5 millj



Skipholt - Nýjar íbúðir -

58 - 117 m² íbúðir, fullbúnar með eikarparketi og fallegum innréttingum. Íbúðir á 1. hæð eru með útgengi í garð. Verð frá 20,9 millj.



Rauðás - 2ja herb

53,7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólpallur móti V.S.V. Verð 17,2 millj.



Íðufell 8 - 2ja herb

68 fm í búið á 3 hæð með góðum áhvilandi lánun. Búið er að stækka stofuna með yfirbyggðum svölum. Verð 15,3 millj



Stakfell.is

535_1000



EKVADOR

Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.–12. okt. 2008



Ávarp bæjarstjóra

Ekvador – Suður-Ameríka í hnotskurn

Kópavogsbær beinir sjónaukanum að Ekvador á menningarhátíð 4.–12. október en Ekvador er stundum sagt vera Suður-Ameríka í hnotskurn.

Suður-amerísk menning og saga, þar á meðal tímabil Inkanna, er heillandi, tónlistin seiðandi og myndlist jafnt sem listiðnaður litrík og fjölskrúðug með tengsl við dulúð fortíðar og þjóðlegar hefðir, jafnvel töfra.

Íbúar Ekvador hafa á sama hátt áhuga á landi okkar og þjóð. Á ferð minni um landið síðastliðið vor sagði varaforseti Ekvador að margt mætti læra af Íslendingum á sviði orkunýtingar, menningar, jarðhita og fiskvinnslu. Menningarhátíðir í Kópavogsbæ eru skemmtilegar og fræðandi en þeim er einnig ætlað að greiða götu viðskipta og frekari samskipta Íslendinga við aðrar þjóðir. Áður hefur verið haldin spænsk, rússnesk, kanadísk og kínversk menningarhátíð í Kópavogi og þær hafa allar vakið verðskuldaða athygli.

Menningarhátíðin að þessu sinni færir Íslendingum áhugaverð brot af því besta frá Ekvador. Hún opnar fjarlægja heima sem hafa gert Suður-Ameríku að draumaveröld svo margra. Aldrei fyrr hefur svo viðamikil sýning á menningu og listum frá Ekvador og jafnframt

Suður-Ameríku verið sett upp hér á landi.

Ekvador liggur við sjó milli Kólumbíu í norðri, Brasilíu í austri og Perú í suðri. Það nær yfir mörg loftslags- og gróðurbelti þótt það sé aðeins tveimur og hálfum sinnum stærra en Ísland; frá Kyrrahafinu í yfir 6.000 metra hæð og niður í regnskóga Amasón handan þeirra. Mörg stór eldfjöll eru í Ekvador og nær tugur telst virkur. Rúmar 13 milljónir manna af ýmsu þjóðerni búa í Ekvador og eru indíánar um 40%.

Á hátíðinni í Kópavogi

kennir ýmissa grasa, eins og blað þetta ber glögglega með sér, til dæmis sýning hins óviðjafnanlega dansflokks Jacchigua, málverk Oswaldos Guayasamín, eins þekktasta myndlistarmanns Suður-Ameríku, og næfar myndir indíána, náttúrulífssýning tileinkuð Galapagos-eyjaklasanum, Inkagull og þjóðargersemar úr kirkjum nýlendutímans og glæsilegur teppavefnaður. Þess má geta að elstu munirnir á sögulegri menningarsýningu frá Ekvador eru frá því um 4000 fyrir Kristsburð og hafa aldrei jafngamlir gripir verið til sýnis hér á landi.

Forsmekkinn að menningarhátíðinni má fá í Vetrargarðinum í Smáralind sunnudaginn 5. október kl. 15. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Ég þakka öllum sem hafa komið að undirbúningi þessarar hátíðar um leið og ég þakka einstaklingum og fyrirtækjum fyrir að styðja við framtakið.

Gunnar I. Birgisson,
bæjarstjóri Kópavogs

Útgefandi: Kópavogsbær | Heimilisfang: Fannborg 2, 200 Kópavogi | Vefsíða: www.kopavogur.is
Netfang: kopavogur@kopavogur.is | Ritstjóri: Hrefna Sigurjónsdóttir | Ábyrgðarmaður: Linda Udengaard | Forsíða: PORT hönnun | Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471.

Við bjóðum alla velkomna
á básinn okkar nr. E20

kemi
www.kemi.is

Erum á sjávarútvegssýningunni
í Smáranum Kópavogi
2.-4.október 2008.

kemi

Sími: 544 5466 / www.kemi.is



Linda Udengaard segir Ekvador að vissu leyti ekki svo ólíkt Íslandi. Þetta er bæði eldfjalla- og jarðhitaland og náttúrufegurðin mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Land andstæðna

Menningarstofnanir Kópavogs spila stórt hlutverk á suður-amerískri menningarhátíð um Ekvador þar sem hægt verður að kynnst menningu landsins í hnotskurn.

Hátíðin, sem hefst næstkomandi laugardag, fer öll fram á sama bletti, eða á menningarhæðinni, og verður dagskrá í Gerðarsafni, Molanum, Salnum og Safnahúsinu.

„Þetta er í fimmta sinn sem við höldum hátíð af þessu tagi, en hún er haldin í samstarfi við listamenn og menningarstofnanir í Ekvador auk innlendra aðila. Í hvert skipti setjum við okkur inn í menningu viðkomandi lands og bjóðum Kópavogsbúum sem og landsmönnum öllum að kynnst henni með okkur,“ segir Linda Udengaard, deildarstjóri menningarmála hjá Kópavogsbæ. Það verður hægt að gera með fjöl-

breyttum hætti að þessu sinni en lista-, dans-, ljósmynda og kvikmyndasýningar verða í brenni-depli.

„Í Gerðarsafni verða til dæmis sýndir munir sem við höfum fengið að láni frá Guayasamín-safninu í Ekvador og þar má meðal annars berja verk Oswaldo Guayasamín, eins þekktasta myndlistarmanns Suður-Ameríku, augum.“

Dansflokkurinn Jacchigua kemur svo til með að sýna dans fyrir alla fjölskylduna í Salnum en hann þykir lýsa þjóðarsál og menningu Ekvador af miklu innsæi. „Í Safnahúsinu verður svo sýning tileinkuð náttúru Galapagos og menningu frumbyggja á meginlandi Ekvador. Þar verður meðal annars hægt að skoða sýnishorn af stærstu risaskjaldbököm heims auk þess sem leyndardómsfullur gripur verður afhjúpaður. Í bókasafninu verður svo boðið upp á kvikmyndasýningar og í Molanum verður hægt að

kynna sér matarhefð Ekvador svo eitthvað sé nefnt.“

Linda fór sjálf ásamt Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra og Ara Trausta Guðmundssyni jarðfræðingi og rithöfundu til landsins síðastliðinn vetur og kynntist þar heillandi andstæðum. „Þar upplifðum við bæði sveit og borg en Ekvador er land andstæðna. Þú ert uppi í fjöllum og öðru megin við þig er Amasón-frumskógurinn en hinum megin ströndin. Landið er að vissu leyti ekki svo ólíkt Íslandi. Þetta er bæði eldfjalla- og jarðhitaland og náttúrufegurðin mikil. Þótt þarna sé bæði að finna gríðarlegt ríkidæmi og fátækt er stjórnarfarið tiltölulega stöðugt miðað við það að landið er í Suður-Ameríku og það sést best á því að ferðamannastraumur þangað er að aukast,“ segir Linda og hvetur fólk til að koma í Kópavog og kynnst suður-amerískri menningu í hnotskurn.

- ve

Hangikjötið í uppáhaldi

Alex Játiva Ramos flutti til Íslands frá Ekvador þegar hann var tólf ára og hefur búið hér í fjórtán ár.

Móðir hans kom á undan, en hann kláraði grunn-skólann í Ekvador áður en hann flutti á Mánagötuna í Reykjavík með móður sinni.

„Mér fannst ekkert erfið að aðlagast og ég var fljótur að læra íslenskuna. Það var erfið fyrst í skólanum en krakkarnir voru góðir við mig. Ég talaði hvorki ensku né annað og varð bara að læra íslenskuna,“ rifjar Alex upp. Í Ekvador gekk hann í kaþólskan skóla þar sem reglur kváðu á um skólabúninga og jakkaföt á mánudögum.

„Mér fannst alveg frábært að geta verið í því sem ég vildi í skólanum. Það er meiri agi úti en það er ekkert endilega betra, bara öðruvísi. En mér fannst mjög gott að vera í frelsinu í skólanum hér. Ég saknaði matarins mikið en það er rosalega góður matur í Ekvador og mikil fjölbreytni. Algjör matarparadís. En svo vandist ég bara matnum og þetta varð ekkert mál. Jólamaturninn er uppáhalds íslenski maturinn minn og hangikjötið er mjög gott.“

Alex segir þjóðirnar tvær ólíkar í lung en blæs á þá sögusögn að Íslendingar séu kuldaleg þjóð. Fólkið í Ekvador sé þó opnara og glaðlyndara. „Munurinn liggur helst í skapinu. Mér finnst Íslendingar hjálpa manni ef maður þarf þess. Í Ekvador er fólk glatt yfir höfuð sama hvernig ástandið er en það er líka alltaf gott veður þar,“ segir hann hlæjandi.

Á miðvikudagskvöldið 8. október heldur Alex fyrirlestur á menningarkvöldi um muninn á Íslandi og Ekvador út frá sinni eigin reynslu. Hann hefur



Alex Játiva Ramos er ánægður með framtak Kópavogsbæjar í að kynna menningu Ekvador fyrir Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

verið tengiliður bæjarstjórnarinnar við Ekvadora við undirbúning hátíðarinnar og er ánægður með framtak Kópavogsbæjar.

„Mér finnst þetta frábært framtak og ég er rosa-lega stoltur af að geta kynnt land mitt og þjóð. Allt sem Ekvador er og hefur upp á að bjóða verður kynnt á þessari viku og það er tækifæri sem býðst ekki tvisvar.“

- rat

ALLT ^{til} JÁRNABINDINGA

MAX / HANA járnabindivélar & fylgihlutir
GMS / DINGLI járnaklippur & beygjuvélar
GMS handklippur & beygjulyklar
KRENN loftklippur fyrir járnammottur

Bindivír í járnabindivélar MAX / HANA
Niðurklipptur bindivír (u-hankir)
Fjarlægðastjórnur & stólar í steypumót
Mótavír & benslavír
Mótaborð 3000 x 500 x 21 & 2500 x 500 x 21 mm
Mótarör, kónar & þríkantslistar
Vinnuvettlingar fyrir járnammenn



Járnabakkar – lagervara & sérsníði

Framleiðum lykkjur úr steypustyrktarjárn

Sérþjálfaðir viðgerðarmenn fyrir MAX & HANA járnabindivélar
ásamt öllum varahlutum á lager.

El-Bike ehf er eini sölu- og þjónustuaðili MAX járnabindivéla á
Íslandi sem er óháður dönskum millilið.
Beinn innflutningur frá Japan.

Bindir
og vír

EL-BIKE

SÍMAR 564 6050 • 897 2794 • 892 7824 • 891 8824 • FAX 564 6053
e-mail: bindir@simnet.is • hjol@el-bike.is - Melabraut 22 220 Hafnarfjörður



„Dansinn ljáir mönnum frelsi, hamingju og sameinar fjölskyldur, kynslóðir og heilu heimsálfurnar. Nú ætlum við að hnýta Ekvador og Ísland saman með dansinum,” segir Rafael Camino, listrænn stjórnandi Jacchigua.



Þrjátíu dansarar og fimm manna hljómsveit koma fram á sýningunni, sem er einstaklega litrík og fjörug. Yngstu dansararnir eru níu og fimm ára.



Rafael Camino ólst upp meðal frumbyggja í litlum fjallaþorpum og þar lærði hann mikið af þeim dönsum sem Jacchigua sýnir. Slíkir dansar þekktust varla í borgum og bæjum landsins og urðu áhorfendur yfir sig hrifnir af dansi Jacchigua.



HÁR NÝ

Nýbýlaveg 28 • 200 Kópavogi • S: 554-6422 • harny@simnet.is • www.harny.is



Hér er Rafael, afinn síungi, að dansa ásamt barnabörnum sínum og fleiri dönsurum.

MYND/JACCHIGUA

Í dansspor forfeðra með Jacchigua

Rafael Camino stýrir dansflokki Jacchigua sem teflir fram 30 dönsurum og fimm manna hljómsveit í sýningum sínum í Salnum dagana 4. til 11. október. Hann þarf að glíma við heilsutap en hann er síður en svo í kröppum dansi heldur alsæll í dansi sem færir kynslóðir og þjóðir saman.

„Ég er sextugur og nær alveg blindur en ég er afar hamingjusamur og dansa af lífs og sálar kröftum,” segir Rafael, sem er listrænn stjórnandi Jacchigua dansflokksins, Rafael glímur við sykursýki og missti nær alla sjón fyrir fjórum árum. „Dansinn ljáir mönnum frelsi, hamingju og sameinar fjölskyldur, kynslóðir og heilu heimsálfurnar. Nú ætlum við að hnýta Ekvador og Ísland saman með dansinum. En ég hef líka ástæðu til að vera stoltur. Ég er mestísi, það er að segja ég ber blóð frumbyggja og evrópskra innflytjenda í æðum mínum. Ég er alinn

upp við mikla fátækt. Mitt fólk hafði ekkert tækifæri til að mennta sig, til dæmis var móðir mín ólæs og ég var öreigi í mörg ár. En ég hef náð langt og get því verið afar stoltur.“

Hann ólst upp meðal frumbyggja í litlum fjallaþorpum og þar lærði hann mikið af þeim dönsum sem Jacchigua sýnir. En slíkir dansar þekktust varla í borgum og bæjum landsins og þegar dansflokkurinn hóf sýningar sína fyrir sautján árum fyrir fullum söllum í borgunum urðu gestir yfir sig hrifnir en spurðu sig um leið „hvaðan eru eiginlega þessir dansar?“ „Þetta er til marks um það hversu fólk var ómeðvitað um menningu eigin þjóðar,” segir Rafael.

Dansflokkurinn lætur þó ekki nægja að færa þjóð sinni aftur forna dansa heldur hefur boðið allri heimsbyggðinni upp í þann dans. Flokkurinn kom meðal annars fram á opunarhátíð heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu sem haldin var í Þýskalandi árið 2006.

Þrjátíu dansarar og fimm manna hljómsveit munu koma fram á sýningum hans í Salnum í Kópavogi dagana 4. til 11. október. Þar af eru tvö börn, níu og fimm ára, sem dansa með Rafael, afa sínum. „En Jacchigua er í raun margir danshópar,” segir Rafael. „Við erum með einn hóp sem í eru aðeins börn, annan með öldruðum og einn með frumbyggjum, svo dæmi séu tekin. Samtals eru 417 dansarar í Jacchigua.“

Nafnið dregur flokkurinn af uppskeruhátíð sem stórbændur héldu fyrir vinnumenn sína fyrr á tímum. Þá var heill dagur undir lagður af hátíðarhöldum á hlaðinu með tónlist, dans og venjan var að

höfðingjarnir veittu vel af mat og drykk.

-jse



Matur og spennandi myndir í Molanum

Í Molanum verður hægt að kynnast mannlífi, matargerð og spennandi kvikmyndum frá Ekvador.

Matarhefð Ekvador verður kynnt á matarkvöldi í Molanum, menninga- og tómstundamiðstöð ungs fólks, miðvikudagskvöldið áttunda október. Gestum og gangandi býðst þá að kitla bragðlaukana með smáréttum frá veitingastaðnum Vox að hætti matreiðslumeistarans Rolando Guapisaca.

Í Ekvador er rík matarhefð sem má að hluta til rekja hins fjölbreytta hráefnis sem heimamenn hafa aðgang að vegna legu landsins að Kyrrahafinu og annarra landgæða. Sjávarréttir og súpur, kjötréttir og úrval grænmetis skipa stóran sess ásamt hrísgrjónum og maís.

Á matarkvöldinu munu auk þess íslenskir skiptinemar sem hafa farið til Ekvador á vegum AFS á Íslandi spjalla við gesti um upplifun sína og reynslu af landi og þjóð. Auk þess munu Ekvadorar búsettir á Íslandi koma og ræða ríka menningar-



Heimamenn hafa aðgang að fjölbreyttu hráefni vegna legu landsins að Kyrrahafinu og annarra landgæða.

arfleifð sína og lífið í Ekvador og á Íslandi.

Daginn áður verður hægt að hita upp á sérstöku kvikmyndakvöldi en þar verða tvær ekvadorskar kvikmyndir, sem báðar hafa unnið til fjölda viðurkenna og verðlauna sýndar.

Fyrri myndin eftir leikstjórn Tania Hermida er frá árinu 2006 og nefnist „Svo miklu fjær“, eða „Qué tan lejos“. Þetta er samtímakvikmynd sem fjallar um

tvær ungar konur sem þurfa að komast til borgarinnar Cuenca. Þegar áætlanarbillinn bilar grípa þær til þess ráðs að gerast puttaferðalangar.

Seinni myndin er eftir leikstjórn Camilo Luzuriaga og nefnist á íslensku „Mínútum fyrir dagrenningu“, eða „Mientras llega el día“. Í henni segir frá tveimur elskendum sem fyrir tilviljun lenda í hringiðu stríðsátaka milli konunglega spænska hersins og uppreisnarmanna en þess má geta að myndin er byggð á atburðum sem áttu sér stað á árunum 1809-1810 í Ekvador. Fyrri myndin verður sýnd klukkan 20. en hin síðari klukkan 21.30.



Í Ekvador er rík matarhefð og gefst gestum og gangandi kostur á að kitla bragðlaukana í Molanum með smáréttum frá veitingastaðnum Vox að hætti matreiðslumeistarans Rolando Guapisaca.

Bókasafn Kópavogs býður upp á kvikmyndasýningar frá Ekvador á Suður-amerísku menningarhátíðinni.



Kvikmyndir á safni

Á Bókasafni Kópavogs verða sýndar kvikmyndir frá Ekvador dagana 4. til 11. október í fjölnota salnum Kórnum. Kvikmyndakynningin er í tengslum við Suður-amerísku menningarhátíðina sem fram fer í Kópavogi 4. til 12. október.

Kvikmyndirnar sem sýndar verða eru: La tigre frá árinu 1990 eftir Camilo Luzuriaga en hún hefur hlotið fjölda viðurkenna, meðal annars sem besta myndin á Film Festival í Cartagena í Kólumbíu árið 1990.

1809-1810 Mientras llega el día frá árinu 2004 eftir Camilo Luzuriaga. Þetta er ástarsaga byggð á sannsögulegum atburðum þegar konunglegi spænski herinn undir stjórn Arredondo hershöfðingja barði á uppreisnarmönnum gegn spænska landstjóranum.

Myndin Que tan lejos frá árinu 2006 eftir Tania Hermida verður einnig á dagskrá og svo myndin Paella con ají frá árinu 2006 eftir Galo Urbina en sú mynd fjallar um félagslegu hliðina á málefnum ekvadorskra innflytjenda á Spáni í byrjun 21. aldarinnar.

Auk þessara kvikmynda verða sýndar fræðslumyndir um Ekvador og munir frá landinu settir upp í sýningarskápum bókasafnsins. Tónlist bæði frá Ekvador og öðrum löndum Suður-Ameríku verður síðan leikin af geisladiskum á þriðju hæðinni.

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 10 til 20, föstudaga frá klukkan 11 til 17 og laugardaga og sunnudaga frá klukkan 13 til 17.

-rat



Gríptu bók!

- Manga
- Myndasögur
- Tölvuleikir
- Tímarit
- DVD myndir
- Tónlist

Opið alla daga



Hamraborg 6a
S: 570-0450
Núpalind 7
S: 564-0621

Bókasafn Kópavogs

KYNNTU ÞÉR SPENNANDI DAGSKRÁ!
www.kopavogur.is

Suður-amerísk menning í hnotskurn

EKVADOR AÐ FORNU OG NÝJU

Fornir leirmunir, skínandi Inkagull, kirkjumunir, frumbyggjalist, vefnaður og skartgripir á sýningu í Gerðarsafni. Leiðsögn um sýninguna alla **sunnudaga kl. 15, dagana 7.–10. október kl. 12 og laugardaginn 11. október kl. 15**. Jafnframt verða til sölu teppi, skartgripir og málverk frá Ekvador.

5. október – 16. nóvember

DANSFLOKKURINN JACCHIGUA – FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

Sýningar í Salnum – Miðasala á salurinn.is og í síma 570 0400

Laugardag	4. okt.	kl. 17	Föstudag	10. okt.	kl. 20
Sunnudag	5. okt.	kl. 17	Laugardag	11. okt.	kl. 17
Miðvikudag	8. okt.	kl. 20			

NÁTTÚRA OG MENNING

Sýning á vegum Bókasafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs í anddyri á jarðhæð Safnahúss Kópavogs. Stærstu risaskjaldbökur í heimi, náttúrulífsmyndir frá Galapagos, tæki og töl frumbyggja.

4. október – 16. nóvember

BÆKUR, KVIKMYNDIR OG TÓNLIST

Kynning í Bókasafni Kópavogs – sjá nánar dagskrá kvikmyndasýninga í Kórnum á www.kopavogur.is

4. október – 16. nóvember

Útivist

MÁNUDAGUR 29. SEPTEMBER 2008

Upp um öll fjöll

Ísklifur nýtur stöðugt vaxandi vinsælda og fjöldi Íslendinga klífur fjöll bæði hér heima og að heiman.

BLS. 2



Aldrei of vel undirbúinn

„Frekar að taka meira en minna er mottóið í þessu,“ segir Albert Steinþórsson, félagi í jeppaklúbbnum Rembingi, spurður hvað eigi að taka í jeppaferðina.

„Maður þarf að vera með allt í fullkomnu standi, til dæmis nóg af klæðnaði. Öll helstu verkfæri eiga að vera til staðar ef til þess kemur að maður þurfi að gera við. Tappasett er nauðsynlegt ef dekk springur og ég ráðlegg að skófla,



Albert er nokkuð reyndur jeppakarl.

spotti og aukaskór séu líka með í för,“ segir Albert.

Albert telur að þeir sem haldi í jeppaferðir eigi að kunna algengustu hnúta, og nefnir pelastikk sem alveg ómetanlegan. Þegar farið er í jeppaferðir bendir Albert á að fara „alltaf tveir eða fleiri saman, sérstaklega ef farið er eitthvað lengra en dagsferð“.

Albert er búinn að vera „jeppakarl“ í um það bil fimm ár, og er því nokkuð reyndur. Hann segir mikilvægt að fólk sé vel undirbúið áður en lagt er af stað, bæði með tilliti til búnaðar og þess að kynna sér vegi og leiðir.

„Yfir sumartímann er gott að fara í fjögurra til fimm daga hálendisferðir og tjalda í góðra vina hópi. Yfir veturinn eru dagsferðir heppilegri. Hægt er að taka langan dag, eða tvo daga og gista þá í skálum. Annars fer þetta allt mjög mikið eftir veðri og færð,“ segir Albert spurður um heppilega tímalengd hálendisferða.

„Hvort sem ferðast er að sumri eða vetri þarf að passa að hafa annað hvort GPS-tæki eða góða bók um þann landshluta sem ferðast er til.“



„Monsúntímabilinu er að ljúka þannig að við reiknum með stilltu veðri,“ segir Berglind Aðalsteinsdóttir lækni, sem er vön fjallaklifri þar sem hún er meðlimur í björgunarsveitinni Súlum og Íslenska alpaklúbbnum.

Heillandi að klífa Shivling á Indlandi

Fimm manna hópur ætlar að klífa fjallið Shivling á Indlandi og stefnir að því að standa á tindinum upp úr miðjum október. Fjallið er ríflega 6.000 metra hátt og þykir erfitt. „Heillandi áskorun,“ segir Berglind Aðalsteinsdóttir.

„Við förum utan á miðvikudaginn og ætlum að klífa fjallið Shivling sem er rétt rúmlega 6.500 metra hátt og er á Indlandi. Við erum fimm sem förum saman og gefum okkur fjórar vikur í þetta verkefni. Inni í því er ferðalag að fjallinu, hæðaraðlögun og klifrið sjálft,“ segir Berglind Aðalsteinsdóttir, lækni á Akureyri.

Fimmennigarnir fljúga til Delhi og aka svo í þrjá daga í þorpið Gangotri sem er í 3.000 metra hæð. Þaðan er gengið eftir pílagrímaslóðum frá upptökum Gangesfljótsins. Þau þurfa að þvera Gangotri-skriðjökulinn áður en þau setja upp grunnbúðir. „Eftir grunnbúðir reiknum við með að setja upp þrjár efri búðir. Við vonumst til að standa á toppnum í síðari hluta október,“ segir Berglind.

Hún segir að framvinda ferðarinnar fari eftir veðri og aðstæðum. Yfirleitt sé frekar stöðugt veðurfar á þessum slóðum á þessum árstíma, hlýtt og bjart að deginum en kalt á nóttunni áður en



Eiríkur Geir Ragnars, Gunnar Sverrir Ragnars, Berglind Aðalsteinsdóttir, Kári Erlingsson og Arnar Þór Emilsson fara fljótlega utan til að ganga á Shivling-fjall á Indlandi á næstu vikum. „Við vonumst til að standa á toppnum í síðari hluta október,“ segir Berglind.

sólin kemur upp. „Monsúntímabilinu er að ljúka þannig að við reiknum með stilltu veðri en svo veit maður aldrei.“

Þegar Berglind er spurð af hverju Shivling-fjall hafi orðið fyrir valinu segir hún „fallett fjall sem við teljum að sé heillandi áskorun. Þetta er tæknilegt, ekki fyrir óvant fólk. Fjallið fær alpagraðuna D sem stendur fyrir „difficult“ og þýðir erfitt.“

Leiðangursmennirnir fimm eru allir félagar í björgunarsveitinni Súlum og Íslenska alpaklúbbnum, Ísalp, en reynslan úr því starfi kemur sér vel á svona ferðalagi. Skarphéðinn Halldórsson, ritari Ísalp, segir að klúbburinn standi fyrir byrjendanámskeiði í ísklifri í nóvember og framhaldsnámskeiði eftir áramót. Á fyrra nám-

skeiðinu lærir menn handbrögð og tækni og svo geti þeir komið með í ferðir á vegum klúbbsins.

„Ísklifur er alvarlegt sport og ég mæli síður með því að menn ráðist á næsta ísfoss sem þeir sjá eftir byrjendanámskeiði í ísklifri,“ segir Skarphéðinn.

„Kosturinn við Ísland er að það er gósenland fyrir ísklifur,“ segir hann og telur auðvelt að finna góða staði til að klífa á, ekki bara úti á landi heldur líka í kringum Reykjavík, til dæmis báðum megin í Esjunni, í Múlafjalli og Glymsgil í Hvalfirði. „Möguleikarnir eru gríðarlega miklir og algjörlega vannýttir. Þeir eru ekki svo margir sem stunda þetta sport og því hellingur af ísleiddum úti um allt land sem hafa aldrei verið farnar,“ segir hann.

- ghs

● ENDURNÝTANLEGIR HANDVERMAR eru nýjasta viðbótin

við það sem útivistarfólk getur haft með sér í ferðir til að auka þægindi. Hægt er að fá gelfyllta handverma eða handverma sem brenna kveikjarabensíni. Þeir gelfylltu innihalda litla töflu sem er brotin og við það verða efnabreytingar sem mynda hita. Svo endurnýta megir verminn þarf að sjóða hann í um fimm mínútur og þá er hann tilbúinn í næstu ferð. Vermarnir fást í mismunandi stærðum og eru einkar handhægir þegar ferðalangar þurfa að hlýja sér áður en gengið er til náða. Þá er til dæmis afar vinsælt að nota þá til að hlýja svefnpoka. Vermarnir gagnast einnig þeim sem hita þurfa auma vöðva eftir átök dagsins.



Vertu klár í rigninguna í North Ice

Innifalið í North Ice Outdoor pakkanum:

Vatnsheldur öndunarakkji, buxur, léttur jakki og buxur einnig öndunarbólur.

Kostar allt **25,900,-**

NORTH ICE
TECHNICAL WEAR



Icefin Nóatúni 17 • S5343177 • www.icefin.is

● FYRIR MARGA FERÐALANGA ER NESTIÐ STÓR ÞÁTTUR ÚTIVIST-AR.

Sumir kjósa að hafa með sér ýmiss konar þurrmat enda létt að bera slíkt en aðrir vilja ekki láta slíkt inn fyrir sínar varir. Aðalatriðið í nestisgerð er að maturinn sé næringarríkur og hentugur hverri ferð. Samlokur eru góðar í dagsferðir en fara illa á nokkurrá daga ferðalagi. Þá er hrökkbrauð eða flatkökur oft hentugra. Súkkulaði, hnetur og rúsínur eru einnig gott nesti. Kalt slátur er þjóðlegur og næringarríkur matur sem margir kjósa að hafa með sér í ferðalög, sem og harðfiskur, sem er léttur og næringarríkur. Ferðamenn ættu að forðast að hafa með sér mat sem inniheldur mikið af vatni, er þungur eða tekur mikið pláss í farangrinum. Þá er góð regla að hafa alltaf eitthvað matarkyns, súkkulaðistykki eða hnetupoka innan seilingar, í vasa eða hólfi utan á bakpoka svo ekki þurfi að stoppa lengi eða taka af sér bakpokann ef ferðamaðurinn vill næla sér í smá næringu.



HARALDUR ÖRN ÓLAFSSON

FJALLALEIÐSÖGUMAÐUR OG LÖGFRÆÐINGUR.

HANS HELSTU AFREK:

SUÐURPÓLLINN 1998

NORÐURPÓLLINN 2000

TINDARNIR SJÖ 2001-2002

= HEIMSMET Í "ADVENTURE GRAND SLAM" 2002

3JA LAGA JAKKI: STEINAR CM-007

3JA LAGA BUXUR: BERGUR CM-005

FLÍS HÚFUÐRAGI: RUT CM-307

ULLARBOLUR: GUNNAR CM-909

ULLARBUXUR: LANGBRÓK CM-916



SPJARABU ÞIG



haustferðir

● Haustferðir eru fyrir mörgu úti-
vistarfólki nauðsynlegur þáttur
í ferðaárinu. Ferðafélagið Útivist
býður til dæmis upp á sérstaka
haustferð 17. til 19. október þar
sem farið verður í Strút á Mæli-
fellssandi. Á síðu Útivistar segir
að haustið sé tími uppskeru, ný-
metis og villibráðar en að það sé
líka notalegt að dvelja á fjöllum í
haustkyrrðinni. Í haustferð Útivistar
þjóðast til dæmis gönguferðir í
nágrenni skálans við Strút. Þá verður haustið meginþema í fjölbreyttu
hlaðborði á laugardagskvöldinu þar sem þátttakendur koma sjálfir með
mat á hlaðborðið til að fagna vetrarbyrjun. Nánari upplýsingar má nálg-
ast á slóðinni utivist.is.



● **HÖNNUN BAKPOKA HEFUR ÞRÓAST MIKIÐ** síðastliðin
ár. Segja má að almennt séu bakpokar nú léttari en áður auk þess sem
ýmiss konar nýjungar hafa rutt sér til rúms. Innfelldar dýnur sem teknar
eru af bakpokanum og notaðar sem undirlag í tjöld eru þar á meðal.
Reyndir fjallamenn leggja áherslu á að bakpokar séu sterkir og einfaldir.
Aukahólf og vasar koma sér oft vel. Huga skal sérstak-
lega að því að bakpokinn sé rétt stilltur fyrir not-
andann. Þungi pokans á að sitja á mjöðmum
göngumannsins en ekki hanga á öxlum hans.
Velja þarf bakpoka sem hentar hverri ferð.
Minni dagpokar eru hentugir í dagsferðir.
Þá eru til bakpokar sem eru sérstaklega
ætlaðir fyrir klifur. Þeir eru þannig
útbúnir að þá má minnka með því að
draga þá saman eða jafnvel taka af þeim
efri hlutann, sem þá er stungið ofan í
pokann. Til eru sérstakar regnhlífar á bak-
pokana en ágæt regla er að setja alltaf það
sem alls ekki má blotna í plastpoka ofan í
bakpokann.



Stökkva til þegar færi gefst

Sigurður Benedikt Björnsson
stöðvarstjóri hefur farið á gæs
og rjúpu samfleytt í aldarfjórð-
ung. Hann segist vera veiði-
maður í eðli sínu.

„Þetta er tímafrekt áhugamál.
Það er erfitt að gera áætlan-
ir fram í tímann og menn þurfa
að vera reiðbúnir að stökkva til
þegar tækifærið gefst,“ segir Sig-
urður Benedikt Björnsson, stöðv-
arstjóri hjá malbikunarstöðinni
Hlaðbæ Colas í Hafnarfirði. Sig-
urður hefur farið á gæsaveiðar á
hverju ári síðan 1984 og segir ekk-
ert vera farið að slá í brennandi
áhugann. „Ég var alinn upp við
veiðiskap. Faðir minn veiddi bæði
á stöng og byssu, og áhuginn var
því til staðar snemma í mínu til-
viki. Ég er samt á þeirri skoðun
að það sé ekki uppeldið sem gerir
það að verkum að sumir verða að
veiðimönnum og aðrir ekki. Ég
held að veiðimennskan sé í blóð-
inu. Eitthvert innra eðli hvers og
eins ræður því hvort menn verða
að veiðimönnum eða ekki,“ segir
Sigurður.

Gæsaveiðitímabilið hófst í lok
ágúst og stendur fram í mars.
Sigurður segir veðurfarið skipta
gríðarlega miklu máli um afdrif
heilu tímabilanna. „Mikil rigning
hefur gert það að verkum að síð-
ustu tvö tímabil hafa verið hund-
leiðinleg fyrir veiðimenn á Suður-



Sigurður segir erfitt að gera áætlanir fram í tímann þegar kemur að gæsaveiðum.

landi. Ástandið hefur verið skár-
a á Norður- og Austurlandi, og þess
vegna hef ég farið í ferðir þangað
til að skjóta. Veðurfarið skiptir
öllu. Síðustu fimmtán árin eða svo
hefur verið lítið sem ekkert nætur-
frost í upphafi tímabils. Frostið
sér um að halda berjunum góðum
fyrir gæsirnar, og þegar þess
nýtur ekki við fækkar eðlilega
valkostunum.“

Sigurður segir sífellt algengara
að jarðir séu leigðar út fyrir stór-
fé til gæsaskyttna. „Það er orðið
afar óalgengt að maður sé kannski
að keyra og sjái gæs, banki upp á
hjá bóndanum og fái leyfi til að
skjóta. Þetta er meira og minna í
útleigu. Bændurnir vilja hámarka
arðinn af jörðum sínum, og ég
sé svo sem ekkert að því,“ segir
Sigurður.

- kg



PORCELANOSA

flísar fyrir vandláta



ÁLFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755



EKVADOR

Suður-amerísk menningarhátíð
í Kópavogi 4.–12. okt. 2008

KYNNING Á HÁTÍÐINNI Í VETRARGARÐINUM

Jacchigua, Skólakór Kársness og Skólahljómsveit
Kópavogs kynna hátíðina í Vetrargarðinum í Smáralind.

Sunnudag 5. október kl. 15

MENNING VIÐ MIÐBAUG – EKVADOR Í MÁLI OG MYNDUM

Í Molanum, menningar- og tólstundahúsi ungs fólks í Kópavogi.

Kynning á matarhefð Ekvador, skiptinemar sem dvalist hafa í Ekvador segja frá dvölinni
í máli og myndum og Ekvadorar á Íslandi segja frá því hvernig er að alast upp í Ekvador.

Miðvikudag 8. október kl. 20

EKVADOR – GALAPAGOS: NÁTTÚRA – NÝTING – MENNING

Kynning og fræðsla í Salnum. Erindi flytja: Oswaldo Munoz, ræðismaður Íslands í Ekvador,
Ari Trausti Guðmundsson, rithöfundur og jarðeðlisfræðingur, og Hafdís Hanna Ægisdóttir
líffræðingur. Sýnd verður ný íslensk heimildarmynd um Ekvador og Galapagos.

Fimmtudag 9. október kl. 20

STAÐSETNING

Náttúrufræðistofa
Hamraborg 6a


Gerðarsafn
Hamraborg 4

Molinn
Hábraut 2

Bókasafn
Hamraborg 6a

Vetrargarðurinn
Smáralind

Salurinn
Hamraborg 6





Vönduð vinna OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 20 ÁR.

Lakkhúsið er réttingar og máln-
ingarverkstæði búið fullkom-
num réttingarbekk og sprau-
tuklefa

Lakkhúsið er þjónustuverk-
stæði fyrir KIA á Íslandi

Lakkhúsið gerir að sjálfsögðu
við allar tegundir bifreiða og
annast einnig tjónaviðgerðir á
hjólhýsum og húsbílum

Komndu með bílinn til okkar
og hann er í góðum höndum

LAKKHÚSIÐ 1988 til 2008



Smiðjuveg 48 (Rauð gata)
Sími. 567-0790
Netfang. lakkhusid@lakkhusid.is
www.lakkhusid.is



STJÖRNUBLIKK
VATNSKASSALAGERINN

Drangahraun, Skrifstofur. Til leigu um 107 fm skrifstofuhæð með allt 5 skrifst., flisalagður sérinngangi, eldhúskrókur, wc með sturtu. Gluggar á 3 vegu og því bjart. Laust fljótlega.



Fákafen, Rvk, 140 fm. Til leigu einstaklega staðsett skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við mjög fjölfarna umferðaræð með mikið auglýsingagildi. Opíð rými, 3x skrifstofur, wc og eldhúskrókur. LAUST!



Auðbrekka, Kóp, + tæki. Til sölu 3.hæð um 288,1 fm auk sameignar. Húsnæðið er svo til einn geimur, nýtt undir trésmiðaverkstæði um langt skeið. Þarfnast standsetningar. Tækjakostur fyrir innr.smiði.



Smiðjuvegur, Kóp, + tæki. Til sölu atv.húsnæði og rekstur. Húsnæðið er 103,7 fm, auk 40 fm milligölf (ósamp). Reksturinn er vel þekktur og húsnæðið á eftirsóttu svæði.



Móhella, Hfj. Til sölu geymsluskúrar. Lóð malbikuð, öll afgirt með girðingu og rafmagnshlíði. Stærðir frá 26,3 fm, innkeyrsluhurðir um 3 mtr. Lofthæð mest 3,6 mtr. Mög. á 3ja fasa rafmagni. LAUST!



Frakkastígur - miðb. Til sölu/leigu frábærlega staðsett einbýli/tvibýli sem er hæð og ris, tveir sérinng. Húsnæðið er skráð 129,1 fm, klætt holsteinshús, og stendur á 163 fm eignarlóð. Makaskipti athuguð. LAUST!

Fyrirtækjasala Íslands

GLÆSILEGUR KAFFIBAR Í MIÐBORGinni.

Alþjóðlegur kaffibar með fullt vinnuveitgaleysi. Hefur ákveðna sérstöðu á markaðnum. **Sala eða traustur meðeigandi kemur tilgreina.**

HÁRSNYRTISTOFA- TOPP TÆKIFÆRI.

Ein af þekktari stofum bæjarins er til sölu. 9 stólar og 3 vaskar í glæsilegu húsnæði og topp staðsetning.

FYRIRTÆKI Í MÁLMIDNADI.

Til sölu landsþekkt fyrirtæki í málmíðnaði, hið eina sinnar teg. á landinu. Getur hentað hvar sem er á landinu. **Landsþekkt framleiðsla á ótrúlega góðu verði.**

TÍSKUVERSLUN Í KRINGLUNNI.

Til sölu kventískuverslun með eigin innflutning í fatnaði, skófatnaði, skarti og fylgihlutum. Er í góðu plássi í Kringlunni og rekur aðra verslun utan Rvk. **Frábært tækifæri og verð.**

SÓLBADSSTOFA Í EIGIN HÚSNÆÐI.

Falleg sólbadsstofa með 5-6 bekkir og nuddaðstöðu, talsvert endurnýjað. Er í rúmlega 100 fm góðu eigin húsnæði. **Stofa með sérstöðu.**

HÁRGREIÐSLUSTOFA Í 101.

Stofa með 5 stóla og 2 vaska, í hjarta miðbæjarins í rúmgóðu húsnæði sem býður upp á mikla fjölbreytni t.d. snyrtistofu og spa og fl. **Allur búnaður nýr. Einstakt tækifæri.**

GLÆSILEG TÍSKUVERSLUN Í MIÐBORGinni.

Til sölu glæsileg kventataverslun í miðborginni, með heimsþekkt vörumerki, og í flottu húsnæði. Frábært tækifæri. **Traustur meðeigandi kemur líka til greina.**

TÍSKUVERSLUN Í VERSLUNARMIDSTÖÐ.

Til sölu falleg tískuverslun með kventatnað, skart og fylgihluti, í þekktari verslunarmiðstöð. Frábært tækifæri á mjög góðu verði. **Spennandi atvinnutækifæri.**

ÚTGÁFA - PRENTVERK - UMBROT - AUGLÝSINGAR.

Til sölu þekkt fyrirtæki í góðum rekstri, með góðan tækjakost og í trygg húsnæði. **Frábært tækifæri og gott verð.**

VERKTAKAFYRIRTÆKI Í LÓÐAFRÁGANGI.

Er með nýlegan og góðan tækjakost. Góð verkefnastaða og fin afkoma. **Selst af sérstökum ástæðum.**


ANNAÐ:

HÁRSNYRTISTOFA Í KÓPAVOGI Gott verð og greiðslufyrirkomulag. **HVERFISVERSLUN Í NÝLENDUVÖRUM**, gott verð, jöfn og góð velta. **GLÆSILEGUR VEITINGASTAÐUR**, sala eða meðeigandi **HEILDVERSLUN Í SPORTVÖRUM**, góð umboð á finu verði. **BÍLAPARTASALA**. Þekkt fyrirtæki í 27 ár. Auðveld kaup, ódýrt. **NUDD OG GUFUBAÐSTOFA** á aðeins 2,5 millj. **PÚSVERKSTÆÐI** með 4 lyftur, í rúmgóðu húsnæði, gott verð. **BAR Í AUSTURBORGinni**. Vel staðsettur með góðan búnað. **FYRIRTÆKI Í AUGLÝSINGAVÖRUM**. Flott fyrirtæki á finu verði.

Endilega leitið nánari upplýsinga. Sími: 517-3500

Fasteignir

Grænatunga 8, Kópavogi



Sérlega glæsileg og vel skipulögð 160 fm. efri sérhæð með séringngangi og innbyggðum bílskúr, í suðurhlíðum Kópavogs.

- *Allar innréttingar sérsníðnaðar og hannaðar af Péttri Birgissyni*
- *Innbyggð lýsing í loftum að hluta til sem setja sterkan svip á íbúðina*
- *Glæsilegt eldhús m. vönduðum tækjum og amerískum ísskáp*
- *Glæsilegt sérhannað baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf með gólfhlita*
- *Grill suðursvalir*
- *Skipti möguleg á minni eign. Til afhendingar fljótlega*

Sjón er sögu ríkari!

Upplýsingar veitir Ásmundur, sölumaður á Höfða í síma 895-3000.



Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Austurhraun 7 TIL LEIGU

210 Garðabær

TIL LEIGU

Stærð: 1597,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1998
Brunabótamat: 167.700.000
Bílskúr: Nei



Glæsilegt skrifstofu- og atvinnuhúsnæði

Verð: 1



RE/MAX Torg Garðabær, kynnir TIL LEIGU Heildarstærð húsnæðis er 1.597,6 fm. og skiptist í skrifstofu – og lagerhúsnæði. Hæðin er 9,0m upp í mæni en 6,0m út við hurð. Efri hæð: Tvær stórar skrifstofur, rúmgott eldhús, fundarherbergi með setustofu, salerni, geymslur og alrými. Neðri hæð: Tvær stórar skrifstofur, alrými sem notað hefur verið sem sýningarsalur, salerni, geymslur og tölvuherbergi. Gólfefni: Ljóst parket er á báðum hæðum, einnig eru milliveggir úr íósum við og gleri. Salemin eru flísalögð. Lagerhúsnæðið er vel skipulagt, með góðum lagerhillum sem ná alla leið upp í loft, hillurnar geta fylgt með. Innkeyrsludyr eru tvær og hæðin er 4,5m., einfalt er að setja fleiri hurðir á rýmið. Útisvæði er stórt með nægu rými fyrir fjölda gárna og bíla. Aðkoma að húsinu er einföld og auglýsingagildi er mikið vegna nálægðar við helstu umferðaræðar. Austurhraun 7 er næsta hús við Marel. Upplýsingar um eignina getur: Einar Sörli, sölufulltrúi RE/MAX Torg Garðabæ. s. 899 6400 eða einarsorli@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17-18



Einstök greiðslu- og lánaþjór!

KVISTAVELLIR 44 - HFJ. TIL AFHENDINGAR STRAX

Eigum eftir 6 glæsilegar 4ra herbergja íbúðir í þessu fallega 4ra hæða LYFTUHÚSI. 3 íbúðana eru með bílskúr og skilast þær fullbúnar með gólfefnum. Hinar 3 skilast fullbúnar án gólfefna.

- ✓ MJÖG GOTT VERÐ.
- ✓ Hágæða innréttingar og skápar frá AXIS
- ✓ Uppþvottavél og ísskápur fylgir
- ✓ Granít borðplötur í eldhúsi
- ✓ Gólfhiti.

Afhending strax. Verð frá 27,1 millj. 7080

Auglýsingasími

512 50 50

Fasteignablaðið

512 5469 694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is



„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Kvistavellir 26 – 32

221 Hafnarfjörður

Bílskúr: 29,3
Tegund: 6 herb
Byggt: 2008-9

Stærð: 217,6 fm Verð frá 31,2 millj.



SÖLUSÝNING Í DAG KL 18:00-19:00

Húsin eru í byggingu og eru afhend fullbúnar að utan og fókheld að innan, stærð 6 herbergja 217,6 fm á 2 hæðum. Um er að ræða 217,6 fm 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum, þar af 29,3 fm innbyggður bílskúr. Sölusýning í dag á milli kl. 18.00 – 19.00

BÓAS GSM 699 6165 - boas@remax.is

Kvistavellir 34 – 40

221 Hafnarfjörður

Bílskúr: JÁ
Tegund: 4 herb
Byggt: 2008-9

Stærð: 172,5 fm Verð frá 27,2 millj.



SÖLUSÝNING Í DAG KL 18:00-19:00

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlumum í Hafnarfirði. Gólfhliti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft neðri hæða. Gott verð fyrir góða eign. Sölusýning í dag á milli kl. 18.00 – 19.00

AÐEINS EITT HÚS EFTIR...

BÓAS GSM 699 6165 - boas@remax.is

Skógarás 9

110 Reykjavík

Bílskúr: 24,7 fm
Tegund: 3 herb
Byggt: 1985

Stærð: 80,7 fm Verð: 23,9 millj.



OPIÐ HÚS Í KVÖLD KL 19:30-20:00

RE/MAX Lind - Kynnir 3ja herb. 80,7 fm íbúð á 2.hæð ásamt 24,7 fm bílskúr við Skógarás 9 í Reykjavík, samtals 105,4 fm. Sameiginleg geymsla er í sameign.- Fallegt og gróð hverfi. OPIÐ HÚS Í KVÖLD KL 19:30-20:00


Snorri GSM 699 4407 - snorri@remax.is

Klapparhlíð 24

270 Mosfellsbær

Bílskúr: Nei
Tegund: 4 herb
Byggt: 2000

Stærð: 97,0 fm Verð: 24,9 millj.



OPIÐ HÚS 30/09 - KL 18:00-18:30

RE/MAX Lind - Kynnir fallega og mjög vel skipulagða 4ra herb. íbúð með séringngangi á 2.hæð í nýlegu húsi við Klapparhlíð 24 í Mosfellsbæ. Allar innréttingar, hurðir og skápar eru úr Mahogany og ljóst parket á gólfum. Góð íbúð sem er vert að skoða. OPIÐ HÚS Þriðjudaginn 30/09 frá kl. 18:00 - 18:30

Snorri GSM 699 4407 - snorri@remax.is



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Snorri
Sölufulltrúi
699 4407
snorri@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali, Hdl

From

AS

FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17

Hafnarfirði

Sími 520 2600

Fax 520 2601

Netfang: as@as.is

www.as.is

Opið virka daga

kl. 9–17

ELDRÍ BORGARAR

NÝTT



HERJÓLFSGATA - EFSTA HÆÐ

Sérlega glæsileg 2-3 herbergja 96 fm íbúð á efstu hæð. Mikil lofthæð. Glæsilegt útsýni. Staði í bilageymslu. Verð 32,9 millj. 7886

DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG



Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan og tæplega tilb. til innr. að innan. LAUST STRAX. Verð 42,9 millj. 7351

HÆÐIR



EYRARHOLT - m/bílskúr

Vel skipulögð 137,3 fm miðhæð í þríbýli. 3 herb. alls. Verð 29,9 millj. 7759

3JA HERB.



HRÍSMÓAR - LYFTUHÚS

Falleg 111,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í LYFTUHÚSI, ásamt staði í bilageymslu á góðum stað í miðbæ Garðabæjar. Verð 25,9 millj. 7767

GRINDAVÍK



EFRAHÓP - FRÁBÆRT ÚTSÝNI

Glæsilegt 221 fm einbýli, ásamt 55,0 fm tvöföldum bílskúr, samtals 276 fm. Skilast nánast tilbúið til innréttinga. Verð 54,9 millj. 7868

LANDIÐ



HEINABERG - ÞORLÁKS-HÖFN

Fallegt einbýli 176,4 fm, einbýli. MIKIÐ ENDURNÝJAD. Fallegt og vel við haldið hús á góðum stað. Verð 29,9 millj. 7554

HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI



Vönduð og glæsileg 131 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 3.hæð í glæsíl. lyftuhúsi á besta ÚT-SÝNISSTAÐ. Verð 44,9 millj. 7356

FAGRAKINN - SKIPTI Á MINNI EIGN



Vel viðhaldið 194,7 fm EINBÝLI á 3 hæðum, ásamt 41,0 fm BÍLSKÚR. Verð TILBOÐ. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN. 7316

ÖLDUSLÓÐ - m/BÍLSKÚR



Falleg 129,7 fm NEDRI SÉRHÆÐ, ásamt 22,2 fm BÍLSKÚR í góðu þríbýli, gengið innaf götu. Nýtt rafmagn og legalíðatafla, nýir tenglar. Ný innrétting í eldhúsi, stáltæki. Verð 35,8 millj. 7658

KELDUHVAMMUR - ÚTSÝNI



Falleg 86,7 fm 3ja herbergja risibúð í góðu þríbýli á góðum og rólegum útsýnisstað. Verð 17,9 millj. 7766

ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX



NÝLEGT og GLÆSILEGT 133 fm ENDARADHÚS á einni hæð með BÍLSKÚR, á góðum og rólegum stað í nýlegu hverfi. FVerð 24,9 millj. 7606

ÁLFABYGGÐ - SÚÐAVÍK



Fallegt 94,2 fm einbýli á góðum stað. 4 sv.herb. Verð 9,8 millj. 6270

EINBÝLI



HÁTÚN - ÁLFTANES

Gott 207 fm einbýli á einni hæð á góðum stað. 5 svefnherb. Verð 53,9 millj. 7688

GUNNARSSUND - LAUST STRAX



Fallegt 127 fm einbýli á frábærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv.herb. Verönd, svalir og fallegur garður. Verð 32,4 millj. 7051

SUÐURGATA - m/BÍLSKÚR



Björt og vel skipul. 171 fm hæð m/bílskúr í fjörbýli. 4. sv.herb. SV-svalir. Verð 34,9 millj. Góð eign. 7553

HÁHOLT - SÉRINNGANGUR - LAUS



Falleg 3ja herbergja íbúð, 109 fm á jarðhæð með sér inngangi. Falleg og vel með farin íbúð, verönd, laus strax. Verð 25,5 millj. 7481

BAÐSVELLIR - talsvert endurn.



Fallegt einbýli á einni hæð, ásamt bílskúr á mjög góðum stað í útjaðri bæjarins. 4 svefnherbergi. Verð 28,5 millj. 7525

ATVINNUHÚSNÆÐI



REYKJAVÍKURVEGUR - TIL SÖLU - LEIGU

Gott 377 fm atvinnubíl. Má skipta niður í tvö bíl, 174 f og 203 fm Innk.dyr. V. 52,9 m. 7814

TÚNGATA - ÁLFTANES



Fallegt velviðhaldið 134,7 fm einbýli á einni hæð, ásamt 34,4 fm bílskúr, samtals 169,1 fm á góðum og rólegum stað. Verð 47,5 millj. 7817

ÞRÚÐVANGUR - LAUST STRAX



Fallegt 233,4 fm einbýli m/bílskúr innst í botnlanga við hraunjaðarinn. 5 sv.herb. Stór sólarverönd. Verð 66,0 millj. 6896

ÖLDUSLÓÐ - ÚTSÝNI




Falleg 154n fm EFFRI SÉRHÆÐ OG RIS í tvíbýli, ásamt 29 fm BÍLSKÚR, samt. 183 fm á góðum útsýnisstað. Verð 34,9 millj. 7368

SUÐURGATA



Falleg 65,3 fm 3ja herbergja sérhæð á jarðhæð í góðu þríbýli á rólegum og góðum stað í miðbænum. Verð 16,9 millj. 7405

SUÐURHÓP 1 - FYRIR 50 ÁRA OG ELDRÍ NÝLEG, SÉRLEGA FALLEGT



Falleg 123,9 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ Á 2. hæð, ásamt STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU í nýlegu glæsilegu LYFTUHÚSI. Verð 27,2 millj. 7500

TRÖNUHRAUN - HAFNARFJ.



Gott 258,4 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum sem skiptist niður í 138,4 fm fm gölfloft, ásamt ca: 120,0 fm milli loft. Verð 36 millj. 7541

FÍFUMÝRI - GARDABÆR



Sérlega fallegt og vandað 227,7 fm EINBÝLI á tveimur hæðum, ásamt 40,1 fm TVÖF. BÍLSKÚR. Stutt í leik- barna- og framhaldsskóla, sund o.fl. 7773

MÓABARÐ - FALLEGT ÚTSÝNI



Fallegt 148 fm einbýli m/bílskúr á rólegum og góðum útsýnisstað. Allt að 4 sv.herb. Verð 36,9 millj. 6870

4RA TIL 7 HERB.



DREKAVELLIR - FJÖRBÝLI

Glæsilegar 4ra og 5 herb. SÉRHÆÐIR. Íbúðirnar skilast tilbúnar til innr. að innan, húsíð fullb. að utan og lóð frá-gengin. Verð frá 27,3 millj. 7869

LÆKJARGATA -



Falleg 106,2 fm íbúð á 1. hæð m/stæði í bilag. 2 sv.herb. Skemmtilega hönnuð og vel með farin eign. Verð 26,5 millj. 7213

BORGARHRAUN - MÖGUL-TVÆR ÍBÚÐIR



GLÆSILEGT MIKIÐ ENDURNÝJAD 113,6 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍLSKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða samtals 197,7 fm Verð 36,8 millj. 4660

GRANDATRÖÐ - HAFNARFJ. - LAUST FLJÓTLEGA



Nýlegt og glæsilegt atvinnuhúsnæði (ENDABÍL) á góðum stað. Hæðin er 201,2 fm og milli loft 73,5 fm, samtals 274,7 fm Verð 49,5 millj. 7510

ÞINGVAÐ - NÝTT OG GLÆSILEGT



Nýtt sérlega fallegt 217,9 fm einbýli á einni hæð, ásamt 34,3 fm bílskúr, samtals 252,2 fm á góðum stað. Vandaðar innréttingar, tæki, gólfefni o.fl. 7769

RAÐ- OG PARHÚS



BREKKUHLÍÐ - innst í botnlanga

Fullbúið 169,0 fm PARHÚS á tveimur hæðum, ásamt 36,0 fm BÍLSKÚR. Verð 49,9 millj. 7820

SUÐURBRAUT



Falleg 100,9 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað. 3 möguleg 4 svefnherbergi. Verð 23,5 millj. 7539

2JA HERB.



SUÐURBRAUT - ÚTSÝNI

Falleg 65,5 fm 2ja herb. íbúð á 3ju hæð í litlu fjölbýli. Parket og flísar á gólfum. Fallegt útsýni. Verð 18,2 millj. 7845

HÓLAVELLIR - LAUST STRAX



Talsvert endurn. 136,1 fm einbýli. Teikn. af 51,5 fm bílsk. fylgja. 4 sv.herb. Verð 25,5 millj. 7215

STEINHELLA - GÓÐ STAÐSETNING



Gott atvinnuhúsnæði sem skiptist í 330 fm einingar með mikilli lofthæð til leigu eða sölu á góðum stað. Húsnæðið hefur mikið auglýsingagildi frá Reykjanesbrautinni. 7060

ÁLFHOLT - m/aukaíbúð



Einbýli/radhús (áfast litlu fjölbýli) á þremur hæðum í Álfholtinu í Hafnarfirði. Eignin er alls 277 fm Á 1. hæð er aukai-búð. Verð 52,7 millj. 7335

MIÐVANGUR - ENDARADHÚS



Fallegt 187 fm endaradhús á góðum stað með bílskúr og sólstofu. Fjögur herbergi. Glæsilegur garður. Verð 44,9 millj. 7770

DREKAVELLIR - JARÐHÆÐ



Sérlega falleg og vönduð íbúð með stórum afgirtu lóð. Uppvottavél og ís-skápur fylgja með íbúðinni. Verð 26,9 millj. 7249

ESKIVELLIR 5 - LYFTUHÚS



LAUS STRAX NÝLEG GLÆSILEG 76,9 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð FRÁBÆRT ÚTSÝNI. Verð 20,5 millj. 7780

VOGAR

NÝTT



VOGAGERÐI - ÓDÝR 2ja herb.

59 fm góð íbúð á annari hæð í litlu fjölbýli. Laus fljótlega við kaup-samning. Verð 12,5 millj. 7889

RAUÐHELLA - HFJ.



398,7 fm og að auki ca 100 fm milli loft. Þrjár stórar innkeyrsludyr. Verð 80 millj. 6584

ERLUÁS - EINBÝLI Á 1 HÆÐ



Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð með innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. Verð 62 millj. 7516

STEKKJARHVAMMUR



Fallegt og vel byggt 183 fm RADHÚS á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á góðum stað. 4 svefnherb. Parket og flísar. Verð 43,5 millj. 7617

STEKKJARBERG



Falleg 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 3. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað neðst í Setberginu. Verð 24,6 millj. 7297

HÓLABRAUT - LAUS STRAX



Góð 77,4 fm 2ja til 3ja herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað. LAUS STRAX. Verð 17,2 millj. 7731

HEIÐARDALUR - ENDARADHÚS



155,2 fm endaradhús þar af bílskúr 31,1 fm sem er búið að innan og að utan, innrétt. og gólfefni eru fyrsta flokks. Verð 30,9 millj. 7835

VÖRÐUSUND - GRINDAVÍK



167,4 fm atv.húsnæði, fullbúið að utan og tilb. til innréttinga að innan. Verð 16,0 millj. 9650

MJÓSUND - SKIPTI Á EIGN ÚTI Á LANDI



Fallegt talsvert ENDURNÝJAD EINBÝLI á frábærum stað. SKIPTI MÖGULEG Á EIGN ÚTI Á LANDI. Verð 28,7 millj. 7432

ÁLFHOLT



Fallegt 209 fm radhús m/bílskúr á fjölskylduvænum stað. 4 sv.herb. Svalir og verönd. Verð 38,4 millj. 6823

LYNGMÓAR - GARDABÆ - MÖGULEG BÍLSKÚR



113 fm 4ra-5 herb. ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi. Stórar svalir. Góð staðsetning. Verð 28,7 millj. 7250

ÁLFASKEIÐ - M. BÍLSKÚR



Falleg talsvert endurnýjuð 63,2 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, auk 23,7 fm bílskúrs. Verð 18,5 millj. 7347

HEIÐARGERÐI - VOGAR



Ný-komin á sölu glæsileg og vel hönnuð 3ja herbergja 78 fm íbúð á þriðju hæð. Sér inngangur, flott útsýni. Verð 17,5 millj. 7400

STAÐARSUND - GRINDAVÍK - 3 BIL EFTIR




Ný 100 fm atvinnubíl, með mögulegt 40 fm milli loft. Stórar innkeyrsludyr, hiti í gólf, mikil lofthæð. Afhendist strax. Verð frá 11,5 millj. 9644

ÞAÐ ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

30% afsláttur af fyrsta mánuðinum ef áskrift er keypt á Netinu



FRINGE – frá höfundum Lost



GREY'S ANATOMY – snýr aftur



PRISON BREAK – aldrei betri!



skemmtilegri



GÍTARINN

HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is

Blaðberinn bíður pín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



NOKKUR ORÐ

Vigdís

Pormóðsdóttir



Ferrell og eðli heimsins


Um þessar mundir stendur yfir Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Hún er að sjálfsgöðu fagnaðarefni fyrir hvern þann sem er orðinn langþreyttur á að því er virðist ótæmandi framboði flesta mánuði ársins á bandarískum kvikmyndum með Will Ferrell í aðalhlutverki. Þeir sem halda upp á Will Ferrell þurfa þó svo sem ekki að hafa áhyggjur af þessu ástandi; kvikmyndahátíðin er stutt og Ferrell verður því mættur aftur á tjaldíð fyrr en varir.

Þess má vænta að íslenskir kvikmyndagagnrýnendur hafi úr nógu að möða á meðan á hátförinni stendur og að þeir fjölmiðlar sem standa sína menningarpligt úthluti óvenju miklu plássi til kvikmyndagagnrýni þessa dagana. Sem er ágætt, ef ekki væri fyrir það að

gagnrýnendur miða oftast við sömu þættina þegar kemur að því að meta ágæti kvikmyndar. Því fer það gjarnan svo að ein gagnrýni er annar lík og verður formið heldur leiðigjarnt til lengdar. Þeir sem eru orðnir leiðir á hefðbundinni kvikmynda-gagnrýni gætu gert margt heimskulegra en að vippa sér inn á vefsíðuna www.intelutor.com. Þar hafa nokkrir eðlis- og efnafræðingar tekið höndum saman og hafið að gagnrýna myndir á sínum forsendum. Þannig eru þeir almennt hrifnir af myndum þar sem náttúrulegsmál eru í heiðri höfð, en gefa þeim myndum sem fara frjáltslega með eðli alheimsins vonða dóma. Jafnframt eru á síðunni raknir nokkur atriði sem koma ítrekað fyrir í kvikmyndum og eru bara röng. Til að mynda þegar persónur kasta sér í gegnum rúður án þess að skera sig. Eða þegar sprengingar heyrast úti í geimnum. Rétt skal vera rétt.

myndasögur

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

■ Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



STOLIÐ ÚR BÚÐ? Verk eftir Hrafnhildi Arnardóttur.

Hrafnhildur um eigin verk

Hrafnhildur Arnardóttir myndlistarmaður fjallar um eigin verk í hádegisfyrirlestri í dag kl. 12.30 í húsnæði myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Laugarnes-vegi 91.

Hrafnhildur, sem skapar list undir nafninu Shoplifter, býr og starfar í New York. Hún lauk námi frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands og stundaði framhaldsnámi við School of Visual Arts í New York. Hún hefur átt verk á sýningum víða um heim, til dæmis vann hún verk fyrir MOMA-listasafnið í New York síðastliðið vor. Hrafnhildur hefur unnið verkefni í samstarfi við fjölda þekktra listamanna og hópa.

Óperukór vestur

Óperukór Hafnarfjarðar, undir stjórn óperusöngkonunnar Elínar Óskar Óskarsdóttur, er um þessar mundir ásamt Peter Máté píanóleikara á tónleikaferð um Kanada. Kórinn kemur fram í borgunum Toronto, Ottawa og Montreal og flytur metnaðarfulla dagskrá; blöndu af íslenskum lögum eftir okkar ástsælu tónskáld bæði eldri og núlifandi. Töluverð eftirvænting hefur ríkt vestra vegna komu kórsins og birtist meðal annars tilkynning um tónleikana á forsiðu Lögbergs-Heimskringlu.

Óskað eftir sagnafólki

Hljóðútgáfan Heyr heyr, sem nýlega gaf út Íslenskar þjóðsögur I og II, óskar eftir ömmum og öfum með góða frásagnarhæfni og sögu að segja, enda hefur fyrir-tækið í huga að gefa út hljóddisk fyrir börn með alvöru sögum alvöru fólks.

Ömmur og afar kunna margar sögur, jafnvel af ömmum sínum og öfum. Þetta gætu því verið sögur sem spanna síðustu þrjár aldir og eru þannig hálfgerðar óskráðar þjóðsögur. Stundum er að finna sannleikskorn í sögunum en stundum eru þær hreinn uppspuni. Þetta geta verið lífsreynslusögur, hetjusögur eða sögur af yfirnáttúrulegum atburðum og verum.

Sögurnar verða teknar upp af Heyr heyr, glæddar lífi með tónlist og hljóðheimum og gefnar út á geisladiski. Kjör lengd hverrar sögu er 5-10 mínútur. Áhugasamar ömmur og afar geta send Heyr heyr útdrátt úr sögum sínum í gegnum vefsíðuna www.heyrheyr.is eða í pósti á Heyr heyr ehf, Háaleitisbraut 41, 108 Reykjavík.

Hagþenkir deilir út fé

Á fimmtudag var tilkynnt hverjir fengu styrk úr sjóðum Hagþenkis til vinnu og útgáfu hugverka, ritverka og sjónvarpshandrita. Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, veitir árlega starfsstyrki til ritstarfa og til gerðar fræðslu- og heimildarmynda. Árið 2008 var sótt um 41 starfsstyrk til ritstarfa og nam heildarupphæðin sem sótt var um rúmri 21 milljón króna. Til ráðstöfunar voru átta milljónir króna. Úthlutað var styrkjum til átján verkefna. Umsóknir um þrjá styrki til handritagerðar bárust og hlutu þær allar styrk að upphæð 300.000 kr. hver. Í úthlutunarnefnd starfsstyrkja til ritstarfa voru Erlingur Hauksson, Guðni Th. Jóhannesson og Kristín Unnsteinsdóttir.

Átta fræðimenn fengu styrki að upphæð 600.000 krónur: Aðalheiður Guðmundsdóttir til rits um dans og danskvæði, Axel Kristinsson vegna rits um úþenslu og samkeppni í Evrópu frá bronsöld, Bjarki Valtýsson vegna rits um íslenska menningarpólitík, Davíð Ólafsson fyrir rit um dagbækur og dagbókarritun, Sigrún María Kristinsdóttir fyrir rit um ættleiðingar, Trausti Ólafsson vegna rits um leiklistarkenningar 19. og 20. aldar og að síðustu Þorgrímur Gestsson vegna rits sem hann kallar „Í kjölfar jarla og konunga – siglt um haf innan“.

Þrír fengu styrki til handritagerðar fyrir heimildarmyndir, en aðrir styrkþegar sóttu um styrki til fjölbreytilegra verkefna, sögu



BÓKMENNTIR Styrkþegar við móttöku fjárins á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýlistasafnsins, sögu Breiða-fjarðarbyggða, íslenskar perlur frá víkingatíð, síðustu verk Halldórs Laxness, byggingar Manfreðs Vilhjálmssonar og líf Ragnars í

Smára. Styrkir Hagþenkis duga því höfundum eitthvað á veg við að rannsaka og birta verk um marga mikilsverða þætti í menningu okkar.

IBM Power System p dagurinn 2008

Þann 2. október næstkomandi mun Nýherji, í samstarfi við IBM, kynna það nýjasta frá IBM í Power System vélbúnaði og hugbúnaði á IBM Power System p deginum 2008. Á ráðstefnunni verður farið yfir allt það nýjasta sem varðar POWER6 en einnig verður sérstök áhersla lögð á að kynna möguleika á rekstri SAP viðskiptahugbúnaðar og Oracle gagnagrunna á System p vélbúnaði.

Á sama tíma mun AIX Notendahópur verða stofnaður. Markmið með stofnun hópsins er að draga saman alla helstu notendur AIX á Íslandi, veita þeim vettvang til að sækja upplýsingar og fróðleik um kerfið, viðhafa umræður og skoðanaskipti og stuðla að bættu samfélagi AIX notenda á Íslandi.

Ráðstefnan er haldin í húsakynnum Nýherja, Borgartúni 37.

Dagskrá Power System p dagsins 2008	
14.00	Stofnun AIX notendaklúbbs á Íslandi Undirbúningsnefndin
14.30	Oracle gagnagrunnurinn <i>Gunnar Bjarnason</i> , framkvæmdastjóri Miracle ehf.
15.10	Kostir þess að keyra Oracle gagnagrunna á IBM POWER6 <i>Michael Odegaard Larsen</i> , vörustjóri IBM Power System Nordic
15.40	IBM POWER6 örgjörvinn <i>Kristófer A. Einarsson</i> , System p hópstjóri Nýherja
16.20	Nýjungar í POWER6 <i>Michael Odegaard Larsen</i> , IBM Danmark
17.10	Léttar veitingar í boði Nýherja

Þátttaka er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda póst til Ómars Kristinssonar, omar@nyherji.is, í síðasta lagi þriðjudaginn 30. september.

Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • s. 569 7700 • www.nyherji.is

> NATALIE EINHLEYP

Natalie Portman og tónlistar-
maðurinn skeggjaði Devendra Ban-
hart eru hætt saman, en samband
þeirra hófst eftir að Natalie lék í
myndbandi við lag hans, Carmens-
ita. Portman fluttist nýlega frá
New York til Los Angeles til að
vera nær kærastanum.



fólk

folk@frettabladid.is

Hef þvertekur fyrir vandræði

Hugh Hefner hefur vísað því á bug að ekki sé allt með felldu í Playboy-höllinni, en slúðursíður ytra hafa sagt frá því að tvær af þremur kærustum hans séu viðriðnar aðra menn. Holly Madison, „kærasta númer eitt“ hefur ítrekað sést í fylgd tóframannsins Criss Angel, og Kendra Wilkinson mun eiga í sambandi við ruðningsleikmanninn Hank Baskett. Nýlega birtust svo fregnir af því að sú í miðid, ef svo mætti að orði komast, Bridget Marquardt, væri þegar gift, og þar að auki að slá sér upp með manni að nafni Nick Carpenter, sem áður var giftur leikkonunni Marisu Tomei.

Hefner segir allt í hinu besta

hjá honum og kærustum þremur, en hefur þó ýjað að því að sambandið við Holly muni ekki vara að eilífu. „Ég elska Holly mjög mikið, en hana langar mikið til að gifta sig og eignast börn. Það er ekki á dagskránni hjá mér. Það þarf að horfast í augu við veruleikann hérna. Og ég er viss um að sá tími mun koma þegar hún fer að hitta aðra menn,“ sagði Hugh í nýlegu viðtali.

Þó að Hugh virðist þannig afar skilningsríkur gefur hann ekki mikið út á meintan kærasta Holly. „Maður vonar að þegar hún fer að hitta aðra menn muni hún hafa betri smekk,“ segir Playboy-konungurinn um Angel.



ALLT Í HIMNALAGI Hugh Hefner segir ekkert ama að í samböndum hans við kærusturnar þrjár, þó að þær hafi allar sést með öðrum mönnum upp á síðkastið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tekur upp framhald Point Break

Tökumaðurinn Óttar Guðnason hefur verið fenginn til að kvikmynda framhald hasarmyndarinnar Point Break sem skartaði Patrick Swayze og Keanu Reeves í aðalhlutverkum.

Óttar staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið en vildi annars ekki tjá sig um verkefnið að svo stöddu.

Talið er að Hayden Christensen, sem sló í gegn sem Anakin í Star Wars-myndunum, verði í aðalhlutverkinu. Myndin gerist tuttugu árum á eftir þeirri fyrri og leikur Hayden brimbrettakappa og löggæfing sem kemst á slóðir glæpagengis.

Tökur fara að mestu leyti fram á Bali síðar á árinu. Handritshöfundur verður W. Peter Iliff, sem samdi handritið að fyrri myndinni, en óvíst er hvort Swayze eða Reeves komi aftur við sögu.

Leikstjóri myndarinnar, sem kallast Point Break:Indo, verður Jan De Bont sem á að baki myndir á borð við Speed, Twister og Tomb Raider 2. Óttar og Jan De Bont hafa unnið töluvert saman við auglýsingagerð undanfarin ár og gerðu þeir meðal annars saman auglýsingu fyrir Goodyear-dekkjaframleiðandann hér á landi.

Upphaflega stóð til að Óttar tæki upp hasarmyndina Stopping Power í leikstjórn De Bont en henni hefur verið slegið á frest og í staðinn ætla þeir að einbeita sér að framhaldi Point Break.

Óttar er einn færasti kvikmyndatökumaður Íslands. Á meðal verkefna hans í gegnum tíðina eru myndirnar A Little Trip to Heaven og Run for Her Life, báðar í leikstjórn Baltasars Kormáks.

Sú síðarnefnda er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári, rétt eins og Point Break:Indo.

- fb

ÓTTAR GUÐNASON

Einn færasti kvikmyndatökumaður landsins mun starfa við framhald hasarmyndarinnar Point Break 2.



Reiðu týpunni hjálpað

Elsa Bára Traustadóttir sálfræðingur hyggst bjóða upp á sérstök reiðistjórnunarnámskeið á næstunni og er full þörf á að stemma stigu við reiðiköstum sem grípa mann og annan.


„Já, reiðin er mitt sérsvið,“ segir Elsa Bára Traustadóttir sálfræðingur.

Elsa Bára ætlar að bjóða upp á sérstök reiðinámskeið, eða reiðistjórnunarnámskeið öllu heldur, sem hefjast 6. október.

„Já, hún amma horfði skeptísk á mig þegar ég var að segja henni af þessu og sagði: Kannt þú eitthvað í því? Ég varð rosalega móðguð og fór að útskýra þetta fyrir henni. Þá kom í ljós að henni hafði heyrst ég segja „reiðinámskeið“ – en það eru ýmsir í ættinni sem vita miklu meira um hesta en ég,“ segir Elsa Bára en hún er upplendisóttir hins fræga hestamanns og leikara, Júlíusar Brjánssonar. Hún er létt í lund og virðist djúpt á reiðinni – segist enda vera vel þjálfuð.

Vann með dönskum ofbeldismönnum

„Ég vil ekki fá fólk á námskeiðið sem er sallarólegt alla daga en langar á námskeið. Þetta er ætlað hinum reiðu. Þeim sem eiga í erfiðleikum með að stjórna reiði sinni,“ segir Elsa Bára. Hún hefur starfað talsvert úti í Danmörku sem sérfræðingur á þessu sviði, í lokuðum fangelsum með ofbeldismönnum. Slík meðferð er tímafrek og dýr og ekki í boði hérlandis. Nýverið kom út dönsk bók eftir blaðamanninn Jari Kickbush, Kom godt hjem, þar sem meðal annars er athyglisverður kafla sem byggir



ELSA BÁRA Hún vill ekki pollrólegar týpur á námskeiðið heldur þær manngerðir sem ekki kunna að stjórna reiði sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á viðtali við Elsu Báru. Hún fór í kjölfarið í viðtal við danska útvarpið þar sem hún ræddi reiðina og það sem hún hafði lært af dönskum ofbeldismönnum. Elsa Bára er nú komin heim og starfar á geðdeild Landsspítalans auk þess sem hún rekur einkastofu – og reiðir Íslendingar fá að njóta góðs af því. Námskeiðið byggir á hugrænni atferlismeðferð sem mikið er notuð við kvíða og þunglyndi svo eitthvað sé nefnt.

Eðlilegt að reiðast

„En ég hef fengið fólk hér til meðferðar sem á við reiðivanda að stríða sem skerðir lífsgæði þeirra. Fólk sem reiðist yfir öllu og engu,“ segir Elsa Bára. Flokka má reiðina í tvennt: Það eru þeir sem eru

reiðir og pirraðir allan daginn og svo þeir sem missa sig þó tilefnin séu lítil. „Einhver fer fram úr þeim í röð úti í búð, ekki er búið að búa um heima ... og svo það sem alvarlegast er þegar ofbeldi fylgir. Reyndar má færa rök fyrir því að fólk sem stöðugt er reitt beiti andlegu ofbeldi en þegar svo er fara menn að tipla á tánum í kringum slíka,“ segir Elsa Bára.

Elsa Bára segir að ekkert sé eðlilegra en að reiðast – það sé hugarástand sem sé mannum mjög mikilvægt og hafi verið frá öröfi alda og kemur í veg fyrir að vaðið sé yfir fólk. En mönnum hættir til að reiðast um of. „Og það hefur bæði skaðleg áhrif á þá sem lifur þannig sem og þá sem í kringum þá eru.“

jakob@frettabladid.is

FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA BLADE RUNNER.

Vínningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að tala þitt eru kominn SMS kúðir.

FRUMSÝND 26 • 09 • 08

VIN DIESEL

BABYLON A.D.

A FILM BY MATHIEU KASSOVITZ

SENDU SMS BTC BAB Á NÚMERIÐ 1900

Vínningar eru bíomíðar, tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira!

9. hver vinnur!

Líkamsræktarfólk í njósnaleik

Þegar CIA-starfsmaðurinn Osbourne Cox er rekinn vegna drykkju leggst hann í að skrifa endurminningar sínar. Geislaskur með þeim týnist og lendir í höndunum á tveimur starfsmönnum líkamsræktarstöðvar, sem ákveða að kúga fé úr honum. Á meðan er kaldlynd eiginkona Cox að ihuga að yfirgefa hann fyrir viðhaldið sitt, sem er sjálfur að halda framhjá sinni konu.

Gamanmyndir þeirra Coen-bræðra hafa verið æði misjafnar í gegnum tíðina og ýmist verið klassískar, líkt og The Big Lebowski, eða furðulega slappar, eins og The Ladykillers. Með Burn After Reading snúa þeir aftur með gamanmynd og það aðeins nokkrum mánuðum eftir þeirra alvarlegu Óskarsverðlaunamynd No Country for Old Men. Burn After Reading er blanda af aulalegri gamanmynd og gríni að alvarlegum njósnatryllum, þar sem allir sem koma við sögu eru annað hvort fífl eða heimskingjar sem lenda upp á kant hver við annan.

Það bólar á nokkrum kostulegum atriðum, einu ótrúlegu ofbeldisverki og skemmtilegum atvikum í myndinni. En hún ráfar undarlega

stefnulaust um, auk þess sem það er skortur á ákveðnum alvarleika og almennilega viðkunnalegri persónu, til samanburðar við allan fátíðaleikann. Mynd sem samanstendur af einhliða fíflum er fráhrindandi og Burn After Reading gerist sek um það.

En stjörnum prýddur leikarahópur gerir sitt gagn og gera flestir sitt besta úr sínu. John Malkovich er bráðskemmtilegur sem síblótandi drykkjumaður, ætíð á ystu nöf, og Brad Pitt er bestur sem algjör asnakjálki, og á bestu atriði myndarinnar. George Clooney reynir kannski helst til mikið að vera fyndinn, en hann fær eitt frábært atriði; Tilda Swinton á í engum vandræðum með sína köldu persónu. Frances McDormand fær, engum að óvörum, sín bestu hlutverk í Coen-myndum og stendur sig vel hér sem miðpunktur myndarinnar. En í mynd þar sem ekkert virðist í raun skipta máli er það J.K. Simmons sem stelar senunni í aukahlutverki, sem ráðvilltur yfirmaður CIA sem reynir að átta sig á stöðunni.

Einnig má minnst á tónlist Carter Burwell og kvikmynda-



KVIKMYNDIR

Burn after Reading

Leikstjórn: Coen-bræður.

Aðalhlutverk: George Clooney, Frances McDormand, John Malkovich, Tilda Swinton, Brad Pitt, David Rasche.

★★★

Frábær leikarahópur hjálpar annars meðalgóðri Coen-mynd.

töku Emmanuel Lubezki, sem kaldhæðnislega gefa myndinni alvarlegt yfirbragð. En þótt Burn After Reading eigi nokkur góð andartök er hún vonbrigði frá Coen-bræðrum og langt frá þeirra bestu verkum.

Loffur Ingi Bjarnason - Topp5.is



Málþing SÁÁ um forvarnir við og fyrstu aðstoð unglinga

í Von Efstaleiti 7, 30.sept.- 2. okt.

cuckoo's nest

Málþingið er öllum opið og er allt áhugafólk um áfengis- og vímuefnavandann velkomið.

Fyrsti dagurinn er um inngrip og fyrstu aðstoð við unglina í vímuefnavanda auk aðstoðar við börn alkóhólista.
Annar dagurinn er um forvarnir í framhaldsskólum.
Þriðji dagur er helgaður þeim félagslegu aðgerðum sem tækar eru til forvarna.

Á ráðstefnunni munu verða flutt erindi af fulltrúum úr heilbrigðis- og menntastéttum,
foreldrum, lögreglu og stjórnmalamönnum.

Aðgangur er ókeypis.
Dagskrá má finna á heimasíðu SÁÁ.



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKIS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

Unglingasími SÁÁ 824 7666 er opinn dag og nótt. Þar færðu allar upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu SÁÁ fyrir börn og unglina og foreldra þeirra.

Örvæntingarfull bjartsýni Sprengjuhallarinnar

Strákarnir í Sprengjuhöllinni eru að klára aðra plötu sína. Dr. Gunni kíkti í heim-sókn í hljóðveríð og ræddi við þá.



BER Í GARDINUM Sprengjuhöllin (minus Bergur Ebbi) gefur sér tíma frá upptökum til að tína ber.

„Ég er í þessum náttfötum til að undirstrika að ég sé veikur,“ segir Bergur Ebbi í Sprengjuhöllinni. Hann er mættur síðastur, í náttfötunum, í Gróðurhúsið, hljóðver Valgeirs Sigurðssonar í Breiðholti. Þar hefur Sprengjuhöllin hamast í tvær vikur við að taka upp aðra plötuna sína sem heitir Bestu kveðjur. Vinnan sækist vel enda hljómsveitin skipuð annáluðum dugnaðarforkum.

„Okkur fannst mikilvægt að kýla á þessa plötu strax,“ segir Snorri. „Ef við hefðum beðið þar til á næsta ári hefði verið sagt að við værum með kommbakk. Nú er þetta bara áframhaldandi ferill.“

Er erfitt að gera plötu númer tvö? „Nei nei. Við filum svona „popp-minni“ eins og „hina erfiðu plötu númer tvö“ og við tækjum því bara fagnandi ef það hefði verið erfitt að gera þessa plötu,“ segir Bergur. „Best væri ef Valgeir tæki Phil Spector-kast á okkur og myndi hverfa með teipin veifandi skambyssu.“

„Það er alveg að fara að gerast,“ segir Valgeir og hlær.

Sprengjuhöllin vonast til að nýja platan komi út – bæði á geisla og vínýl – í byrjun nóvember.

Strákarnir leyfa mér að heyra nokkur grófmixuð lög og það er augljóst að það er meira lagt í útsetningar og hljóðpælingar en á fyrstu plötunni.

„Já, við vorum eiginlega bara að bora í nefið á síðustu plötu,“ segir Georg bassaleikari. „Þá vorum við búnir að hjakast á öllum lögnum á tónleikum í meira en ár, en núna höfum við ekki spilað nema kannski 2-3 lög af þessum nýju læk.“

„Við tókum massíft sessjón í sumar og æfðum upp á hvern dag í mánuð,“ segir Snorri. „Þá æfðum við þessi lög upp og útsettum þau.“

„Í kreppunni finnst okkur mikilvægt að fólk fái sem mest fyrir peninginn,“ segir Bergur. „Þess vegna eru fimmtán lög á plötunni og hún er næstum því klukkutími að lengd. Það verða líka mjög vandaðar umbúðir. Textarnir eru „Springstíniskir“, svona bjartsýnar hetjupælingar. Eiginlega eru textarnir fullir af örvæntingarfullri bjartsýni, sem passar vel við tíðarandann. Þessi bjartsýni sem verður til þegar hlutirnir geta ekki versnað lengur og ekkert er eftir nema að vera bjartsýnn. Það er hreinasta og ómengaðasta bjartsýnin.“

SAMBÍÓNN

WILD CHILD	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
WILD CHILD	kl. 8 - 10:10	VIP
GEIMAPARNIR	kl. 6	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 8 - 10:20	12
JOURNEY 3D	kl. 5:50	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8 - 10:10	L
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50	VIP
STAR WARS	kl. 5:50	L
WALL-E	kl. 5:50	L

ALFABAKKA

WILD CHILD	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
JOURNEY 3D	kl. 6 - 8:10	L
GEIMAPARNIR	kl. 6	L
SMART PEOPLE	kl. 8 - 10:10	12
DARK KNIGHT	kl. 10:10	12

SELFÖSS

MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10:10	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
MIRRORS	kl. 10:10	16

AKUREYRI

WILD CHILD	kl. 6 - 8	L
GEIMAPARNIR	kl. 6	L
CHARLIE BARTLETT	kl. 8	12

KEFLAVÍK

WILD CHILD	kl. 8 - 10:10	L
STEP BROTHERS	kl. 8	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 10:10	L

NÝTT Í BÍÓ!

FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA

BLADE RUNNER

HÖRKU HASARI

LUKKU LÁKI ER MÆTTUR

AFTUR Í SKEMMTILEGRI

MYND FYRIR ALLA

FÓLSKYLDUNA!

BURN AFTER READING

LÚXUS

16

BABYLON A.D.

16

LUKKU LÁKI

L

PINEAPPLE EXPRESS

16

JOURNEY TO THE CENTER

L

MIRRORS

16

STEP BROTHERS

12

MAMMA MIA!

12

GRÍSIRNIR 3

L

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR

L

SMÁRA BÍÓ

SÍMI 564 0000

BURN AFTER READING	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
BURN AFTER READING LÚXUS-D	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
PINEAPPLE EXPRESS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
MIRRORS	kl. 10:30	16
STEP BROTHERS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	12
MAMMA MIA	kl. 5:30 - 8	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 3:45	L
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	L

5% A

HÁSKÓLA BÍÓ

SÍMI 530 1919

BURN AFTER READING	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10:30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 10:30	12
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5:45	L
MAMMA MIA	kl. 5:30 - 8	L
BABYLON A.D.	kl. 8 - 10	16
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 6	L

5% A

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á

midí.is

5% A

Regnboginn

29. sept

Berlín kallar	17:30
Áður en ég gleymi	17:30
Hr. Stór	17:30
Barcelona (kort)	17:30
Hvarfið	20:00
Lou Reed's Berlin	20:00
Síðasta heimsálfan	20:00
Fljúgðu hærra	20:00
Zíft	22:30
O'Horten	22:30
Ópökkaveisla	22:30
Þar til dauðinn aðskilur okkur	22:30

Iðnó

Kattadansarar	13:30
Min Winnipeg	15:30
68-kynslóðin	17:30
Í leit að goðsögn	20:00
Allar mættar! / Þetta kalla ég dans	22:30

Norræna húsið

Saga 52	13:30
33 atríði úr lífinu	15:30
Vilti tarfurinn	17:30
Berlínaróður	20:00
Öbugandi	22:30

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075

- bara lúxus

HÖRKU HASAR

BABYLON A.D.

LUKKU LÁKI

ATHI 650 KR

JOURNEY TO THE CENTER

3D

TEKJUHÁSTA MYND ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI

MAMMA MIA

SÝNINGARTÍMAR

BABYLON A.D.	kl. 6, 8 og 10	16
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal	kl. 6 (650 kr)	L
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 og 10:15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 6	L
MAMMA MIA	kl. 8 og 10	L

Stelpustrákur hertur upp


Ef til vill er það eina sem margir Norður-Ameríkumenn vita um Ísland það að hér er mikið um ísknattleik. Hér hefur varla verið keppt á ís síðan á dögum Gísla Súrssonar, en ef til vill er það nafnið sem vekur áhuga íshökkímanna. Í Mighty Ducks 2 fór bandarískt barnaíshökkílið með sigur af hólmi gegn íslensku liði sem keppti undir þeim fleygu orðum „Áfram, áfram. Destroy!“ Og hér á íþróttaféttaritarinn Eric sér þann draum að fara til Reykjavíkur og fylgjast með móti þar.

Vandamálið er hins vegar það að hann og sambýlismaður hans þurfa að hugsa um barn eftir andlát í fjölskyldunni. Strákurinn sem þeir taka að sér er hins vegar kvenlegur í háttum og list Eric illa á, og því tekur hann það að sér að kenna stráknum að haga sér meira eins og strákur. Allt kemur þetta síðan niður á vinnu hans, og þar með möguleikum hans á að komast til Reykjavíkur.

Morgunverður með Scot er sú

nýjasta í langri röð mynda sem fjalla um kynhlutverk. Ein sú þekktasta er Some Like It Hot frá 1959 þar sem karlmenn þurfa að haga sér eins og konur og hafa margar slíkar fylgt í kjölfarið. Árið 1978 var þetta svo komið allan hringinn með hinni frábæru La Cage aux Folles. Þar kennir einn samkynhneigður karlmaður öðrum að haga sér karlmannlega, brandarinn er orðinn karlmannskan en ekki kvenleikinn. Morgunverður með Scot sver sig örflítið í ætt við hana, þar sem karlmannlegi homminn kennir kvenlega stráknum hvernig á að haga sér. Hann þarf þó sjálfur að læra að samþykkja alla eins og þeir eru.

Þrátt fyrir óhefðbundin kynhlutverk er myndin þó á svipuðum nótum og aðrar sem fjalla um karlmenn að ala upp börn og virkar vel sem slík. RIFF fær hins vegar skömm í hattinn fyrir það að myndin stoppaði í miðjum klíðum, og tók tuttugu mínútur að leysa vandaamálið, án þess þó að hún gæti haldið



KVIKMYNDIR Morgunverður með Scot

Leikstjóri: Laurie Lynd. Kanada 2007.

Sýnd á RIFF.

★★★★

Skemmtileg og velheppnuð mynd um kynhlutverk.

.....
áfram á sama stað. Framleiðandi myndarinnar, Paul Brown, svarar spurningum í Iðnó hinn 30. september klukkan 20.

Valur Gunnarsson

25. september
= 5. október
2008 = riff.is

Mánudagur 29. september
→ Regnboginn → midi.is

Berlín kallar

Berlín kallar	17:30
Áður en ég gleymi	17:30
Hr. Stór	17:30
Barcelona (kort)	17:30
Hvarfið	20:00
Lou Reed's Berlin	20:00
Síðasta heimsálfan	20:00
Fljúgðu hærra	20:00
Zíft	22:30
O'Horten	22:30
Ópökkaveisla	22:30
Þar til dauðinn aðskilur okkur	22:30

Iðnó

Kattadansarar	13:30
Min Winnipeg	15:30
68-kynslóðin	17:30
Í leit að goðsögn	20:00
Allar mættar! / Þetta kalla ég dans	22:30

Norræna húsið

Saga 52	13:30
33 atríði úr lífinu	15:30
Vilti tarfurinn	17:30
Berlínaróður	20:00
Öbugandi	22:30

ÓDÝRT Í HAGKAUP



269 kr/pk

brokkolí blanda



169 kr/pk

Maískorn



99 kr/pk

Mini gulrætur



134 kr/pk

Maístönglar



238 kr/pk

Kartöflu bátar



1.308 kr/pk

Kjúlingabringur



399 kr/pk

Jarðarber



59 kr/stk

Bakaðar baunir



129 kr/stk

Sveppir í sneiðum



169 kr/pk

Maískorn 3 stk. í pk.



139 kr/pk

Ananas 3 stk. í pk.



139 kr/stk

Ávaxtasafi



349 kr/pk

Hindber



65 kr/stk

Tómatpúrre



123 kr/pk

Steiktur laukur



129 kr/pk

Sósur



108 kr/stk

Túnfiskur í olíu/vatni



129 kr/stk

Tropical safi



89 kr/pk

Hrískökur



109 kr/pk

Kex



238 kr/pk

Marsipankökur



209 kr/pk

Appelsínukex



129 kr/pk

Súkkulaðibitakökur



119 kr/pk

Súkkulaðikex



208 kr/pk

Kartöfluflögur



339 kr/stk

Marsipan



99 kr/stk

Suðusúkkulaði



89 kr/pk

Saltstangir



119 kr/pk

Hvítlauksbaguette



108 kr/pk

Súkkulaðikremkex



139 kr/pk

Spaghetti



179 kr/pk

Tagliatelle



179 kr/stk

Pastasósa



185 kr/pk

Kaffifilter



169 kr/pk

Strásæta



115 kr/pk

Sykur



649 kr/pk

Bleiur



208 kr/pk

Blautkútar



95 kr/pk

Bómullarskifur



108 kr/pk

Hreingerningasvampar



239 kr/pk

Eldhúsrúllur



189 kr/pk

Bréflútar

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Stefán hættur og farinn að keyra vörubíl

Skagamaðurinn Stefán Þórðarson hefur lagt skóna á hilluna. „Þetta er komið gott. Ég er bara orðinn saddur,“ sagði Stefán við Fréttablaðið í gær en hann segir enga leið að snúa þessari ákvörðun sinni fyrir næsta sumar. Það breyti engu að hann hafi verið kominn í landsliðið. „Það var gaman en breytir engu. Svo hefur mikið gengið á hjá mér í sumar og meðferð sumra aðila á mér var til þess að steindrepa alla löngun hjá mér til þess að spila fótbolta.“ Stefán segir að fram undan sé bara að vinna, hann geti nú farið að vinna fullan vinnudag, en hann keyrir vörubíl á Akranesi ásamt frænda sínum, Ólafi Þórðarsyni.

sport
sport@frettabladid.is



FORNIR FIJENDUR MÆTTUST: ENDURFUNDIR EINARS JÓNSSONAR OG AÐALSTEINS EYJÓLFSSONAR Í MESTA BRÓÐERNI

Þjálfararnir segjast hafa grafið stríðsöxina

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Fylkis í handbolta, og Einar Jónsson, þjálfari Fram, mættust í fyrsta sinn á laugardaginn síðan þeir félagar tókust eftirminnilega á 6. desember 2007. Aðalsteinn, sem þá þjálfari Stjörnuna, fékk tæplega tveggja mánaða keppnisbann og 50.000 króna sekt vegna ummæla sinna um tengsl Einars og dómara leiks Fram og Stjörnunna, sem Fram vann með einu marki.

Þjálfararnir segjast báðir vera búnir að leggja þetta atvik til hliðar og segja það ekki hafa nein áhrif á samskipti sín. „Pau eru fin og hafa alltaf verið. Það hefur ekki verið neitt vandamál milli mín og Einars. Við vorum ósammála í þessum eina leik og út frá því spannst mikið fjaðrafok sem er búið. Við höfum alltaf verið góðir félagar og kunningjar og hjálpast mikið að í þessari þjálfun, þetta var frávik,“ sagði Aðalsteinn eftir að hafa séð lið sitt tapa, 29-23.

„Þetta er löngu búið hvað Einar snertir. Það eru hins vegar aðrir menn sem ég hugsa þegjandi

þörfina en það hefur lengri sögu,“ sagði Aðalsteinn, sem ætlar ekki að ræða um dómgæsluna í vetur. „Ég segi pass. Ég ætla ekki að tjá mig um dómgæsluna í vetur. Þeir verða að hugsa um sín störf sjálfir.“

Einar segist ekki bera neinn kala til Aðalsteins þrátt fyrir hörð ummæli þess síðarnefnda í sinn garð eftir leikinn fræga. „Samskipti okkar eru mjög góð. Við ræðumst reglulega við og vinnum eins og allir þjálfarar í deildinni að því að gera íslenskan kvenna-handbolta betri og það er okkar markmið.

Við vinnum saman að því og tölumst saman. Ég man ekki til þess að við höfum rætt þennan leik eitthvað. Ég þæli ekkert í þessu. Menn takast á í þessu og kannski fóru hlutirnir eitthvað úr böndunum í þetta skiptið. Það vakti klárlega áhuga og það er kannski ágætt. Er ekki neikvæð umfjöllun betri en engin umfjöllun?“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, sem er mjög ánægður með dómgæsluna í upphafi tímabils.



ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

PORTSMOUTH - TOTTENHAM HOTSPUR 2-0
1-0 Jermain Defoe (33.), 2-0 Peter Crouch (67.).
WIGAN ATHLETIC - MANCHESTER CITY 2-1
1-0 Antonio Valencia (15.), 1-1 Vincent Kompany (21.), 2-1 Amr Zaki (33.).

STADAN:

Chelsea	6	4	2	0	12-3	14
Liverpool	6	4	2	0	7-2	14
Aston Villa	6	4	1	1	12-8	13
Arsenal	6	4	0	2	12-4	12
West Ham	6	4	0	2	13-10	12
Hull City	6	3	2	1	9-11	11
Blackburn	6	3	1	2	8-12	10
Manchester City	6	3	0	3	16-9	9
Portsmouth	6	3	0	3	7-12	9
Wigan Athletic	6	2	2	2	9-5	8
Man. United	5	2	2	1	6-4	8
WBA	6	2	1	3	6-7	7
Sunderland	6	2	1	3	6-8	7
Everton	6	2	1	3	9-13	7
Fulham	5	2	0	3	5-6	6
Middlesbrough	6	2	0	4	6-9	6
Bolton	6	1	1	4	5-9	4
Stoke City	6	1	1	4	7-12	4
Newcastle	6	1	1	4	5-11	4
Tottenham	6	0	2	4	4-9	2

Landsliðsþjálfaramál HSI:

Styttist í svar frá Guðmundi

HANDBOLTI Ekki liggur enn fyrir hvort Guðmundur Guðmundsson muni halda áfram þjálfun íslenska landsliðsins.

Búið var við svari frá Guðmundi í síðustu viku en þjálfarinn fékk lengri tíma til þess að ákveða sig þar sem framkvæmdastjóri HSI, Einar Þorvarðarson, hefur verið í langþráðu fríi ásamt því sem hann þurfti að sitja þing út í Evrópu.

Einar tjáði Fréttablaðinu í gær að væntanlega myndi draga til tíðinda í vikunni en farið er að stytast í næsta verkefni landsliðsins.

Guðmundur er eðli málsins samkvæmt fyrsti kostur hjá HSI og verður ekki rætt við neinn annan þar til ljóst verður hvort Guðmundur vilji halda áfram eður ei.

- hbg

Það gengur hvorki né rekur hjá Tottenham

Það er ekkert lát á slöku gengi Tottenham Hotspur en liðið tapaði enn einum leiknum í gær og að þessu sinni gegn Portsmouth, 2-0. Manchester City fékk síðan vænan kinnhest er liðið tapaði á útivelli gegn Wigan, 2-1.

FÓTBOLTI Tveir leikir fóru fram í enska boltanum í gær. Portsmouth byrjaði á því að leggja Tottenham, 2-0, og síðan skellti Wigan liði Man. City, 2-1. Raunir Tottenham halda því áfram en liðið situr sem fastast á botni ensku deildarinnar.

Það var fyrrverandi framherji Tottenham, Jermain Defoe, sem kom Portsmouth yfir og Peter Crouch, fyrrverandi framherji Liverpool, skoraði síðan seinna markið. Hermann Hreiðarsson hóf leik og lauk honum einnig á varamannabekk Portsmouth.

Það er orðið verulega heitt undir Juande Ramos, stjóra Spurs, en hann óttast ekki að verða rekinn. „Ég tel mig hafa fullan stuðning frá stjórninni,“ sagði Ramos en stuðningsmenn Spurs sungu til hans í leiknum. Textinn var einfaldur: Þú hefur ekki hugmynd um hvað þú ert að gera.

„Ég tala reglulega við stjórnina og það eru allir meðvitaðir um þessa viðkvæmu stöðu. Hvort ég lifi hana af er undir stjórninni komið. Söngurinn frá stuðningsmönnum særði mig ekki. Að vinna ekki leiki er það sem særir mig,“ sagði Ramos.

Hún var létt brúnin á Harry Redknapp, stjóra Portsmouth. „Frammistaða liðsins var stórkostleg. Við vorum afar ákveðnir og unnum vel saman sem lið. Mér fannst við vera frábærir,“ sagði Redknapp brosandir en hann vildi lítið tjá sig um vítið sem Spurs vildi fá. „Það gat hafa verið víti. Mér fannst boltinn fara í hönd varnarmannsins en sá það ekki nógu vel. Dómarinn sagði ekkert



SITUR Í SJÓÐHEITU SÆTI Þegar er farið að hitna verulega undir Juande Ramos, stjóra Tottenham, og hann fékk ekki ástæðu til þess að brosa í gær frekar en fyrr á tímabilinu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

víti þannig að það þýðir ekkert að velta sér upp úr því.“

Í síðari leik dagsins gerði Wigan sér lítið fyrir og skellti Man. City, 2-1. Antonio Valencia kom Wigan

yfir með glæsilegu marki en Vincent Kompany jafnaði fyrir City. Amr Zaki skoraði síðan sigurmarkið fyrir Wigan.

henry@frettabladid.is



STEVEN GERRARD Vill sjá árangur í ensku deildinni.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard: Ætlum okkur stóra hluti

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrrihlíði Liverpool, segir að liðið þurfi að byggja ofan á þá frammistöðu sem það sýndi gegn Everton ef það ætli sér að berjast um meistaratitilinn í ár.

Gerrard sagði það bestu frammistöðu liðsins á leiktíðinni og vill sjá meira af slíku.

„Þetta var tvímælalaust okkar besti leikur. Við höfum verið að vinna leiki en síðan hrasað á köflum. Þessi sigur setur viðmiðið fyrir okkur og ef við spilum af álfa getu er ég viss um að við munum berjast á toppnum allt til enda. Við stjórnendum leiknum allan tímann. Með því sendum við skýr skilaboð um hvað við ætlum okkur í vetur.

Við stóðum saman allir sem einn, vorum þétt lið og spiluðum frábæran fótbolta á köflum. Við sýndum í þessum leik hversu pirraðir við vorum á því að fá ekki öll stigin gegn Stoke,“ sagði Gerrard ákveðinn en hann mun halda áfram að hvetja féлага sína til dáða og verka í vetur.

Gerrard er enn að biða eftir 100. marki sínu fyrir Liverpool.

„Það mun koma, ég er fullviss um það. Annars skiptir lítið og að vinna öllu máli,“ sagði Gerrard að lokum.

- hbg



Mótorsport

Stærsta sportbílasyning í heimi

The Race Car Show í Birmingham

9.-11. janúar 2009

Fararstjóri er Kristján Einar, Formúlu 3 ökuður.

Verð á mann í tvíbýli:

69.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur með morgunverði, rúta, miði á bílasyninguna og íslensk fararstjórn.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Fernando Alonso vann í flóðljósunum í Singapur í gær:

Forskot Hamiltons á Massa jókst

FORMÚLA 1 Það var mikil stemning í Singapur þegar keppt var í Formúlu 1 kappakstri þar í landi. Þetta var fyrsta keppnin í sögu Formúlunnar þar sem keppt er að kvöldi til og þar með í flóðljósum.

Fernando Alonso kunni best við sig í flóðljósunum og kom fyrstur í mark. Annar maður sem fagnaði líka var Lewis Hamilton, sem endaði í þriðja sæti. Hann náldi þar í mikilvæg stig á Felipe Massa í keppninni um heimsmeistaratilinn en Massa varð þrettándi og fékk engin stig. Hamilton hefur því sjö stiga forskot á Massa þegar aðeins þrjár keppnir eru eftir.

Massa var í forystu framan af en lenti í óhappi er hann yfirgaf viðgerðarsvæðið með bensindæluna enn í bílnum. Hann tafðist mikið í kjölfarið og missti um leið af lestinni. Þetta var í fyrsta sinn sem Alonso kemst á pall á tímabilinu og hann því eðlilega sáttur.




FERNANDO ALONSO Vann góðan sigur í flóðljósunum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Þetta er frábært. Í fyrsta skipti á palli og það efst á pallinum. Ég trúi þessu varla ennþá. Ég þarf svona tvo daga til að átta mig á því að við gátum unnið keppni í ár því við höfum verið svo fjarir toppnum,“ sagði Alonso og brosti allan

hringinn. Hamilton var líka sáttur. „Mér fannst mjög gaman að keppa hér, naut þess og er tiltölulega sáttur. Þetta var erfið vika og gott að fá einhver stig,“ sagði Alonso en Nico Rosberg varð í öðru sæti í keppninni.

- hbg



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

þátttaka í skipulögðu íþróttta- og æskulýðsstarfi

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



Fimmtudagurinn 6. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:





GUNNLEIFUR Besti markvörður Íslands-mótsins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnleifur Gunnleifsson: Orðaður við FH og KR

FÓTBOLTI Markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson er sterklega orðaður við félög í Landsbankadeildinni þar sem HK féll niður í 1. deild.

Gunnleifur átti enn og aftur frábært tímabil á milli stanganna hjá HK og hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Verður því að teljast ólíklegt að hann sætti sig við að spila í næstefstu deild.

„Ég ætla bara að taka mér frí í nokkra daga og svo mun ég ákveða mig. Annars vil ég ekkert tjá mig um málin á þessari stundu,“ sagði Gunnleifur þögull sem gröfin.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nokkur félög í Landsbankadeildinni þegar sett sig í samband við Gunnleif og þar á meðal eru FH og KR.

FH-ingar ku vilja nýjan og ferskan markmann og svo búast KR-ingar við því að missa Stefán Loga Magnússon til útlanda og vilja þeir fá Gunnleif til þess að fylla hans skarð.

- hbg

Stefán Logi Magnússon: Undir smásjá margra liða

FÓTBOLTI Eins og fram kemur í fréttinni hér að ofan búast KR-ingar við því að missa markvörð sinn, Stefán Loga Magnússon, út í atvinnumennsku.

„Ég veit ekkert hvað verður nákvæmlega en hef heyrt af áhuga frá Norðurlöndunum og Englandi. Ég er að einbeita mér núna að því að vinna bikarinn með KR,“ sagði Stefán Logi spakur en hann hefur áhuga á að komast út.

„Auðvitað vil ég æfa og spila í umhverfi sem getur gert mig betri en ég er. Það væri gaman að komast út og það væri líka gaman að spila annað tímabil með KR, þar sem mér líður vel,“ sagði Stefán Logi, sem er samningsbundinn KR og því þarf félagið að samþykkja tilboð í hann áður en hann fer utan.

- hbg

Litlar breytingar á þjálfaramálum

Eins og staðan er í dag er líklegast að ellefu af þeim tólf þjálfurum sem stýra liði sem eiga sæti í Landsbankadeildinni stýri sínu liði áfram. Aðeins Fylkir á eftir að ráða í stöðu þjálfara en Sverrir Sverrisson mun ekki þjálfar liðið áfram. Zoran Miljkovic og Ólafur Þórðarson eru sterklega orðaðir við Árbæjarliðið.

FÓTBOLTI Mörg félög hafa tekið þann pól í hæðina í lok tímabils að skipta um þjálfara. Útlit er fyrir óvenju litlar hræringar að þessu sinni og fátt sem bendir til annars en að ellefu af þeim tólf liðum sem eiga þátttökurétt í Landsbankadeildinni sumarið 2009 muni halda þeim þjálfurum sem fyrir eru núna.

Eina þjálfaralausa félagið er Fylkir, sem rak Leif Garðarsson og réð Sverri Sverrisson til þess að stýra liðinu á lokasprettinum. Sverrir hefur lýst því yfir að hann eigi ekki þess kost að þjálfar liðið áfram og Fylkir er því í þjálfaraleit.

Tveir þjálfarar eru helst nefndir til sögunnar – Zoran Miljkovic og Ólafur Þórðarson. Miljkovic náði afar eftirtektarverðum árangri með lið Selfoss í 1. deildinni í sumar og var frekar óvænt næstum búinn að koma liðinu upp í Landsbankadeildina. Þarf því ekki að koma á óvart að Árbæingar skuli gefa þjálfaranum skeggjaða



NÆSTI ÞJÁLFARI FYLKIS? Zoran Miljkovic, þjálfari Selfoss, og Ólafur Þórðarson, fyrrverandi þjálfari Fylkis, eru helst taldir koma til greina sem næsti þjálfari Árbæjarliðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR & HÖRÐUR

auga. Nafn Ólafs Þórðarsonar hefur lengi verið í umræðunni en Ólafur þjálfaði Fylki á sínum tíma og margir Árbæingar myndu fagna endurkomu hans.

„Maður veit aldrei hvað gerist í þessu,“ sagði Ólafur spurður hvort hann væri að taka við Fylkisliðinu. „Ég hef heyrt af áhuga Fylkis-manna en engar formlegar viðræður hafa átt sér stað. Ég hefði



klárlega áhuga á að taka verkefnið að mér en það virðist vera verk að vinna þar,“ sagði Ólafur, sem stýrði Fylki á árunum 1998 og 1999. Hann sagði að dvölin í Árbænum hefði verið ánægjuleg.

Kristján Guðmundsson hjá Keflavík og Ásmundur Arnarsson hjá Fjölni eiga eftir að ganga frá sínum málum. Ekki er þó annað að heyra en að vilji sé hjá báðum

Arnar Grétarsson heldur líklega áfram að spila:

Vil ekki enda svona

FÓTBOLTI Arnar Grétarsson mun að öllum líkindum leika áfram með Blikum næsta sumar. Arnar, sem verður 37 ára á næsta ári, gaf það út í sumar að hann myndi líklega hætta eftir tímabilið og þá ekki síst vegna þess að honum líkar afar illa við leikdagana í deildinni.

„Þessir leikdagar eru ekkert sérstaklega fjölskylduvænir. Þess utan tel ég að bæði leikmenn og stuðningsmenn vilji frekar spila á miðviku- og fimmtudögum í stað sunnu- og mánudaga,“ sagði Arnar, sem bindur miklar vonir við að nýstofnuð leikmannasamtök muni ná sínu fram en hann segist einnig vita af áhuga hjá KSÍ að breyta leikdögum í deildinni.

„Annars hef ég ekki alveg gert upp hug minn en líklega mun ég

þó halda áfram. Ég ætla aðeins að skoða hvað gerist í þessum málum sem og í leikmannamálum hjá okkur en þar verða eflaust einhverjar breytingar,“ sagði Arnar, sem fundaði með forráðamönnum Blika í gær um framhaldið. „Það eru allir eðlilega drullusvekkir eftir þetta tímabil.

Við lögðum upp með að ná Evrópusæti og gera atlgöu að annarri hvorri dollunni. Það töldum við raunhæft miðað við þann mannskap er við höfðum. Áttunda sætið er því mikil vonbrigði. Þess utan er mjög erfitt að labba burt eftir svona tímabil. Það er ekki svona sem ég vil enda ferilinn,“ sagði Arnar, sem mun mæta á æfingar með Old Boys-liði Blika á sunnudögum í vetur.

- hbg



ARNAR GRÉTARSSON Stóð sig vel í sumar og býst við því að spila áfram næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HELDUR STARFI SÍNU

Ólafur Kristjánsson verður ekki rekinn sem þjálfari Breiðabliks.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



40%



ÞJÁLFARATEYMI FH Fagnar hér uppskeru sumarsins á Fylkisvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spárnar fyrir sumarið:

Misgóðar

FÓTBOLTI Það er gaman í lok Íslandsmótsins að rifja upp hvernig menn spáðu í spilin í byrjun maí. Eins og svo oft áður gengu ekki allar spár eftir. Flestir voru sammála um að spá því að Valur myndi verja titillinn en ekki varð af því. Keflavík og Fram blésu þó hvað fastast á spárnar með því að enda í topp þremur en liðunum var spáð misjöfnu gengi. Keflavík fékk þó mikinn liðsstyrk eftir að búið var að spá. Sama er að segja um Grindavík, sem var í raun óskrifað blað í upphafi sumars enda vissi enginn hvaða útlendingar væru að koma eða hvað þeir gætu. ÍÁ, Breiðablik og Fylkir voru síðan ofmetnustu liðin samkvæmt spánum. - hbg

HVERNIG FÓRU SPÁRNAR?
Lokastaðan í Landsbankadeildinni:
1. FH
2. Keflavík
3. Fram
4. KR
5. Valur
6. Fjölnir
7. Grindavík
8. Breiðablik
9. Fylkir
10. Þróttur
11. HK
12. ÍA
Spá fyrirliða og forráðamanna:
1. Valur
2. FH
3. KR
4. ÍA
5. Breiðablik
6. Fylkir
7. Fram
8. Keflavík
9. HK
10. Þróttur
11. Fjölnir
12. Grindavík
Spá Fréttablaðsins:
1. Valur
2. FH
3. ÍA
4. KR
5. Breiðablik
6. Fylkir
7. Fram
8. Keflavík
9. Þróttur
10. Fjölnir
11. HK
12. Grindavík

SPORTbesta sætið

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

MEISTARADEILDIN Í BEINNINNI

Á MORGUN KL. 18:30
ARSENAL – PORTO

Á MORGUN

KL. 18:30Álaborg – Man. Utd.

KL. 18:35Zenit – Real Madrid

Á MIÐVIKUDAG

KL. 18:30Liverpool – PSV Eindhoven

KL. 18:35CFR Cluj – Chelsea

KL. 18:35Shaktar Donetsk – Barcelona

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

LAEG

YFIRDRÁTTARVEXTIR OG ENGIN FÆRSLUGJÖLD

Kynntu þér málið og sæktu um á www.nb.is eða hafðu samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

www.nb.is

Nýir viðskiptavinir Netbankans sem sækja um debetkort án færslu- og árgjalda, fá 18,45% yfirdráttarvexti fyrstu 6 mánuðina sem þeir eru í viðskiptum. Að auki býðst nýjum viðskiptavinum almennt e-Vildarkort án árgjalds fyrsta árið.

Netbankinn

– með betri vexti

Mikast við meðal-yfirdráttarvexti á samberilegum reikningum.

> Anne Heche

„Það er mitt starf að skapa draumóra.“ Heche leikur í Men in Trees en í kvöld byrjar Stöð 2 að sýna nýja þáttaröð.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ

SVAVAR HÁVARÐSSON REYNDI AÐ SYNGJA MEÐ

Allir saman nú, öryrki á túr...

Það gerir þáttinn líka enn áhugaverðari að atvinnu-
menn í tónlist halda um stjórntaumana og það
skín úr hverju andliti að allir eru stoltir af því að
færa áhorfendum þetta gæðaeefni heim í stofu. Til
hamingju! Gott að vita til þess að enginn skortur er
á góðum hugmyndum og hæfileikaríku fólki til að
vinna úr þeim.
Nú bið ég í ofvæni eftir að fyrrnefnd vinkona mín
bjóði fram krafta sína og skelli sér í sjónvarpssal
og rífi upp textana við nokkur af hennar uppáhalds
lögum. Má þar nefna lagið „Holgóma“ með Sálinni
hans Jóns míns, sem ég held að hafi verið titil-
lagið í kvikmynd Óskars Jónassonar, Sódóma
Reykjavík. Ég vona líka að hún fái „Komdu
með“ sem HLH flokkurinn gerði ódauðlegt.
Maður kemst ekki hjá því að raula með. „Ég sá
hana á Horninu á Mánabár, hún minnti mig á
brennivín... Happy crimes, gott fólk!



EKKI MISSA AF



► 20.00 Thelma and Louise

STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.10 Friday Night Lights

SKJÁREINN



► 20.25 ER

STÖÐ 2 EXTRA



► 22.30 Peep Show

STÖÐ 2



► 22.45 Leyninefndin í Lista-

safninu

SKJÓNVARPIÐ

SKJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hanna Montana (4:26)(e)
18.00 Kóalabráðurnir (60:78)
18.12 Herramenn (22:52)
18.25 Út og suður (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Saga Indlands (The Story of India) (3:6) Breskur heimildamyndaflokkur um Indland fyrr og nú.
21.15 Anna Pihl (10:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Aðalhlutverk: Charlotte Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind.
22.00 Tíufréttir
22.20 Sportið
►22.45 Leyninefndin í Listasafninu (AK3: Akademiens Kommitté för Kontroll av Kultur) (3:4) Sænsk þáttaröð byggð á skáld-sögu eftir Ernst Billgren sem einnig leikstýrir þáttunum. Í listheiminum er leynileg nefnd sem ákveður hvaða listamenn verða frægir og hverjir ekki. En ekki eru allir sáttir við val nefndarinnar. Aðalhlutverk: Sven Ahlström, Anna Pettersson, Ellen Mattson og Bergljót Árnadóttir.
23.30 Spaugstofan (e)
00.00 Kastljós (e)
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.05 Hot Shots!
10.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
12.00 Ella Enchanted
14.00 Hot Shots!
16.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
18.00 Ella Enchanted
►20.00 Thelma and Louise Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
22.05 Stephen King's Desperation
00.15 Die Hard II
02.00 The Island
04.15 Stephen King's Desperation

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkam-ir í næsta húsi, Ben 10 og Kalli kanína og fé-lagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (158:300)
10.15 Grey's Anatomy (3:9)
11.10 60 minutes
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Barbershop 2: Back in Business
14.45 Derren Brown: Hugarbrellur - Nýtt (3:6)
15.10 Friends (12:24)
15.30 Friends (19:23)
15.55 Galdrastelpurnar
16.18 Leðurblókumaðurinn
16.38 Tracey McBean
16.53 Louise
17.03 Skjaldböckurnar
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.05 Veður
19.20 Kompás
19.55 The Simpsons
20.20 Extreme Makeover: Home Ed-ition (1:25)
21.45 Men in Trees (1:19) Önnur þátta-röð um sambandssérfræðinginn og nithöf-undinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Þar virðist hún hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er afar heillandi maður. Með aðalhlutverk fer Anne Heche.
►22.30 Peep Show (3:12) Sprenghlægi-legir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitinga á þritugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að lif þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
22.55 Country of My Skull
00.40 Chaos and Cadavers
02.00 Barbershop 2: Back in Business
03.50 Extreme Makeover: Home Edition (1:25)
05.15 The Simpsons
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

12.10 NFL-deildin Útsending frá leik Dall-as og Washington í NFL-deildinni.
14.10 Landsbankadeildin 2008 Útsend-ing frá leik Keflavíkur og Fram.
16.35 PGA-mótaröðin Útsending frá lokadeginum á Tour Championship-mót-inu í golfi.
19.35 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál lið-andi keppni og þau krufin til mergjar.
20.15 Landsbankamörkin 2008
21.15 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson Áttundi þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
22.00 Spænsku mörkin Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.
22.45 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmeðlikarða.
23.25 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilárar í heiminum.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Man. City í ensku úrvals-deildinni.
16.45 English Premier League
17.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og Blackburn í ensku úr-valsdeildinni.
19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd. og Bolton í ensku úrvals-deildinni.
21.00 English Premier League
22.00 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaðætti.
22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Arsenal og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.15 Vörutorg
17.15 Game tívi (e)
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vanda-mál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Kitchen Nightmares (e)
►20.10 Friday Night Lights (3:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Tim Riggins er ekki í náðinni hjá nýja þjálfaranum og það er enginn kærleik-ur milli Smash og Matts. Taylor þjálfari snýr heim og sér gamla liðið sitt í molum og Julie dóttir hans er á hættulegri braut.
21.00 Eureka (8.13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndar-mál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Tilraun til að endurskapa upphaf alheimsins fer úr böndunum og breytir mestu gáfnaljósum bæjarins í glórlausa heimskingja. Nú þarf Jack Carter að safna nýju liði til að bjarga heiminum.
21.50 C.S.I. New York (6:21) Banda-rísk sakamálasería um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Hrollvekjandi morð eru framin í al-ræmdu húsi sem kennt er við bókina Amity-ville Horror. Þáttur sem fær hárin til að rísa.
22.40 Jay Leno
23.30 Swingtown (e)
00.20 In Plain Sight (e)
01.50 Criss Angel Mindfreak (e)
02.15 Family Guy (e)
02.40 Nokia Trends (e)
03.05 Vörutorg
04.05 Óstöðvandi tónlist

SIJONVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
20.30 Gönguleiðir þáttur um áhugaverð-ar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30
OMEGA
Dagskrá allan sólarhringinn.

Barcelona

Allra síðustu sætin í október

frá kr. 24.900

– flugsæti báðar leiðir

Ferðastofa

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku.
Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. Allt verð er netverð á mann.



Borgin sem allir elska!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum til Barcelona í október. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Fjölbreytt gisting í boði. Gríptu þetta frábæra tækifæri - örfá sæti laus!

Frábær sértílböð

Verð kr. 24.900

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.
Sértílböð 6.-9. okt., 12.-16. okt. og 19.-24. okt..

Verð kr. 59.990 - helgarferðir

Sértílböð 3.-6. okt.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel HCC Taber *** eða Hotel NH Numancia *** í 3 nætur með morgunverði.
Gisting á Hotel Gran Catalonia ****+ kr. 10.000 aukalega.

Sértílböð 16.-19. okt.

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Aragon *** í 3 nætur með morgunverði. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 15.000. Gisting á Hotel Catalonia Suite**** eða Hotel Barcelona Plaza **** kr. 10.000 aukalega. Aukalega m.v. gistingu í einbýli kr. 19.000.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Extreme Makeover: Home Edition, NÝTT

Í kvöld hefst fjórða þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsund-þjalsmiðurinn og fjörkálfurinn með stóra hjartað, Ty Pennington, heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.



► VIÐ MÆLUM MEÐ

Landsbankamörkin 2008

Stöð 2 Sport kl. 20.15

Í þessum síðasta þætti sumarsins af Landsbankamörkunum kryfja Tómas Ingi og Maggi Gylfa sumarið til mergjar. Þeir félagar hafa slegið í gegn með hispurslausum og hnitmiðuðum athugasemdum enda báðir óhræddir að gagnrýna það sem á að gera betur.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

13.00 Vött og breitt

14.03 Bak við stjörnurnar

15.03 Útvarpssagan: Sveigur

15.30 Heimsauga

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Lárétt eða lóðrétt

22.07 Veðurfregnir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Ársól

23.10 Frá Tónskáldapinginu í Dyflinni

00.07 Nærtútonar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun /

Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (25:260)

16.30 Hollyoaks (26:260)

17.00 Seinfeld

17.25 E.R. (4:25)

18.10 My Boys (3:22)

18.30 Happy Hour (8:13)

19.00 Hollyoaks (25:260)

19.30 Hollyoaks (26:260)

20.00 Seinfeld

► 20.25 ER (4:25) Þættimur gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.

21.10 My Boys (3:22) Frábærir gaman-þættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karla-heimi.

21.30 Happy Hour (8:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann og hann missir vinnuna og íbúðina.

22.00 Dagvaktin (2:11) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremmenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmlegt.

22.25 Numbers

23.10 The Tudors (9:10)

00.05 Sjáðu

00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skif-an TV

INN

20.00 Hrafnaping

Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála liðandi stundar.

21.00 Í nærveru sálar

Kolbrún Baldurs-dóttir sálfræðingur ræðir um ungt fólk og ökumenningu við Guðbrand Bogason, formann Ökukennarasambandsins.

21.30 Grasrótin

Umsjónarmaður er Daníel Haukur Arnarson. Hann ræðir við Ögmund Jónasson, formann þingflokks Vinstri grænna.

NK1

10.00 NRK nyheter

10.10 Med hjartet på rette staden

11.00 NRK nyheter

11.05 Jessica Fletcher

12.00 NRK nyheter

12.05 Barnery

12.30 „Allo, „Allo!

13.00 NRK nyheter

13.03 Amigo

13.35 Keiserens nye skole

14.00 NRK nyheter

14.10 Hannah Montana

14.35 Edgar og Ellen

15.00 NRK nyheter

15.10 Oddasat - nyheter på samisk

15.25 Tid for tegn

15.40 Mánaid-tv - Samisk barne-tv

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Smá Einsteins

16.25 Gjengen på taket

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Puls

17.55 Toppscorer til himmels

18.25 Redaksjon EN

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.35 Elskerinner

20.25 Store Studio

21.00 Kveldsnytt

21.15 Dalziel og Pascoe

22.45 Nytt på nytt

1 SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Sportspegeln

11.00 Kärlek, solsken och sång

12.40 Andra Avenyn

13.10 Gomorron Sverige

14.00 Rapport

14.05 Hannah Montana

14.30 Vinnarskallar

15.00 Hannas hjälplinj

15.10 Rorri Racerbil

15.20 Jasper Pingvin

15.30 Krokodill

15.55 Sportnytt

16.00 Rapport

16.10 Regionala nyheter

16.15 Fråga doktorn

17.00 Kulturnyheterna

17.15 Regionala nyheter

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Livet i Fagervik

18.45 Toppform

19.15 Folk i bild 2008

19.30 Hockeykväll

20.00 Berny blue


21.00 Kulturnyheterna

21.15 Brottet och straffet


22.25 Sändningar från SVT24

Óslitin sigurganga

– Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar



Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent




* Meðalllestur 18-49 ára – allt landið

Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir. Í stærsta neysluhópnum, 18–49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí–júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðið.

Auglýsendur athugið!
Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Í augnablikinu er ég heima-
vinnandi húsmóðir og hlusta
mikið á Hjaltaín þegar ég
vaska upp. Með níu mánaða
dóttur minni, Margréti, hlusta
ég oft á barnaplöturnar
Babbidíbú með Olgu Guðrúnu
Arnadóttur, Engla í ullarsokkum
með Hafðisi Huld og Hvað á að
gera? eftir Möggu systur.“

Alfrún Örnólfsdóttir leikkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. elds, 6. frá, 8. hryggur, 9. dýrahljóð, 11. ung, 12. dul, 14. þunnur ís, 16. tveir eins, 17. farvegur, 18. í viðbót, 20. tvö þúsund, 21. sæla.

LÖÐRÉTT 1. gaul, 3. í röð, 4. nýræktun lands, 5. móðubýkkni, 7. hefting, 10. kusk, 13. nálægð, 15. stefna, 16. vefnaðarvara, 19. mun.

LAUSN
ismí, 16. tau, 19. ku.
5. ský, 7. fröstun, 10. ryk, 13. nær, 15. rás, 18. auk, 20. mm, 21. unun.
LÖÐRÉTT: 1. baul, 3. áb, 4. landnaðm, 7. hefting, 10. kusk, 13. nálægð, 15. stefna, 16. vefnaðarvara, 19. mun.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1

Paul Newman.

2

Fram.

3

Jónína Bjartmarz.

Er HREINT
hjá þér?

Fagleg ræsting fyrirtækja
og stofnana er bæði
betri og ódýrari



• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Góð símavarsla
- traust ímynd

Námskeið í sí mavörslu og samskiptum
verður haldið 1. og 2. október frá kl. 9:00
til 12:30 báða dagana

Símsvörun hefur mikið að segja fyrir þjónustugæði
stofnana og fyrirtækja.

Þátttakendur öðlast leikni á sviði samskipta og upp-
lýsingamiðlunar og kunnáttu á nauðsynlegum vinnu-
ferlum til góðrar símsvörunar.

Skráning á Impru www.impra.is/namskeid og í
síma 522 9000.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Kisan vekur athygli í New York

Tískuritið Women's Wear Daily fjallaði um nýja verslun Kisunnar í SoHo í New York í síðustu viku. Ritið er eitt það allra virtasta í tiskubransanum og lesið af flest-öllum sem í honum starfa. Í greininni er rætt við Þórunni Anspach og Olivier Bremond, eigendur Kisunnar bæði hér heima og í New York, og lýsir blaðamaður WWD Kisunni sem blöndu af „fág-æðri Parísartísku og grófum skrautmunum og prjónavörum frá fæðingarlandi Anspach, Íslandi.“

Hjónin segja meðal annars að verslunin á Íslandi gangi vel þrátt fyrir kreppu hér á landi. „Reykjavík er mjög lítil. Þar er færri fólk

en í SoHo. Á Íslandi eru miklir fjámálaörðugleikar. Fasteigna- markaðurinn er á niðurléið og margar búðir eru að loka. Samt er Kisan alltaf troðfull,“ segir Olivier, sem býst við góðu gengi í New York líka.

Hjónin segjast hefja reksturinn í New York með vörum að virði yfir 1 milljón Bandaríkjadala á lager og búast við góðu gengi. „Lúxus ætti að vera öllum aðgengi- legur,“ segir Bremond í greininni, en þar kemur fram að verð var-anna í Kisunni sé á bilinu 5-5.000 dollarar, fyrir allt frá geisladisk- um og bókum til merkjavara og húsgagna. „Þetta er mjög per- sönulegt,“ segir Þórunn. „Hug-

myndin var að safna öllu því sem við elskum saman.“

Kisan er til húsa á 125 Greene Street í SoHo, en húsakynni henn- ar voru hönnuð af stofunni Work Architects, sem hönnuðu einnig verslun Diane Von Furstenberg í New York. Þar er að finna ýmsar íslenskar vörur, svo sem frá Stein- unni Sigurðardóttur, Farmer's Market, Aurum og 66° Norður, sem blaðamaður WWD kallar „svar Íslands við The North Face“.

BJARTSÝN Þórunn Anspach og Olivier Bremond, hér með rekstrarstjóranum Lionel Guy-Bremont, segjast bjartsýn á gott gengi í New York í greinni í Women's Wear Daily.



BJÖRK JAKOBSDÓTTIR: MAFÍÓSAR Í BELGÍU SKULDA MÉR MILLJÓNIR

Björk lærir rússnesku

„Sellófon er örugglega það íslenskt leikrit sem hefur verið sett upp hvar víðast í Evrópu,“ segir Björk Jakobsdóttir sem nú leggur land undir fót til að setja á svið verk sitt Sellófon – að þessu sinni í Rúss-landi.

Um fimm ár eru síðan Sellófon var sett upp á Íslandi við miklar vinsældir og nú stendur til að setja það upp í tveimur leikhúsum í Rúss-landi í vetur: Teatr Kamerny í Jar-ovslavl og Teatr New interstudio í St Pétursborg. Fyrri frumsýning er 21. nóvember og sú seinni í febrúar. Rússland er þrettánda landið í Evrópu til að sýna Sellófon og mun Björk sjálf leikstýra, er búin að kaupa sér hljóðbók og lærir rúss-nesku þegar færi gefst svo hún geti talað við þá leikkonu sem mun flytja einleikinn sem fjallar um stöðu konunnar í nútímasamfélagi – það álag sem því fylgir að sinna bónda, börnum, heimili, útlitsdýrk- un og vinnu, kynlífi og starfsframa. „Ég reyni að fá leikkonur sem eru mæður. Og vil að textinn komi út úr þeim eins og þær séu að tala við vinkonur sínar – að þær noti sinn orðaforða,“ segir Björk. Staðfæra þarf verkið til að það vísi beint í rússneskan veruleika. Staða kon-unnar þar er ekki sú sama og hér.

Ýmislegt hefur gengið á í þau fimm ár sem markaðssetning og uppfærsla á Sellófon í Evrópu hefur staðið yfir en fimm ára planið eru svo Bretland og Ameríka. „Já, og Oprah Winfrey. Þetta hefur verið lærdómsríkt. Nú hefur til dæmis verkið verið sýnt í þrjú ár í Belgíu. Hjá Backstage Gent sem eru alger-ir mafíósar. Það hvarflar ekki að þeim að borga höfundargreiðslur eins og þeim ber lögum samkvæmt. Ég hef verið að reyna að sækja minn rétt. Þeir skulda mér ein- hverjar milljónir miðað við áætlun. En það er erfitt fyrir mig að sækja þetta og baklandið er lítið sem ekk-ert. Það kostar offjár að sækja þetta í gegnum belgíska dómstóla.



BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
Lærir rússnesku enda
á leið til Rússland til
að leikstýra tveimur
uppfærslum á verki sínu
Sellófon.

Ég hafði samband við leikskálda- félagið hér og einu svörin þaðan eru þau að þetta sé bara mitt mál. Það endar með því að ég láti þetta frá mér, ég nenni ekki að eyða orku minni í þetta,“ segir Björk ósátt við getuleysi fagfélagsins.

Sellófon eldist betur en Björk þorði að vona en sjálf hefur hún sett verkið upp víða um lönd. „Það er gaman að fylgja eftir eigin verki. En fjarvera frá fjölskyldu getur

reynst erfið. Glamorinn er fljótur að fara af þessu og þetta getur verið einmanalegt. Við hjónin [Gunnar Helgason leikari og leik- stjóri] höfum bæði verið að leik- stýra í útlöndum og þetta tekur á. En ég ákvað að þetta væri sem hver önnur markaðsvara, ég hitti á góða vöru með Sellófon og er ákveðin að fylgja því eins vel eftir og hægt er.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pétur Hafstein, fyrrum forseta-
frambjóðandi, vakti mikla athygli
þegar hann sagði sig
frá stöðu hæsta-
réttardómara en
þess munu fá
dæmi. Pétur virð-
ist ætla að helga
tónlistinni líf
sitt en bygg-
ingarnefnd
Rangárþings
ytra tók vel
í erindi hans og **Ingu Ástu Haf-
stein** sem vilja breyta notagildi
heyhlöðu við Stokkalæk í hús til
tónlistariðkunar.

Forlagsmenn eru afskaplega
ánægðir með sína krimmahöf-
unda. Þannig var
bók **Árna
Þórarins-
sonar**, Tími
nornarinnar,
að koma út hjá
virtu þýsku
forlagi og
hefur fengið
lofsamlegar
viðtökur.
Bækur
Arnaldar
Indriðasonar fara jafnvel enn
lengra og var Mýrin að koma út í
Kína og Grafarþögn er væntanleg
á markað þar innan skamms.

Geir Ólafsson
söngvari hefur sést
í World Class í
Laugum undanf-
arið við stífar æfing-
ar. Einkapjálfari
fylgir honum
hvert sem hann
fer og að sjálf-
sögu er Geir
með aðstöðu í
lúxusklefunum
með öðrum
fyrirmennum.
- jbg, hdm

Elsta leyndarmál þjóðarinnar

Hnífur Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð var ein af metsölubókum síðustu jólavertíðar og seldist í sex þúsund eintökum. Nú fylgir Óttar bókinni eftir með nýrri skáldsögu, Sólkrossi. „Þessi bók gerist á Íslandi og kærasta Adams Swift, Embla Þöll, er aðalsöguhetjan þótt Adam komi líka við sögu,“ segir Óttar. „Þetta er miklu metnaðarfullri bók. Síðast var ég að gera tilraun með að skrifa svona flugvallar- metsölubók, en þessi er rólegri og skandinavískari.“

Sólkross er byggð á róttækum kenningum Einars Pálssonar um fyrstu landnámsmennina. Lesandinn er leiddur í eltingarleik um norræna goðafræði og horfna kirkjugarða, og elsta leyndarmál þjóðarinnar er jafnvel upplýst í bókinni. „Það þekkjá fáir kenningar Einars en þeir sem kynna sér þær fá þær alveg á heilann,“ segir Óttar, sem sökkti sér í fræðin. „Einar var þaggaður niður á sínum tíma af ríkjandi fræðimönnum, en er smátt og smátt að fá uppreisn æru. Það er hálfgerður neðanjarðarheimur í kringum kenningar hans. Þegar ég var að skrifa bókina fékk ég skuggalegt símtal og var spurður hvort ég væri að skrifa um Einar Pálsson.“

Óttar segist vera að brúa þennan neðanjarðarheim og koma honum til almennings í poppaðri og



RÓLEGRI OG SKANDINAVÍSKARI Segir Óttar M. Norðfjörð um væntanlegan reyfara sinn, Sólkross.

söluvænlegri bók. En hvað með þriðja og síðasta bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar? „Úff, Hannes er algjör spennitreyja,“ stynur Óttar. „Þetta er brandari sem fór of langt en ég verð auðvitað að klára hann.“

- drg



Allt að fyllast á Flóna og Fólkið

Gríðarleg sala. Enn fleiri aukasýningum bætt við

FLÓ Á SKINNI

Fim 25.09.	Kl. 20:00	UPPSELT
Fös 26.09.	Kl. 19:00	UPPSELT
Fös 26.09.	Kl. 22:00	UPPSELT
Lau 27.09.	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 27.09.	Kl. 22:00	UPPSELT
Fim 02.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Fös 03.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Fös 03.10.	Kl. 22:00	UPPSELT
Lau 04.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 04.10.	Kl. 22:00	UPPSELT
Mið 15.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Sun 19.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Þri 21.10.	Kl. 20:00	NÝ AUKASÝNING!
Mið 22.10.	Kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI
Fim 23.10.	Kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI
Fös 24.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Fös 24.10.	Kl. 22:00	NÝ AUKASÝNING!
Lau 01.11.	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 01.11.	Kl. 22:00	NÝ AUKASÝNING!
Sun 02.11.	Kl. 16:00	ÖRFÁ SÆTI
Mið 05.11.	Kl. 20:00	NÝ AUKASÝNING!
Fim 06.11.	Kl. 20:00	NÝ AUKASÝNING!
Fös 14.11.	Kl. 19:00	NÝ AUKASÝNING!

FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

Þri 07.10.	Kl. 20:00	UPPSELT Forsýn.
Mið 08.10.	Kl. 20:00	UPPSELT Forsýn.
Fim 09.10.	Kl. 20:00	UPPSELT Frumsýn.
Fös 10.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Lau 11.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 11.10.	Kl. 22:00	ÖRFÁ SÆTI
Sun 12.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Þri 14.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Fim 16.10.	Kl. 20:00	UPPSELT
Fös 17.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Fös 17.10.	Kl. 22:00	NÝ AUKASÝNING!
Lau 18.10.	Kl. 19:00	UPPSELT
Lau 18.10.	Kl. 22:00	NÝ AUKASÝNING!
Lau 25.10.	Kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI
Lau 25.10.	Kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI
Mið 29.10.	Kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI
Fös 31.10.	Kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI
Lau 08.11.	Kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI
Sun 09.11.	Kl. 16:00	NÝ AUKASÝNING!
Lau 15.11.	Kl. 19:00	
Lau 15.11.	Kl. 22:00	NÝ AUKASÝNING!
Mið 19.11.	Kl. 20:00	
Fim 20.11.	Kl. 20:00	

Áskriftarsalan er enn í fullum gangi

Vertu með í vetur. Glæsilegt leikár er nýhafð og það er ekki of seint að skella sér á áskrift.
Hringdu í síma 568 8000 eða líttu á borgarleikhus.is og tryggðu þér áskrift.
4 leiksýningar á einungis 8900 kr. Ungt fólk og námsmenn greiðir aðeins 4550 kr.

Flóin er sett upp í samstarfi við:



Fólkið í blokkinni er sett upp í samstarfi við:



Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingaeyðsla:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á **kr. 5.000** nóttin
Svefnpokafláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Þráins
Bertelssonar

Geheime Staatspolizei á Íslandi


Manni rennur alltaf kalt vatn milli skinns og hörunds þegar maður heyrir að Alþingi sé að taka til meðferðar frumvörp sem séu „svo leynileg að raunverulegt innihald þeirra megi alls ekki spyrjast út til þjóðarinnar“ – í hverrar umboði Alþingi starfar. BB dómsmálaráðherra hefur verið allra manna duglegastur við að leggja fram dularfull drög að dularfullum frumvörpum um dularfullar stofnanir með dularfullan tilgang. Að þessu sinni munu drögin dularfullu vera að frumvarpi um öryggis- og greiningarþjónustu og hafa verið kynnt fyrir fulltrúum þingflokka og því lýst hvernig skipa megi „þessum málum“ hér á landi. Þá hafa nefnd á vegum utanríkisráðherra „um hættumat“ einnig verið kynnt þessi frumvarpsdrög.

FRAM kom í fyrirlestri sem Björn flutti að meðal þeirra álitafna sem þyrfti að taka tillit til áður en „slík“ lög yrðu sett, væru hvar ætti að skipa slíkri öryggis- og greiningarþjónustu innan stjórnkerfisins og „hvaða Kínamúrar“ þyrftu að vera á milli löggæslu og öryggisþjónustu.

Í FYRIRLESTRINUM kom fram að þessi stofnun myndi hafa „forvirkar rannsóknarheimildir“, þ.e. hún gæti hafið rannsókn áður en brot yrðu framin með það að markmiði að koma í veg fyrir afbrot. Þetta væru viðtækari heimildir en lögreglan hefur nú, því að lögreglurannsóknir beinast að brotum sem þegar hafa verið framin. (Sem er nú ekki alveg hreinasatt. Innskot mitt. ÞB)

ÞETTA myndi gera íslenskum yfirvöldum kleift að eiga samskipti við erlend yfirvöld og stofnanir sem sinna sambærilegum rannsóknum í öðrum ríkjum. Þetta myndi beinast gegn skipulagðri glæpastarfsemi eða hugsanlegum hryðjuverkamönnum, sem hefðu annað hvort það að markmiði að fremja hryðjuverk hér á landi eða skipuleggja hryðjuverk í öðrum löndum.

Í ÞRIÐJA RÍKINU starfaði með miklum afköstum leyniþjónusta á borð við þessa og hét Geheime Staatspolizei sem þýðir Leyniríkislögregla, stýtt í Leyrík-Lögregl eða í munni fólks í Lýrík-Lögrugl. Þessi stofnun náði aldrei verulegum vinsældum og var lögð niður að loknu stríði og flestir hengdir sem ákafast höfðu unnið við að koma henni á laggirnar.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
29. september, 273. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.32	13.18	19.02
Akureyri	7.18	13.03	18.46

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER

SYMMETRICAL *AWD*



SUBARU

NÝR SPORTJEPPI Á FRÁBÆERU VERÐI

Nú er tækifærið að eignast Subaru Forester á einstaklega góðu verði. Forester hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtskulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir hann einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Sjálfskiptur:
3.590.000

Sjálfvirk hleðslujöfnun

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjórðum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bíllinn öruggari í akstri.



ÖRUGG Í SUBARU

Við trúum því að fyrir fjölnotabil eins og FORESTER sé sitengt aldrið öruggasti kosturinn. Með VDC öryggiskerfinu dreifir hann aflinu jafnt og örugglega til hjóla sem veita hámarksgrip og öryggi við stjórnun.

- Subaru Forester er auk þess búinn 6 SRS loftpúðum og með ISO-FIX festingar fyrir barnabílastóla.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON